




ABRIL

OLIVIA

1924

**VALIN  
EFNI**

**VÖNDUÐ SMÍÐ**




**VÖLUNDAR  
TIMBUR**



**VÖLUNDAR  
HURÐIR**



**BÍLSKÚRS  
HURÐIR**



**VÖLUNDAR  
GLUGGAR**

**TIMBURVERZLUNIN VÖLUNDUR HF**


# ÁRSRIT

## SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

### 1977 og 1978

#### EFNI:

<i>Jónas Jónsson: Sigurður Blöndal skógræktarstjóri</i>	
boðinn velkominn til starfa .....	3
<i>Jónas Jónsson: Hákon Bjarnason lætur af störfum</i> .....	4
<i>Ragnar Stefánsson: Kolagerð í Skaftafelli</i> .....	7
<i>Glúmur Hólmgeirsson: Einn þáttur í eyðingu skóga</i> .....	11
<i>Sigurður Gunnarsson: Skólafólk og skógrækt</i> .....	12
<i>Hákon Bjarnason: Stafafura</i> .....	16
<i>Þorbergur Ólafsson: Skóglendi í Austur-Barðastrandarsýslu</i> .....	19
<i>Hákon Bjarnason: Jarðvegur og garðrækt</i> .....	21
Skógareldar .....	22
<i>Snorri Sigurðsson: Kynnisferð norrænna skógræktar-</i> <i>manna til Íslands</i> .....	23
<i>H. V.: Dr. Bjarni Helgason segir frá</i> .....	25
Skógarmál .....	28
<i>Hákon Bjarnason: Rótarkerfi og uppeldi trjáplantna</i> .....	29
Móðuharðindin .....	31
<i>Hákon Bjarnason: Minningarorð</i> Walter Mann, Ludvig G. Braathen, Klemens Kr. Kristjánsson, Guðmundur Pálsson .....	32
<i>Hákon Bjarnason: Störf Skógræktar ríkisins 1975 og 1976</i> .....	37
<i>Haukur Ragnarsson: Ársskýrslur rannsóknarstöðvarinnar</i> á Mógilsá 1974-1976 .....	52
Stór tré á Akureyri .....	56
Myndasaga .....	57
<i>Snorri Sigurðsson: Störf Skógræktarféлага</i> .....	58
Ríkisstyrkur til skógræktarfél. 1975-1976 .....	63
Fjölgið félögum .....	63
Aðalfundur Skógræktarfél. Íslands 1975-1976 .....	64
Stjórnir skógræktarféлага 1975-1976 .....	67
Orðsending .....	68
Reksturs- og efnahagsreikningar Skógræktarfélags Ís-	
lands 1975-1976 .....	74
Landgræðslusjóðs 1975-1976 .....	76
Kápumynd: Stafafurukönglar, Ljós. Gunnar V. Andrésson.	



ÚTGEFANDI:  
SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS  
RÁNARGÖTU 18 - REYKJAVÍK  
SÍMI 18150

RITSTJÓRI:  
HÁKON BJARNASON

*Gefið út í 4000 eintökum*

Prentsmiðjan ODDI hf  
Reykjavík 1978

# Formálsorð

Því miður kom Ársritið ekki út árið 1977. Til þess lágu ýmsar ástæður, t. d. bárust skýrslur seint, efni var af skornum skammti, ritgerðir, sem lofað hafði verið, komu ekki og fleira kom til. Skógræktarfélagar eru beðnir velvirðingar á þessu.

Ritnefnd Ársritsins skipa nú Snorri Sigurðsson, Bjarni Helgason, Hulda Valtýsdóttir, Sigurður Blöndal og Hákon Bjarnason. Síðla á síðasta ári var Hákon Bjarnason beðinn um að taka að sér ritstjórn þessa tveggja árganga, sem nú koma í einu hefti.

Um þetta rit er helst að segja, að það er ofhlaðið af skýrslum tveggja ára og eru ritgerðir því með færra móti. En ritgerð Ragnars Stefánssonar um kolagerð er býsna fróðleg og fýsileg til aflestrar. Þá er og grein Sigurðar Gunnarssonar mjög athyglisverð og gæti verið undanfari þegnskylduvinnu eða sumarskóla fyrir æskulýð landsins. Þorbergur Ólafsson lýsir meðferð skóga við Þorskafjörð á fyrri tímum og bendir á hve auðvelt sé að friða mikið skóglendi á Hallsteinsnesi og víðar. Aðrar greinir ritsins eru stuttar og ýmist til fróðleiks eða leiðbeininga.

Ritið kemur út í sama formi og með sama sniði og áður. Ritnefndin hefur verið að velta fyrir sér ýmsu fyrirkomulagi varðandi útgáfu þess, en engin breyting hefur enn verið ákveðin. Hafi skógræktarfélagar áhuga og ábendingar um annað fyrirkomulag eða efni eru tillögur þeirra vel þegnar af ritnefndinni.

Þeir, sem kynnu að vilja senda ritinu greinir, verða að gera það fyrir októberlok. Að öðrum kosti geta þær ekki komið í næsta riti, þar eð ætlunin er að koma því í prentsmiðju í næsta árs byrjun. Í því sambandi skulu stjórnir skógræktarféлага minntar á að senda starfsskýrslur fyrir áramótin. Að öðrum kosti verður ekki unnt að geta þeirra.

H.B.



## Hákon Bjarnason lætur af störfum



Sögu skógræktar á Íslandi er eðlilegt að skipta í tvö tímabil. Hið fyrra nær frá upphafi aldarinnar og fram yfir 1930. Hið síðara er tímabil Hákonar Bjarnasonar og samstarfsmanna hans. Upphaf skógræktar hér er til þess rakið, að fyrir forgöngu dansks skipstjóra, Carls Ryders,

voru fyrstu erlendu barrtrén gróðursett árið 1899. Árið 1907 voru fyrst sett lög um skógrækt, og árið 1908 var A. F. Kofoed-Hansen skipaður skógræktarstjóri, og gegndi hann því starfi til 1935, er Hákon Bjarnason tók við starfinu.

Af þessu stutta yfirliti sést, að saga skógræktar á Íslandi er ekki löng. Hún er sem örskotsbil mælt í tímaeiningum skóganna, og hún nær enn ekki yfir meira en starfsævi tveggja manna. En allir þeir, sem áhuga hafa á skógrækt, allir unnendur gróðurs og óspilltrar náttúru þessa lands, hljóta að minnast þess, að nú eru tímamót í þessari sögu, þegar Hákon Bjarnason lætur af störfum, sem skógræktarstjóri.

Hákon Bjarnason er fæddur í Reykjavík 13. júlí 1907 eða nokkrum mánuðum áður en skógræktarlögin voru samþykkt. Foreldrar Hákonar voru dr. Ágúst H. Bjarnason, prófessor, og kona hans Sigríður Jónsdóttir, dóttir Jóns Ólafssonar, skálds og ritstjóra. Kona Jóns og móðuramma Hákonar var Helga Eiríksdóttir frá Karlskála. Föðurafi Hákonar var Hákon Bjarnason, kaupmaður á Bíldudal, en föðuramma Jóhanna Þorleifsdóttir, prófasts í Hvammi í Dölum.

Foreldrar Hákonar voru bæði þekkt fyrir gáfur, góða menntun og skólástörf. Hákon ber þess mikil merki að hafa alist upp á heimili, þar sem fjölþætt þekking og menningararfur, innlendur sem alþjóð-

legur, var í heiðri hafður, svo fjölfróður er hann jafnt í sögu mannlífs, jarðar og náttúru.

Hákon lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1926, að því loknu fór hann til skógræktarnáms við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn og lauk þaðan kandidatsprófi 1932.

Hákon varð fyrstur Íslendinga til að leggja stund á háskólanám í skógrækt og ljúka slíku prófi. Fáum mun þá hafa dottið í hug, að skógsnaudu landi okkar yrðu mikil not af slíkum fræðum. Nú viðurkenna allir, að önnur varð reyndin.

Áhuga sinn á skógrækt og gróðri kveðst Hákon m. a. hafa fyrir kynni af Einari Helgasyni, garðyrkjustjóra í gömlu Gróðrarstöðinni við Laufásveginn, skammt frá bernskuheimili Hákonar.

Þegar Hákon Bjarnason kom frá námi, höfðu skógræktarmálin verið í nokkurri lægð undanfarin ár.

Kofoed-Hansen lýsti því yfir, að fenginni sinni fyrstu reynslu, 1913, að fjármunum, sem notaðir yrðu til skógræktar, væri betur varið til annars en að reyna ræktun erlendra barrtrjáa hér á landi. Þeim tilraunum var því hætt, en áhersla lögð á friðun birkiskóganna. En þegar frá leið, kom í ljós, að árangur af fyrstu gróðursetningum varð meiri en menn héldu fyrstu árin, og ný áhugaalda fór að bæra á sér. Skógræktarfélag Íslands er stofnað á Þingvöllum 1930 og nokkur önnur áhugamannafélög eru þá stofnuð til að vinna að skógrækt, og nokkur ungmennafélög, kvenfélög og búnaðarfélag tóku skógræktarmálið upp.

Eitt af því, sem aldrei er hægt að fullyrða eða sanna, er það, hver rás atburða hefði orðið, ef

ákveðin, tiltekin atvik hefðu ekki komið til. Enginn veit, hver þróun skógræktarmála, vöxtur skógræktarfélagsskapparins, og viðgangur skógræktarhugsjónanna hefði orðið næstu áratugina eftir 1930, ef Hákon Bjarnason hefði ekki komið til starfa, en varla er ofmælt, þó fullyrt sé, að fáum hefði reynst fært að koma slíkum krafti og lífi í þessi mál sem honum.

Hákon Bjarnason var ekki fyrr kominn frá námi en hann var fenginn til starfa fyrir hið unga og vanmáttuga Skógræktarfélag Íslands.

Það var á fundi stjórnar Skógræktarfélags Íslands 10. júní 1932, að eftirfarandi var bókað: „Formaður skýrði frá því, að Hákon Bjarnason hefði nú lokið kandidatsprófi í skógræði við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn, og að það þyrfti að taka til athugunar, hvort félagið, að einhverju eða öllu leyti, sæi sér fært að taka Hákon í sína þjónustu.“

Hákon var á þessum fundi, og þar var frá því gengið, að hann tæki að sér störf fyrir félagið, og var fyrsta verkefni hans að koma upp girðingu í kringum land félagsins í Fossvogi í Reykjavík og undirbúa gróðrarstöðina þar.

Síðan hefur Hákon Bjarnason alla tíð unnið Skógræktarfélagi Íslands svo sem hann hefur framast getað. Hann var lengi framkvæmdastjóri þess og ritstjóri eða umsjónarmaður Ársrits Skógræktarfélags Íslands var hann um fjölda ára.

Á meðan Hákon var að hluta til starfsmaður Skógræktarfélags Íslands og síðar framkvæmdastjóri þess, sat hann að sjálfsögðu alla stjórnar- og aðalfundi þess. Síðan skapaðist sú fasta venja, að hann sat alla stjórnarfundum og aðra fundum á vegum félagsins.

Nú, þegar full fjörutíu og fimm ár eru liðin, síðan Hákon Bjarnason kom til starfa fyrir Skógræktarfélag Íslands, er mér ekki kunnugt um neina fundi á þess vegum, sem hann hefur ekki setið, nema þá einhver sérstök forföll hafi hamlað. Hann hefur flutt erindi um skógræktarstörf, bæði störf Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna á öllum aðalfundum Skógræktarfélags Íslands. Á sama hátt hefur hann birt skýrslu um störf sín og um skógræktarstörfin almennt í öllum Ársritum Skógræktarfélags Íslands, sem út hafa komið.

Nú gætu einhverjir undrast það, að embættismaðurinn, forstöðumaður ríkisstofnunarinnar Skógræktar ríkisins skuli hafa látið sig svo mjög skipta starf áhugamannafélaga, oft vanmegnugra, í stað þess að hugsa um stofnun sína, og embætti. En skýringin á þessu er augljós og fullkomlega rökrétt. Hákon vann alla tíð fyrir málefnið í heild og hugsaði fyrst og fremst um það að fá sem mestan skilning og áhuga á því meðal þjóðarinnar allrar. Þannig vissi hann, að hægt var að leysa mikil og sterk öfl úr læðingi. Með því var best tryggt, að réttur skilningur skapaðist meðal stjórnvalda á hverjum tíma, svo að ríkið sjálft legði málinu eðlilegt lið.

Hákon Bjarnason er heldur ekki maður einhamur til vinnu. Hann gengur sjálfur til allra verka, sem vinna þarf. En það er einnig í eðli hans rík þörf til að kveikja áhuga annarra, fá þá með til starfa og hvetja þá til dáða.

Strax og Hákon varð skógræktarstjóri, tók hann að ferðast mikið um landið og hefur gert það alla tíð. Í fyrstu hlaut hann að ferðast mikið á hestum, en sá ferðamáti gefur margt, sem tapast þeim, sem þjóta um landið á bílum.

Af ferðum sínum hefur Hákon öðlast mjög víðtæka þekkingu á landinu, ekki aðeins landslagi í hverri sveit heldur og á jarðfræði og jarðsögu, gróðurfari og gróðursögu, og einnig á fólkinu, sem þar bjó og býr. Alla þessa þekkingu tengir hann saman með traustum sögufróðleik, og hefur hún komið honum að ómetanlegu gagni í starfinu.

Þegar saga náttúruverndar- og gróðurverndarmála á Íslandi verður skráð, verður Hákonar Bjarnasonar örugglega minnst sem eins þess fyrsta, sem opnaði augu manna fyrir þessum málum.

Hér verða störf Hákonar Bjarnasonar sem skógræktarstjóra í 42 ár ekki rakin. Hákon hefur alla tíð haft ágætum samstarfsmönnum á að skipa, og hafa margir skógarverðirnir unnið jöfnum höndum að málefnum skógræktarfélaganna og skógræktarinnar.

Hér skulu aðeins nefndir fáir þættir þessa mikla starfs. Hákon benti þegar í öndverðu á það, að íslenska flóran gefur ekki rétta mynd af gróður- og

vaxtarskilyrðum landsins og að fábreytni hennar stafar fremur af einangrun landsins eftir ísöldina en því, að hér voru ekki skilyrði fyrir fjölbreyttari gróður. Hann leit því svo á, að hér væru öll skilyrði til þess að rækta barrskóga til fjölbreytilegra nytja.

Það var því eitt af hans fyrstu verkum að leita að þeim stöðum í skógarlöndunum, sem hefðu á allan hátt sem líkust skilyrði og hér eru, og afla þaðan fræs af sem flestum tegundum og afbrigðum trjáa, runna og jafnvel annarra villtra plantna. Með því að reyna þennan feng sem víðast um landið hafa fengist margháttadar upplýsingar og dýrmæt reynsla, sem er í raun hinn fræðilegi grundvöllur að skógrækt á Íslandi. Fyrir þetta starf þekkjum við einnig betur hin mjög svo breytilegu gróðurskilyrði á landinu.

Auk þess, sem Hákon hefur unnið af atorku og óþrjótandi elju að kynna skógrækt sem beint hagsmunamál þjóðarinnar, hefur hann ekki gleymt því, að öll skógrækt og trjárækt, hve smá sem hún er í sniðum hefur margþætt gildi. Hann hefur hvatt til allrar viðleitni á þessu sviði. Trjárækt við hús og bæi, jafnvel í þeim landshlutum, þar sem skilyrði eru erfiðust, hefur notið stuðnings hans og uppörvunar. Friðun birkikjarrs, þó að lágvaxið sé og ekki líklegt til vaxtar, hefur einnig sitt gildi til fegrunar umhverfisins og til verndar öðrum gróðri.

Að sumra dómi hefur þarna verið gengið of langt, og þeir, sem af einhverjum ástæðum hafa snúið gegn skógrækt, hafa einmitt notað misheppnaðar tilraunir sem tyllisök, og þóst af þeim geta dæmt alla skógrækt hér vonlausu. Af öllu þessu hefur þó eitthvað lærst, og það má fullyrða, að víða hefur árangurinn komið fagmönnum skógræktarinnar á óvart.

Hákon veit fullvel, að skógurinn þarf sinn tíma til að vaxa, að með tímanum breytir hann jarðveginum og bætir hann - síðan einnig veðurfari, ekki aðeins inni í sjálfum skógarteigunum, heldur og út frá þeim. Hann veit, að sums staðar kemur þetta ekki með fyrstu kynslóð trjáanna, því önnur og vaxtarmeiri tré geta vaxið í skjóli frumherjanna, sem þurftu langan tíma til að komast á legg. Þessari vitneskju hefur hann einnig beitt í sambandi við það að afla hugsjónum sínum fylgis og tryggja af

þeirra hluta, sem hann vildi gera, það er að afla fjár til skógræktarmála.

Stofnun Landgræðslusjóðs í tengslum við lýðveldiskosningarnar 1944 var að verulegu leyti verk Hákonar Bjarnasonar, þó að fyrsta hugmyndin kæmi frá öðrum, og hann hefði í sveit með sér við framkvæmdina marga vaska menn.

Hákon hefur alla tíð, síðan sjóðurinn var formlega stofnaður með skipulagsskrá, sem staðfest var 1945, verið formaður sjóðsstjórnar og sjóðurinn verið hans óskabarn. Með dugnaði og lagni hefur hann útvegað sjóðnum arðbærar eignir og tryggt honum fasta tekjustofna. Þar, sem víða annars staðar, hefur hugkvæmni hans og áráði komið glögg fram. Hákon hefur gert allvíðreist um heiminn, en alla tíð í erindum skógræktar, til að leita fræs og plantna eða til að ná og viðhalda samböndum við starfsfélaga í öðrum löndum. Af þessu hefur íslensk skógrækt haft margháttað gagn, og fengið bæði fjárhagslegan og faglegan stuðning. Hákon er nú þekktur meðal allra helstu forystumanna í skógræktarmálum á Norðurlöndum og virtur vel fyrir brautryðjendastörf sín hér.

Ekki er að efa það, að margir munu í tilefni af þessum tímamótum nú verða til þess að rifja upp fjölþætt störf Hákonar Bjarnasonar og þakka ómetanlegt framlag til þess að vernda, fegra og bæta land okkar. Skógræktarfélag Íslands og aðildarfélög þess, héraðsskógræktarfélögin um land allt, eiga honum hvað mest að þakka. Á síðasta aðalfundi Skógræktarfélags Íslands var Hákon kvaddur sem skógræktarstjóri, en ekki sem skógræktarfélagi og öflugur liðsmaður í hópi áhugamanna um skógrækt. Fundurinn kaus þau hjónin, Guðrúnu og Hákon, heiðursfélaga í Skógræktarfélagi Íslands. Guðrún er í hugum allra skógræktarmanna virt og vinsæl, ekki síður en Hákon, þar hallast ekkert á og þarf hvorugt að njóta til þess verðleika hins.

Í nafni Skógræktarfélags Íslands árna ég Hákon Bjarnasyni og fjölskyldu hans allra heilla, og óska þess, að það og skógræktarmenn allir megi enn lengi njóta krafta hans, eldmóðs og ódrepani áhuga.



## Kolagerð í Skaftafelli



Engar heimildir eða sögusagnir munu fyrir finnast, að ég ætla, sem gefið geta til kynna hversu mikið magn viðarkola hefur árlega verið sótt í skóglendi Skaftafells fyrr á öldum. Líkur benda til, að eftir að skóglendi annarra jarða um miðbik Skaftafellssýslu var til þurrðar gengið, hafi

menn mjög seilst til kolagerðar í Skaftafelli, en kola var þá vart hægt að afla á annan hátt en fá þau frá þeim jörðum sem enn höfðu yfir skóglendi að ráða. Kol voru þá slíkar lífsnauðsynjar, að segja mátti að við blasti algert bjargarleysi ef þau voru ekki með einhverju móti fáanleg. Smiðjur voru á flestum heimilum hér um slóðir og hver bóndi reyndi að smíða fyrir sitt heimili sem flest af því sem með þurfti til daglegrar notkunar. Hestajárn þurfti hver bóndi að hafa svo hesturinn, samgöngutæki og bjargvætturinn til allra aðdráttu fyrr á árum, væri í nothæfu standi. Flest bitverkfæri búskap tilheyrandi varð að smíða heima og ljáina varð einnig að smíða, slá þá til í fyrstu og stálsjóða og síðan að taka þá fram í eldi (dengja) og herða að nýju, er þeir fóru að sljóvgast í daglegri notkun.

Samkvæmt jarðabók Ísleifs Einarssonar á Felli í Suðursveit frá 1709 virðast flestar eða allar jarðir, sem þá voru byggðar í Örafum, hafa átt ítök í skóglendi Skaftafells til eldiviðar og kolagerðar. Einnig telur hann að allir skattbændur í Suðursveit milli Kolgrímu og Fells eigi skógarítak í Jökulfelli og er þar vafalítið um rétt til kolagerðar að ræða. Ég ætla að bændur vestan Skeiðarársands hafi oft aflað sér kola frá Skaftafelli ýmist með því að brenna hér kol og svo einnig átt viðskipti við Skaftafellsbónda með útvegum kola.

Kolanotkun Skaftafellsbónda hefur örugglega verið mikil á mælikvarða bændu þeirrar tíðar. Hér var langt til allra aðdráttu og hvort sem leiðin lá vestur yfir Skeiðarársand, eða í austurátt til byggðarinnar í Örafum, var leiðin grýtt, að mestu sandar og óþjálir vatnaaurar, sem slitu skeifum hestanna fljótt svo ætla varð hverjum hesti þrjá til fjóra ganga yfir árið. Efni í skeifurnar var oft torfengið, langt til verslunarstaða, lengst af á Djúpvog en síðar á Papós og Höfn í Hornafirði. Þar sem geta til flutnings alla þessa löngu leið var oft takmörkuð og kaupgeta af skornum skammti mun hafa verið seilst til að fá járn í skeifur eftir öðrum leiðum. Menn sóttu fast að bjarga úr strönduðum skipum öllu járn sem til náðist og vinna það í skeifur og aðra búshluti, sem heimilið þarfnáðist.

Benda má á, að með þetta í huga, munu hinir gömlu Skaftafellingar hafa flutt heim tvö akkeri af hinu hollenska indíafari, Het Wapen van Amsterdam, sem strandaði á Skaftafellsfjöru 1667. Líklegt er að Skaftafellsbóndi hafi þá aflað sér allmikils forða af járn og kopar úr því strandi, úr því að lagt var í þá fyrirhöfn að flytja stór akkeri heim um langa vegi.

Ekki munu þeir hafa vílað fyrir sér að vinna efni í skeifur og annað úr sverum járnstykkijum svo sem akkerislegg. Jón Einarsson afi minn sagði að hér í Skaftafelli hefðu verið til heimasmiðaðar sagir, þær hefðu verið tvískeftar og tveir sagað líkt og enn tíðkast þegar rist eru niður stór rekatré. Hann sagði að með þessum sögum hefði járn verið hlutað niður í búta sem síðan voru hitaðir og slegnir til með þungri sleggju. Til er á þessu heimili gamalt skipsakker, leggur þess er um 9 ½ sm að þvermáli og af honum hefur sýnilega verið sagaður neðsti hlutinn og úr honum var smíðuð sleggja sem síðast var, það ég vissi til, á Reynivöllum í Suðursveit. Sést greinilega að þetta hefur verið sagað og staðfestir það sögu afa míns.

Ekki urðu það örlög akkeranna af indíafarinu að

gangast upp til agna undir hófum skaftfellskra hesta heldur kaffærdust þau í Skeiðarárhlaupi 1861. Ekki þarf að efa að efni tilkomið á þennan hátt hefur oft þurft að vinna mikið til í smíðju og smíði úr því verið kolafrek. Af framan skráðu má ráða að mikilla kola hafi þurft að afla úr Skaftafellsskógi bæði handa ábúanda, bændum í Öræfasveit og víðar. Þetta mun hafa gengið all nærri skóglendinu.

Af sögn tveggja manna sem ég man, Jóns Einarssonar afa míns og Odds Sigurðssonar á Hofi, sem var hér mjög kunnugur, var Bæjarstaðarskógur að heita mátti gjörhöggvinn vegna kolagerðar er þeir mundu fyrst eftir, þeir sögðu að í þeirra ungdæmi hefði hann ekki verið nema um það bil mannhæðarhár. Jón var fæddur 1846 en Oddur dálítið yngri.

Með tilkomu skosku ljáanna, ljáa Torfa í Ólafsdal, hættu menn að nota heimasmiðaða ljái við það minnkaði notkun viðarkolanna að miklum mun, þar sem heimasmiðaðu ljáanna varð einnig að eldbera daglega.

Skal þá vikið að viðarkolagerðinni, eins og að henni var staðið hér í Skaftafelli það ég ætla mann fram af manni. Hér var yfirleitt hafður sá háttur á að höggva þann við sem, ætlaður var til kolagerða, nokkru áður en brennsla kolanna fór fram, sérstaklega ef brennt var að vori eða sumarlagi þegar gróska var í skóginum. Gott þótti að viðurinn gæti legið upphöggvinn af þeim sökum í svo sem 2-3 vikur því við það þornaði mesti gróskuvökvinn úr honum og viðurinn brann þá jafnar og betur. Úr nýhöggnum við var talin meiri hætta á að aska myndast.

Seilst var til að gera til kola þar sem skógur var þéttur og jafnvaxinn þ. e. a. s. gildleiki trjáanna jafn, en út af þessu varð þó oft að bregða og gera sér að góðu þótt um misjafnar stærðir trjáa væri að ræða, yfirleitt var sá háttur hafður á að höggva að mestu stærstu trén á svæðinu en skilja allan nýgræðing eftir.

Þegar gera skyldi til kola var fyrst að því gáð hvar hagkvæmast væri að brenna kolin, athugað hvar hallalítill blettur fyndist fyrir kolagröfina, og hvar hagstætt væri að koma þeim við að gröfinni, sem átti að brenna.

Þegar til kolagerðarinnar kom, þurfti að hafa ýms verkfæri og þá fyrst öxi til að kurla viðinn. Oft mun hafa verið höfð önnur öxi til vara ef hin kynni að brotna af skafti. Þótt það kæmi fyrir að einn maður ynni að kolagerðinni, var það þó oftast að tveir menn stæðu að verki, og skiptist þá vinnan þannig að annar kvistaði viðinn, sem kallað var,

það er að höggva af smæstu greinarnar, sem voru ekki brenndar með, en hinn maðurinn tók „til grafarinnar“ og kurlaði. Oftast mun það hafa lent á þeim sem kvistaði að færa viðinn að grafarstæðinu en þar tók við honum sá, sem kurlaði í gröfina.

Til að höggva greinarnar (kvista) var notað áhald sem kallaðist sniðill. Oft var hann smíðaður eftir að ég man til úr hálfeyddum ljá (skoskum). Var blaðið ca. 25 sm. að lengd og skaftið eitthvað lengra, annars var stærð á þessu verkfæri nokkuð misjöfn. Á annan enda bakkans, sem gekk upp í skaftið, var sleginn falur, á hinn endann var beygður krókur, í gagnstæða átt við blaðið. Með honum gátu menn krækt að sér hríslur sem þeir kvistuðu. Skaft sniðilsins var mjög oft gert úr birki með hólk á þeim enda sem falurinn gekk upp í.

Önnur áhöld sem til kolagerða þurfti var skófla (reka) fjalhögg sem oft var hnyðja af rekatré, eikarblokk, eða jafnvel sver birkistofn úr Skaftafellsskógi. Einnig þurfti að hafa meðferðis efni til uppveikju t.d. dálítið af hefilsþónum og selslýsi, en í seinni tíð höfðu menn með sér ögn af steinolíu. Sjálf kolagerðin hófst þá á því, ef tveir gengu að verkinu, að annar fór að taka til grafarinnar en hinn að kvista lim af kolagersluviðnum.

Grafarstæðið var þannig gert, að ristar voru allþykkar þökur líkt og þegar rist var ofan af tünnum vegna þaksléttugerðar. Grafarstæðið var haft kringlótt og fór stærð þess nokkuð eftir hvað mikið var brennt. Ég áætla þvermál að tunnu gróf ca. 150-180 sm. Þökurnar voru lagðar svo langt til hliðar, að frítt gangrými væri meðfram gröfinni meðan kolabrennslan fór fram. Þegar búið var að rista þökurnar var grafargrunnurinn jafnaður og troðinn, fjalhöggið sett inn í grafargrunninn og síðan byrjað að kurla viðinn. Kurlin voru misjafnlega löng og fór það eftir geðþótta þess sem að verkinu stóð. Ég hygg þó ekki fjari sanni að telja mjög algenga lengd á þeim um 20 sm.

Væri viðurinn nýhöggvinn þótti betra að hafa kurlin lengri en úr þeim við sem farinn var að þorna. Mjög oft var sá háttur hafður á að höggva svera lurka í talsvert lengri kurl allt að 50 sm. löng. Þetta kölluðust reisikurl og verður vikið að þeim seinna í þessari frásögn. Þessi kurl lögðu menn til hliðar í bili út fyrir aðal kurlahrúguna. Einnig lögðu menn oft til hliðar birkibúta, sem menn töldu líklega smíðisgripi t.d. beygjur, sem hentuðu í sköft á heykróka, skammorf á torfljá, og önnur sköft. Þegar kurlað var gættu menn þess að höggva allar greinar af kurlunum. Eitt klofakurl eyðir sjö öðrum ösku, var gamalla manna mál. Menn töldu að

viðurinn brynni jafnar ef kurlin féllu þétt saman og því betra að þau væru ekki greinótt.

Þegar lokið var við að kurla, lögðu menn fjalhöggið og öxina til hliðar. Byrjað var þá að færa til kurlin, sem lágu í þykkum bing á grafarstæðinu og gera úr þeim hringlaga borg, við útjaðra grafarinnar svo opið kurllaust svæði myndaðist í miðju. Þar var stungið niður mjórrí grein og á hana var uppkveikjan t. d. hefilsþónahneppi hengt og sett.

Haft var við hendina dálítið af vel þurrum sprekum úr skóginum, og gjarnan eitthvað af þeim lagt strax yfir uppkveikjuna. Uppkveikja þessi var svo vætt í lýsi og steinolíu og síðan kveikt í. Áður en eldspýtur komu til sögunnar hygg ég að hér hafi tíðkast að kveikja í kolaviðnum með því að slá eld með stáli og tinnu. Í sterku sólskini mun stundum hafa verið kveikt í með brennigleri og þá líklega fyrst í svörtum pappír og þurrt lauf haft við hendina. Einnig mun hafa tíðkast að skjóta púðurskoti í lótorft og kveikja í á þann hátt.

Þegar lifnað var í uppkveikjuhrúgunni, voru mjög grönn kurl tínd út á hana, þar til þessar grönnu greinar mynduðu dálítinn bing, þá var dokað við um stund, þar til eldur hafði læst sig um þetta, þá voru reisikurlin tekin, ef þau voru til, en eins og fyrr segir voru þau ekki alltaf höfð. Reiskurlunum var raðað upp á endann utan við uppkveikjuna þannig að þau vísuðu út í neðri enda en náðu nær saman í toppinn. Þegar þeim hafði verið raðað var dvalið við smástund og séð að eldurinn færðist í aukana. Síðan var farið að færa kurlin upp, þ. a. s. topphreykja kurlahrúgunni, öll kurlin voru nú tínd á eldinn, en oft mun nú samt eitt og eitt kurl hafa hrokkið svo langt út fyrir gröfina að kolagerðamönnum hafi yfirsést að taka þau með. Ekki koma öll kurl til grafar nema feigur brenni, segir gamalt málteki, það var því góðs víti að sjá fáein kurl liggja utan grafar að kolagerðinni afstaðinni. Að topphreykingu afstaðinni var beðið um stund meðan eldurinn magnaðist og færðist um alla kurlahrúguna, sem fljótlega tók þá að síga. Ef eldur fór að loga útúr kurlunum meira á einum stað en öðrum þótti gott að stappa þar á með fæti, við það þjöppuðust kurlin saman og eldur færðist annað. Þannig var svo beðið þar til svo var brunnið, að unnt var að hreinsa hálfbrunna branda af glóðinni niður við jörð, þar var svo strax látin á þaka. Brandarnir voru færðir upp á koll grafarinnar með reku. Haldið var svo áfram að hreinsa glóðina niður við jörð allt í kring og þekja jafnframt, og þetta í allar glufur með mold, síðan var beðið um stund að þeir brandar sem færðir höfðu

verið upp á koll grafarinnar brynnu eitthvað betur. Ekki þótti þó borga sig að bíða eftir að þeir brynnu allir til fulls, því þá var talið að kolin öll brynnu svo mikið að þau yrðu of smá.

Ekki nægðu þær þökur, sem ristar voru af grafarstæðinu, til að þekja yfir gröfina, og því varð að rista til viðbótar af smábletti nálægt henni, þar var líka tekin mold til að moka yfir gröfina, til að þetta hana eftir að fullþakið var. Moldinni var mokað sem jafnast yfir allt, og troðin með fótum. Oft höfðu menn band á milli sín, er þeir tróðu moldina, með því gátu menn neytt sín betur er þeir tróðu og á þennan hátt fært sig upp og niður eftir hinum kúpulagaða hrauk og troðið sem jafnast og best. Mjög áriðandi var að til þessa verks væri vandað og moldin á gröfinni væri sem þéttust, svo eldur kafnaði sem fyrst í gröfinni.

Það mun hafa verið gamall siður að gera krossmark með fingri í moldina á kalli grafarinnar að verki loknu áður en haldið var heimleiðis. Venjulega munu kolin svo hafa verið tekin upp á næsta degi, en ef ástæður leyfðu það ekki mátti það fullvel bíða einhvern tíma. Úpptaka kolanna hófst með því að moka moldinni vel af gröfinni í þá gröf þar sem hún hafði áður verið tekin. Síðan voru þökur teknar af hálfri gröfinni þannig að hún var rofin ofan frá kalli og niður að grunni, síðan var byrjað að sópa kolunum í poka. Loks voru allar þökurnar teknar af og kolin sekkjuð. Óbrunnin kurl eða hálfbrunnin voru tekin frá, þau kölluðust brandar. Ekki þótti gott að nota brandana til að smíða við þá, en brandana fengu húsfreyjumar og þóttu þeir góður eldsmatur, hvort sem við þá var tendraður eldur í hlóðum eða eldavel. Reynt var að taka kolin þannig að með þeim færi sem minnst aska. Telgd var til mjó birkigrein og farið með hana í gegnum síðustu kolamylsnuna á grafargrunninum og kolin færð með henni upp á yfirborðið og þannig náð öllu sem nothæft gat talist frá öskunni. Þegar búið var að setja kolin í poka var bundið fyrir þá og þeir lagðir á reipi og bundnir til klyfja. Áður en reipið var hert var raðað beinum birkigreinum utan um pokana, til að verja kolin fyrir því að molna í bindingu og flutningi.

Áður en heim var haldið, var gengið frá kolagröfinni með því að þekja hana með þeim þökum sem áður höfðu verið ristar þar af. Flestar þeirra höfðu sviðnað dálítið á kolaglóðinni, en greru þó fljótt, ef sprettutími var í hönd. Gengið var frá öllu svo vel að ekki væri hætt á að uppblástur myndaðist eða leysingarvatn kæmist í þessi sár og gæti grafið.

Kolagerð var erfið vinna og það gerði menn bæði þreytta og slappa að standa við brennuna á sólheitum vordegi. Þó mun hafa tíðkast að brenndar væru tvær grafir samdægurs af sömu mönnum. Móðir mín minnstist þess, að a. m. k. í eitt sinn hefði faðir hennar Jón Einarsson brennt þrjár stórar grafir og vann hún og tveir aðrir unglingar að þessu með honum. Í smíðju Jóns var allstór þiljaður bás, sem mér var sagt að hann hefði haft að venju að fylla af kolum á hverju vori. Hólf þetta tók 10 tunnur. Oftast mun Jón þó hafa þurft að brenna kol til viðbótar á haustin. Hann smíðaði margt,

bæði fyrir sig og sveitunga sína, og mun því hafa notað kol mikið meira en algengt var að menn gerðu hér. Þetta er því ekki mælikvarði um almenna kolanotkun. Hann og fleiri smiðir hér töldu viðarkol taka steinkolum fram ef þörf var á hreinni og soralausri glóð t. d. ef stálsjóða þurfti heimasmiðuð eggverkfæri eða jafnvel potta skeifur.

Lítið mun hafa verið sótt hingað til kolagerðar eftir að kom fram yfir síðustu aldamót. En Skaftafellsbændur gerðu til kola fyrir sjálfa sig og notuðu viðarkol jafnframt steinkolum fram á sjötta tug þessarar aldar.



Myndir þessar eru léðar úr Búnaðarritinu. 39. árgangi, en þar er grein eftir Kristleif Þorsteinsson, bónda á Stóra Kroppi, um kolagerð í Húsafellsskógi eins og hún tíðkaðist í ungðæmi hans. Sú grein er mjög samhljóða grein Ragnars í

aðalatriðum. Af lýsingu Kristleifs virðist samt, að hleðslan í kolagröfina hafi verið gerð af meira kæruleysi á Húsafelli en í Skaftafelli, enda voru það aðallega aðkomumenn, sem gerðu til kola í Húsafellsskógi.

## Hrossabeit og eyðing skóga

Ég hefi oft verið að velta því fyrir mér, hver gæti verið orsök hins nær algera skógleysis í Eyjafirði, Skagafirði og Húnavatnssýslum. Varla gæti það stafað af því að þar hefði aldrei vaxið skógur. Veðurfar þar bendir ekki til þess, og sögur geta skóga í þessum héruðum t. d. mikilla skóga í Eyjafirði og í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Og skógurinn í Leyningshólum í Eyjafirði er glöggur vitnisburður um hvernig Eyjafjörður hefir verið gróinn á landnáms tíma.

Vafalaust er hóflaust skógarhögg og sauðfjárbeit aðal skaðvaldarnir, en getur það verið að þarna hafi verið gengið enn harkalegar fram í þeirri rányrkju í þessum héruðum, frekar en öðrum, sem ekki náðu að eyða öllum sínum skógum. Varla er það líklegt. Og kemur þá einhver skaðvaldur til viðbótar?

Lítið atvik, sem ég varð vitni að varð til þess að mig fór að gruna hver væri sá er ætti ef til vill ekki minnstu sökina á skógarreyðingu þessara héraða.

Og til þess var þessi saga: Við í skógrættarfélagi sveitar minnar fórum eitt sinn og plöntuðum nokkru af birki í útgrafinn part af grafreit sveitarinnar.

Tveimur eða þremur árum eftir að við höfðum plantað fór ég eitt sinn að sumri að líta eftir hvernig þessar plöntur hefðu farið með sig. Þá gafst á að

líta, ofan af miklum hluta plantnanna hafði verið bitið svo ekki stóð nema lítill stúfur eftir. En hvernig hafði þetta skeð, garðurinn var girtur svo skepnur áttu ekki að komast í hann, en málið leystist auðveldlega. Um veturinn hafði gert svo mikinn snjó að girðingin fór á kaf, og útigangshestar, sem voru á bænum þar sem grafreitun er, farið inn í garðinn og bitið ofan af öllum trjáplöntunum sem stóðu upp úr snjó. Satt að segja varð ég undrandi af þessu og hafði aldrei þekkt það að hestar bitu trjágróður, en sá þó að ekkert var eðlilegra en hestar færu að naga trjágróður þegar þeir hrektust í illviðrum og hagleysi að vetrinum, hungraðir og að öllu leyti illa á sig komnir.

Er þá ekki kominn sá er veldur úrslitum um skógleysi þessa héraða, ég hefi grun um það.

Mér finnst það benda ótvírætt til þessa, að skóglausustu og uppblásnustu héruðin eru líka þau héruð, sem hafa mest af hestum eða að minnsta kosti hafa haft, og látið þá hrekjast á útigangi vetur hvern.

Þó miskunnarlaus vetrarheit sauðfjár fyrri alda hafi valdið mikilli gróðureyðingu og uppblæstri, er mér þó í grun að vetrarútigangur hrossa í hestahéruðunum eigi þar ekki minni sök, um eyðingu skóganna í þessum héruðum og annars gróðurs.



*Klakaklárar eiga fárra kosta vöð.*

## Skólafólk og skógrækt



Ég var í hópi þeirra mörgu ungmenna, sem uxu til manns á 2. og 3. áratug þessarar aldar, og hreifst með þeirri vakningaröldu, sem þá barst um þjóðlífið og gagentók hugi manna. Ýmsir voru þeir aflvakar, sem þar áttu hlut að máli en ekki hygg ég að hallað sé á neinn, þótt sagt sé, að þar hafi

ungmennafélagshreyfingin verið mesti aflgjafinn. Hún var fjölþætt hugsjónastefna, sem hingað barst frá Noregi, festi rætur í flestum eða öllum byggðum landsins og bar þroskaða ávexti á mörgum sviðum, sem höfðu blessunarrík áhrif í þjóðlífinu.

Þúsundir karla og kvenna um land allt lögðu fram feikimikla vinnu árum saman, undir merkjum hreyfingarinnar, enda var kjörorð félagsskaparins: *Íslandi allt*. Hreyfingin fór um landið eins og hlýr vorþeyr, sem vakti blundandi krafta, er höfðu heillavænlegri áhrif í þjóðlífinu en margir munu enn gera sér fulla grein fyrir.

Þótt lægð yrði um árabíl í störfum þessa ágæta félagskappar, eins og gengur, er rétt og skylt að geta hér í þessu sambandi, að á seinni árum hefur hann aukið þrótt sinn á ný, með því að beita sér að nýjum viðfangsefnum, sem eru aðkallandi og krefjast úrlausnar. Hann er því enn, á 8. áratug aldarinnar, að vinna mikilvæg þjóðnytjastörf.

Eitt af því, sem ég minnst glöggst, að við ungmennafélagar heima ræddum oft um, var þegn-skylduhugmynd Hermanns Jónassonar, skólástjóra og alþm. frá Þingeyrum. Hún átti sterkan hljómgrunn í hugum okkar, enda féll hún vel að hugsjón ungmennafélagshreyfingarinnar.

En reyndin varð sú, svo sem kunnugt er, að þegn-skyldufrumvarp H. J. náði ekki fram að ganga, er hann flutti það á Alþingi, og hlaut aldrei

fylgi ráðamanna þjóðarinnar á löngu tímabili. Sumir sögðu, - ég held bæði í gamni og alvöru, - að ein lítil staka, sem allir eldri menn kunna, eftir Pál J. Árdal, hefði kveðið málið niður.

Nokkur breyting hefur þó orðið á viðhorfum manna í þessu efni á síðustu missirum, og þá einnig ýmissa forráðamanna okkar, og verður vikið að því síðar.

Eitt af mörgum hugsjónamálum ungmennafélaganna var skógrækt og störf þeirra margra á því sviði varð mikill hvati þess, er síðar gerðist. Hið eldheita og fagra hvatningarkvæði Guðmundar skólaskálds, 'Vormenn Íslands,' var oft sungið og hljómaði sífellt í hugum okkar, ekki síst þessar ljóðlínur: 'Vormenn Íslands, yðar bíða eyðiflákur heiðalönd.

Komið grænum skógi að skryða skriður berar, sendna strönd.'

Það var því að sjálfsögðu ekkert eðlilegra en að gamall ungmennafélagi, sem gerst hafði kennari og síðar skólástjóri um áratuga skeið, tæki því fagnandi, þegar stofnað var til skipulegra landssamtaka um skógrækt, er Skógræktarfélag Íslands var stofnað á Þingvöllum árið 1930, og síðar skógræktarfélag í flestum hreppum og öllum sýslum landsins. Börn og unglingar unnu oft að skógræktarstörfum með eldri ættmönnum, sem voru ungmennafélagar og þóttu vel liðtæk. Vaknaði þá fljótt sú hugmynd, bæði hjá mér og ýmsum fleiri ungmennafélögum, að tilvalið væri að nota krafta ungmenna til þessara starfa a.m.k. 1-2 dagparta á vori hverju. Það væri skemmtileg tilbreyting fyrir unga fólk, og störf þess mundu hafa varanlegt gildi.

Og þegar ég var orðinn skólástjóri árið 1940, og skógræktarmálin komin meira á dagskrá en nokkru sinni fyrr, skrifaði ég greinar um þessi mál, þar sem grunntónn sumra var sá, að við ættum hiklaust að gera skógrækt að skyldunámi í barna- og unglingskólum landsins. Jafnframt höfðum við,



Skólafólk við gróðursetningu í Heiðmörk.

starfsmenn barnaskóla Húsavíkur, fastan skógræktardag á vori hverju um árabil með elstu nemendum okkar, enda hafði þá skógræktarfélagið á staðnum komið upp myndarlegri skógræktargirðingu.

Nokkrir kennarar og skólastjórar tóku í þennan sama streng um líkt leyti og féllu skoðanir nær allra í einn og sama farveg. Var Skúli heitinn Þorsteinsson, þá skólastjóri á Eskifirði, í fremstu röð skólamanna á þessu sviði, skrifaði um málið og sýndi hug sinn í verki með nemendum sínum.

Þegar ég fékk það ánægjulega tækifæri vorið 1949 að vera þátttakandi í fyrstu skógræktarför Íslendinga til Noregs, ákvað ég að sjálfsögðu að kynna mér m.a. þátt norskrar skólaæsku í skógræktarstörfum þjóðarinnar. Þessi för varð einstaklega ánægjuleg fyrir okkur öll, sem tókum þátt í henni, og áhugavekjandi á ýmsum sviðum. Það var sannarlega undursamlegt og ævintýri líkast að kynna norsku skógunum og því mikla og markvissa starfi, sem norskir skógræktarmenn vinna. Og þá var það ekki síður undrunar- og

gleðiefni að fá að kynnast því og sjá með eigin augum, hve stóran og merkan þátt skólaæska Noregs á í því þjóðnytjastarfi og hefur átt lengi.

Um þessa reynslu, og þá alveg sérstaklega skógræktarstörf skólaæskunnar norsku, skrifaði ég síðan allfátarlega grein, sem birtist í blöðum og síðar í ársriti Skógræktarfélags Íslands.

Hér er ekki ætlunin að endurtaka efni þessarar greinar. En kjarni hennar er tvíþættur og er þessi:

1. Fjöldi skólahverfa í Noregi hefur lengi haft skógrækt sem fastan skyldulið í starfi sínu á hverju vori. Verkið stendur yfir í tvo daga og er að sjálfsögðu unnið undir eftirliti kennara eða annarra, sem þar kunna til verka.
2. Full vissa er fyrir því, að með góðri leiðsögn og eftirliti er vinna barna og unglinga við plöntun ekkert síður af hendi leyst en þeirra, sem eldri eru. Þetta vil ég að komi hér ákveðið fram, þar sem sumir hér heima hafa dregið mjög í efa, að ungmenni gætu leyst þetta verk af hendi á fullnægjandi hátt.

Eitt atriði í viðbót, sem ég kynnti mér í þessari

ferð, vakti mikla umhugsun mína og grípur á vissan hátt inn í efni þessarar greinar, er *þegnskylda norskra ungmenna, - herskyldan*.

Ég vissi að sjálfsögðu um þessa ömurlegu kvöð grannþjóða okkar áður en ég fór, hafði lesið um hana, en lítið hugsað. En nú kynntist ég piltum, sem höfðu leyst þessa kvöð af hendi í 2 löng ár, og fræddu mig ítarlega um málið. Þá gerðist það, að gamli þegnskaparáhuginn frá ungmennafélagsárunum blossaði upp á ný, og ég skrifaði allheita og langa hvatningargrein, sem ég nefndi *þegnskaparskóla*, og birtist í ársriti ungmennafélaganna, Skínfaxa og tveimur dagblöðum, Morgunblaðinu og Tímanum.

Rauði þráður greinarinnar var sá, að við ættum hiklaust að taka upp þegnskylduhugmynd Hermanns heitins á Þingeyrum og skylda öll heilbrigð ungmenni til að vinna nokkrar vikur á ári í 2-3 ár, við landgræðslu, skógrækt eða önnur skyld störf til uppbyggingar í þjóðfélaginu.

Og þetta var m.a. rökstutt með því, að fyrst jafnaldramir á hinum Norðurlöndunum þyrftu að leysa af hendi langa þegnskyldu (herskyldu) í neikvæðum tilgangi, ætti það að verða íslenskri æsku mikið gleðiefni að fá að vinna tiltekinn tíma þegnskaparstörf í *jákvæðum tilgangi*, til uppbyggingar og hagsbóta fyrir land sitt og þjóð. Hún mætti líka líta svo á, að hún gerði þetta í þakkarskyni fyrir þá miklu hjálp, sem þjóðfélagið veitir henni á ýmsum sviðum, og fyrir þau forrétindi að fá að búa í landi, þar sem enginn þarf að gegna herskyldu.

Skorað var að lokum á Alþing að taka þetta mál til meðferðar á ný hið fyrsta, en án árangurs, eins og kunnugt er.

Mörg ár eru nú liðin, síðan þessi fyrsta skógræktarfor Íslendinga var farin til Noregs, og mikið vatn hefur til sjávar runnið. Margar breytingar hafa orðið í þjóðlífi okkar á þessum árum, og ýmsar áreiðanlega til mikilla bóta. Öðru hefur hins vegar þokað hægt fram, eins og gengur.

Góðu heilli hafa skógræktarferðir íslenskra áhugamanna til Noregs aldrei fallið niður síðan, á þeim tíma, sem þeim hefur verið markaður. Og vonandi helst sú ágæta venja lengi enn, þátttakendum til ánægju og uppbyggingar og skógræktarmálum okkar til framdráttar.

Þá er það mikið gleðiefni öllum áhugamönnum um skógrækt, að þeim málum hefur mjög þokað áleiðis á þessum árum, enda hafa margir ágætir menn unnið að þeim undir forystu okkar farsæla og áhugasama skógræktarstjóra.

Einn allra mesti sigurinn er þó sá, að nú hefur reynslan sýnt á ótvíræðan hátt, að það er hægt að rækta víðlenda nýtjaskóga á Íslandi, og vantrú manna í þeim efnum að fullu brotin á bak aftur.

Ef til vill má segja, að það sé mikilvægast af öllu að hafa getað sannfært þjóðina um, að þetta er hægt, því að þá er lokið andstöðunni, sem lengi hefur verið mikil, og ætíð heft allar eðlilegar framfarir.

Á síðustu missirum hefur líka margt gerst, sem hefur þokað skógræktarmálunum betur áleiðis en nokkru sinni fyrr, og sýnir einmitt glöggt aukinn skilning almennings og ráðamanna þjóðarinnar. Mætti rita um það langt mál, þótt eigi verði gert hér að sinni.

En hæst gnæfir þar tvímælalaust samþykkt Alþingis á Þingvallafundinum sumarið 1974 að *veita 170 milljónir króna á því merka ári til skógræktar, skógværðar og skógræðslukönnunar*. Er það glæsileg viðurkenning löggjafans á hinu mikla þjóðnytjastarfi skógræktarinnar og allra skógræktarmanna hvar sem eru á landinu.

Að sjálfsögðu er þó enn margt, sem er óunnið og óskipulagt, enda gæti tæpast annað verið, þegar um svo stórt og margþætt mál er að ræða.

Eitt af hinum óunnu verkum er einmitt að skipuleggja og framkvæma aðild skólaæskunnar okkar að skógræktarstörfum. Því máli hefur enn ekki verið sinnt sem skyldi, raunar harla lítið eða ekkert, mér vitanlega, síðan nokkrir áhugamenn í hópi kennara og skólástjóra létu til sín heyra um málið fyrir mörgum árum, vitnuðu til reynslu Norðmanna, hvöttu til framkvæmda, reyndu um árábil að sýna trú sína í verki.

Raunar var þessum áhugamönnum alltaf ljóst, að þarna þurftu að koma til sérstök ákvæði af hálfu löggjafans, ákvæði, sem heimiluðu þessa framkvæmd, eða gerðu hana að beinni skyldu. Annars mundi allur fjöldinn ekkert sinna slíku aukastarfi, sem örfáir áhugamenn væru að glamra um, enda varð vissulega sú raunin á.

En einn af þeim merku og ágætu atburðum, sem gerðust á þjóðhátíðarárinu 1974 og sýnir glöggt hin breyttu viðhorf ráðamanna, sem ég vék að fyrr, snertir einmitt beinlínis þetta mál, þessa framkvæmd. Og greinarkorn þetta er ekki síst skráð í þeim tilgangi að benda á þann merka atburð, hvetja alla viðkomendur til að gefa þessari heimild gaum og vinna sem fyrst að framgangi málsins. *Á ég þar við lögin, sem samþykkt voru á Alþingi 8. maí í vor um landgræðslustörf skólafólks*.

Fyrstu 2 greinar laganna hljóða þannig:



## 1. grein.

Heimilt er að kveðja til starfa við landgræðslu a.m.k. tvo daga á hverju skólaári hvern þann nemanda, sem orðinn er 12 ára eða eldri og stundar nám í skóla, sem kostaður er af ríkinu að einhverju eða öllu leyti, enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður.

## 2. grein.

Landgræðslustörf samkv. lögum þessum eru græðsla lands og hvers konar vinna vegna gróðurverndar, gróðursetning trjáplanta, grisjun skóga og fegrun skóglendis, gróðursetning skrudjurta og endurbætur skrudgarða, lagfæring og fegrun umhverfis skóla, gistihúsa, sjúkrahúsa eða annarra opinberra menningar og líknarstofnana.

Lög þessi taka hvorki til túnræktar né annarra sérstakra framkvæmda á lögbylum.

Sem gamall skógræktarmaður og einlægur talsmaður þess um áratugi, að æska Íslands vinni ákveðin þegnskaparstörf við skógrækt eða landgræðslu vissan, tiltekinn tíma á vori hverju, fagna ég þessari lagaheimild af heilum huga. Ég fullyrði, að það muni einnig flestir uppallendur gera, þegar þeir brjóta málið til mergjar. Holl líkamleg vinna við þjóðnytjastörf, í góðu veðri vissan hluta úr degi, er skemmtileg og æskileg tilbreyting frá bóknámi.

Um ungmennin efast ég ekki. Ég veit með vissu, að þau taka þessari nýbreytni fagnandi. Um það

hef ég persónulega reynslu, bæði frá mínu eigin skólastarfi og frá Noregi.

Næsta skrefið, í framhaldi af þessari þörfu og ágætu samþykkt Alþingis, er að skipuleggja framkvæmd verksins. Samkvæmt lögum hefur menntamálaráðuneytið yfirumsjón með framkvæmdinni, en Skógrækt ríkisins - að fengnum tillögum Skógræktarfélags Íslands - velur verkefni og skipuleggur framkvæmdir, þar sem unnið er í skóglendi.

Að sjálfsögðu þarf þessi framkvæmd töluverðan undirbúning, einkum þar, sem friðuð svæði eru ekki fyrir hendi. Hins vegar er kunnugt, að þau eru víða til í grennd við skóla, og þar sýnist mér að hefja mætti framkvæmd strax með litlum fyrirvara. Eitt er víst, að aðilar þeir, sem sjá eiga um þessa skipulagningu, munu ekki láta standa á sér. Og þá líður ekki á löngu, þangað til nýr, áhugasamur og traustur framkvæmdaðili, skólaæska Íslands, byrjar að vinna markvisst að skógræktarstörfum, undir góðri leiðsögn, og vinnur þar merk þjóðnytjastörf fyrr en varir, eins og skólaæskan norska hefur lengi gert.

Að lokum hvet ég öll æskulýðssamtök þjóðarinnar eindregið til þess að taka þegnskyldumálið á dagskrá og veita því öflugt brautargengi. Þá tel ég öruggt að málið næði fram að ganga, fyrr en varir, til heilla fyrir land og lýð.



Vafalítið er silfurreynirinn í gamla bæjarfógetagarðinum við Adalstræti elsta tréð í Reykjavík. Honum var plantað af Schierbeck landlækni um 1885, en hann breytti elsta kirkjugarðinum í Reykjavík í skrudgarð. Til vinstri á myndinni er gljávíðir, sem er nærri jafnhár en margstofna. Hann mun gróðursettur um svipað leyti og reynirinn. Hæð reynisins er röskir 8 metrar en þvermál hans yfir 60 sm í 1.3 m hæð.

# Stafafura

## *Pinus contorta, Dougl.*

Stafafura hefur mjög dregið að sér athygli hér á landi hin síðari ár. Vöxtur hennar og allur þroski hefur reynst með ólíkindum góður á mörgum stöðum í öllum landsfjórðungum. Er því full ástæða til að gera henni nokkur skil í riti þessu, en hingað til hefur lítið verið á hana minnst. Henni er þó aðeins lýst í grein Baldurs Þorsteinssonar í Ársritinu 1957, en síðan hefur verið hljótt um hana í þessu riti.

### ÚTBREIÐSLA TEGUNDARINNAR

Stafafura vex á miklu svæði um vestanverða Norður-Ameríku. Syðstu mörk hennar eru við 31° norðlægrar breiddar en hin nyrstu nálægt 64° breiddar. Hún vex frá Kyrrahafsströnd og austur fyrir vatnaskil Klettafjalla, frá sjávarmáli og allt upp í 3.500 metra yfir sjó. Austan Strandfjallanna er útbreiðsla hennar mjög áþekkt útbreiðslu fjallapins, þar sem báðar tegundirnar vaxa nærri efstu skógamörkum. Geta má nærri að um ótal kvæmi sé að ræða þar sem stafafuran hefur svo víðlent útbreiðslusvæði.

Áður fyrr vildu skógræðingar greina þessa tegund í tvö afbrigði, strandfuru og meginlandsfuru. En plöntufræðingar hallast nú að því, að þetta sé allt ein og sama tegundin og að mismunandi vaxtarlag sé afleiðing veðurfars og jarðvegs. Í strandhéruðunum verður stafafuran sjaldan yfir 10 metra á hæð og er oft illa vaxin, en innan strandfjallanna verður hún fallegt og tígulegt tré, hvarvetna sem skilyrði eru góð. Hún getur náð nærri 40 metra hæð og 60 sentimetra þvermáli þar sem vel lætur. Að útliti minnir hún mjög á skógarfuru og að órannsókuðu máli hafa ýmsir talið þetta náskyldar tegundir, en svo er ekki.

Stafafura vex oft ásamt öðrum barrtrjám og fer það eftir veðurfari landslagi og jarðvegi hvernig trjátegundirnar blandast eða hasla sér völl. Þegar skógareldar geisa og kulna út er stafafuran oft fyrst allra trjáa til að rísa upp úr öskunni, og með því að hún er hraðvaxta í æsku hefur hún klætt landið

áður en aðrar tegundir komast að. En þær sækja samt á og upp koma þá oft grenitegundir, þúja, douglasgreni og þöll, sem þrengja að stafafurinni og verður hún þá aðeins einráð þar sem jarðvegur er rýr.

Árið 1960, þ. 26. sept. var ég á ferð í meir en 1000 metra hæð í Klettafjöllunum í Bresku Columbíu. Á leiðinni frá Quesnel til Barkerville á nákvæmlega 53° n. br. komum við að allstórrí sléttu en upp af henni reis um 100 m hátt og bratt fell, sem var varla meira að ummáli en Öskjuhlöðin í Rvk. Vegurinn lá norðan fellsins og þótti okkur undarlegt hve mikill og þéttur hvítgreniskógur var norðan í fellinu, en annars var lítið um það á þessum slóðum. Þess vegna stoppuðum við og fórum að skoða fellid nána. Þarna var myrkviði því 20-30 m há grenitrén stóðu svo þétt að varla hefur verið lesbjart inni á milli þeirra. En austan í fellinu gisnaði greniskógurinn og þar tók stafafura við, 25-30 m há tré með fjallaþin og þúju inni á milli. Þessi skógur var ljós og bjartur en því nær sem dró til suðurs fór að bera á douglasgreni og suðvestan í fellinu var það allsráðandi eins og hvítgrenið að norðan-norðaustan í því, en þar sem fellid vissi til vesturs kom stafafuran aftur og náði hún að hvítgreniskóginum norðan og norðaustan í fellinu. Hér var um fullkominn frumskóg að ræða, þannig að af þessu mátti draga ýmsa lærdóma. Hér fundum við íkornahlöðu og náðum þar í hálfan poka af fallegum stafafurukönglum, sem gáfu okkur um ½ pund af fræi.

### FLUTNINGUR STAFAFURU

Lengi vel var stafafuran í litlu álit meðal þeirra, sem gerðu tilraunir með erlendar trjátegundir í Evrópu. Því er fremur lítið til af miðaldra eða eldri trjám á Norðurlöndum og í Skotlandi. Á undanförunum 25 árum hefur þó athygli manna beinst æ meir að henni, svo að nú eru til víðáttumiklir skógateigar af stafafuru í ofangreindum löndum. Skotar og Svíar ásamt Finnum hafa mest unnið að



*Stafafura í reit Vestur-Íslendinga við Þingvelli. Gróðursett um 1960.*

*Mynd: H.B. 1976.*

rannsóknunum á vexti og arðsemi hennar og komist að þeirri niðurstöðu, að trjátegundin sé mjög eftirsóknarverð, fyrst og fremst af því, hve hún vex hratt og gerir ekki miklar kröfur til frjósemi jarðvegs. Telja þeir hana arðvænlegri en skógarfuru.

#### REYNSLA AF RÆKTUN STAFAFURU

Stafafura hefur ekki verið ræktuð hér á landi nema í fjóra tugi ára. Elstu fururnar voru gróðursettar árið 1940 á Atlavíkurstekki í Hallormsstaðaskógi. Amerískur prófessor í skógrækt, Heimburger að nafni, sendi Guttormi Pálssyni dálítið af trjáfræi frá Norður-Ameríku árið 1936, og þar á meðal var fræ af stafafuru frá stað, sem nefnist Smithers í British Columbia og er í um 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Þessi staður er nokkru sunnan við landamæri Kanada og Alaska. Nú standa nokkrir tugir af stafafuru í litlum lundi og er sú hæsta 11 metrar, en meðalhæðin er milli 9 og 10 metrar. Trén hafa borið köngla og þroskað fræ nokkrum sinnum og sjálfsánar plöntur hafa fundist þarna. Trén stóðu of þétt framan af ævinni og greinar eru því stuttar og veikar. Bleytusnjór hefur nokkrum sinnum þyngt svo greinar, að þær hafa brotnað, en það eru einu áföllin, sem trén hafa fengið.

Næsta fræöflun af stafafuru varð ekki fyrr en 1950. Einar G. E. Sæmundsen var þá í fræsöfn-

unarferð í Alaska, en það ár sást varla köngull af stafafuru. Hann hafði ekki meira en eina matskeið af stafafurufraei í þússi sínu þegar hann kom heim, þrátt fyrir mikla leit upp um holt og brattar hlíðar. Upp af þessu uxu 62 trjáplöntur, og vorið 1954 var farið með þær upp að Stálpastöðum í Skorradal, þar sem þær voru gróðursettar á bakka við litla lækjarsprænu. Þessar plöntur eru nú orðnar að myndarlegum trjám, og þau hafa líka borið köngla og fræ eins og hin á Hallormsstað.

Ein einmitt á þessu ári tókst að fá 7 kg af stafafurufraei frá Skagway. Þessu fraei var svo sáð á næstu árum í gróðrarstöðvarnar og varð til þess, að á árunum fyrir og eftir 1960 var nokkrum tugum þúsunda af stafafuru plantað víðsvegar um landið. Um þetta leyti kom einnig nokkuð af stafafurufraei frá ýmsum stöðum í British Columbia, sem plöntur voru aldar upp af og settar niður á ýmsum stöðum.

Innan skamms kom í ljós, að fræ frá Skagway mundi gefa betri raun hér á landi en frá öðrum stöðum, og því var lagt kapp á að afla fræs þaðan. En það er ekki auðhlaupið að því þar sem furan ber ekki mikið af fraei nema á nokkurra ára fresti. En fyrir dugnað og atorku konu, sem býr í Skagway og heitir Barbara D. Kalen, hefur reynst mögulegt að afla fræs flest árin, en oft var eftirtekjan lítil. Sum árin var hún sæmileg og 1976 kom hingað töluvert fræmagn.



*Stafafurujólatré, tekin við grisjun í Raftahlíð á Hólum í Hjaltadal í nóvember 1977.*

*Mynd: S.BI. 1977.*

Fram að árinu 1976 hafa um 400 hektarar lands verið gróðursettir með stafafuru, og skiptist sú gróðursetning til helminga milli Skógræktar ríkisins og skógræktarféлага. Á nokkrum stöðum eru að vaxa upp stórir teigar af stafafuru, sem klæða landið sígrænum feldi, og er hreinasta unun að horfa yfir þá þegar land allt liggur undir snjó.

Stafafuran hefur reynst ágætlega í nærri 40 ár, og hafa hverskyns sveppasjúkdómar og skorkvikindi sneitt að mestu hjá henni. T. d. lætur furulúsinn, *Adelges pini*, sem leggst harkalega á skógarfuru, stafafuruna að mestu í friði eins og sjá má af því, að tvær stafafurur lentu í ógáti innan um skógarfurur frá Snåsa í Noregi og hafa vaxið upp með þeim í 38 ár. Smám saman týndu fururnar frá Snåsa tölunni, þær urðu furulúsinni að bráð. En stafafururnar standa óhaggaðar og í góðum vexti því að lúsinn hefur ekki gert þeim mein.

Einn er þó galli við ræktun stafafuru og hann er sá, að trjám hættir til að velta útaf á tiltölulega ungum aldri, og er þetta fyrirbrigði vel þekkt bæði hér og erlendis. Allar líkur eru fyrir því, að ástæða til þessa sé ill meðferð á rótum furunnar, annaðhvort í gróðrarstöðvum eða við gróðursetningu eða þá hvortvegja. Stafafura þolir ekki að þjarmað sé að rótunum á unga aldri og hún þolir illa hverskonar rôtarskerðingu.

Stafafura fer að bera köngla og fræ úr því að hún kemst yfir tvítugt, en oft líða ein þrjú ár milli sæmilegra fræára. Á síðari árum hefur verið safnað allmiklu af fræi á ýmsum stöðum hér á landi, og haustið 1976 fengust alls 2 kg af mjög góðu fræi. Spírún eða grómagn var yfir 80%. Líttir það mjög ræktun furunnar að geta notað heimafengið fræ og mun flýta fyrir útbreiðslu hennar.

Þess má líka geta, að auðvelt hefur reynst að fjölga stafafuru af græðlingum í gróðurhúsum. Á þann veg má fjölga þeim einstökum trjám, sem skara fram úr á einhvern hátt, t. d. þeim trjám, sem hafa reynst frostþolnari en önnur.

Í frægarði Skógræktarfélags Íslands á Taraldsey eru um eitt þúsund ágræddar plöntur af stafafuru, sendar þangað vorið 1977, og ættu þær að vera orðnar fræberandi eftir svo sem tíu ár. Flestir græðlinganna, sem sendir voru héðan, voru af Skagway kvæmi.

Allt bendir í þá átt, að stafafura verði ásamt sitkagreni eitt mesta nytjatré Íslendinga er fram líða stundir.

Í einu kg fræs eru talin milli 200 og 300 þúsund fræ, en í gróðrarstöðvum er reiknað með allt að 60.000 plöntum af hverju kg fræs. Hér á landi hefur þó plöntumagnið af hverju kg fræs orðið miklu minna, og liggja til þess ýmsar orsakir. Stafafura byrjar vöxt sinn um leið og klaka leysir og rótavöxturinn er mjög ör. Ef hún er ekki tekin upp og flutt þegar í stað verða oftast mikil afföll. Ennfremur má hún aldrei vera nema 2 ár í sáðbeði því að vöxturinn á þriðja sumri verður svo mikill, að bæði verða margar plöntur undir í samkeppninni auk þess sem of stórar plöntur pola mjög illa flutning. - Það sem sagt var hér að framan um rötarslit og veltu nokkrum árum eftir plöntum, á að líkindum röt sína að rekja til slæmrar meðferðar á plöntum í gróðrarstöð.

Á skýldum og góðum stöðum má planta stafafuru allgisið sakir hins hraða vaxtar, en þar sem þétt hefur verið plantað er talið að grisja þurfi snemma og oft því að það dregur mjög úr vaxtarhraða, ef króna trésins verður of lítil.

## Skógrækt í Austur-Barðastrandarsýslu



Við könnun, sem gerð hefur verið á möguleikum skógræktar hér á landi á undanförunum árum, hefur það komið í ljós, að þær tilraunir í skógrækt, sem gerðar hafa verið í innfjörðum Breiðafjarðar þ.e. Austur-Barðastrandarsýslu hafa sýnt mjög góðan og óvæntan árangur á landsmælikvarða.

Tilraunasvæði sem nefna má eru á Barmahlíð og fyrir innan og neðan eyðibýlið Skóga í Þorskafirði. Á þessum stöðum hefur t. d. sitkagreni náð a. m. k. 40 cm ársvexti í mörgum tilfellum þótt eitthvað sé þetta mismunandi eftir árferði.

Í öllum fjörðum Austur-Barðastrandarsýslu eru misjafnlega stór svæði með skógarleifum sem varðveist hafa í gegnum aldirnar allt frá landnámi, en hafa orðið fyrir miklum áföllum bæði frá mönnum og búfénaði.

Af sögnum fólks, sem enn er á lífi, er nokkuð vitað um notkun og eyðingu skógarsvæðanna á seinni áratugum síðustu aldar og fyrri áratugum þeirrar tuttugustu.

Stærstu skógarsvæði austursýslunnar munu vera út með Þorskafirðinum að norðvestan og stórvaxnasti skógurinn þar er á Hallsteinsneshlíð.

Hlíðin snýr vel móti suðri og sól og norðaustan stormurinn, sem er þarna kaldasta áttin, strýkur fjallshlíðina að sunnanverðu, þ.e. Reykjanesmegin, enda eru þar í hlíðum skriður miklar og berar. Á Hallsteinsneshlíð, - fyrstu landnámsjörðinni norðan við Breiðafjörð, að því er sagnir herma, - er kjarr og nokkurra metra háar skógarhríslur á allstóru svæði frá flæðarmáli og sumstaðar langt upp fyrir hina stölluðu fjallsbrún, sem víða er mjög lág.

Einn hjallinn í fjallsbrúninni heitir Kolviðarhjalli. Nafnið segir sögu staðarins, þar er nú

allt að 2-3 metra háur skógur og neðar í hlíðinni þar sem skjólsælla er og skógurinn stórvaxnari, fundust nýlega 5 kolagrafir með örstuttu millibili. Sagnir eru um það að Hallsteinsneshlíðin hafi lagt til drjúgan skerf af þeim viðarkolum sem Vestfirðingar og eyjabændur þurftu á öldinni, sem leið, til járnsmíða s.s. ljá- og skeifnagerðar o.fl. Nýting skógarins, þ.e. kolaflutningar til Vestfjarða í skiptum fyrir fisk, benda til þess að þetta hafi verið fastur liður í búskapnum, enda bjuggu þá stórbændur á Hallsteinsnesi á þeirra tíma mælikvarða með mörgu húsfólki, samkv. manntali oft um 20 manns.

Barðstrendingabók greinir frá því að 1 tunna af kolum hafi verið seld á 10 fiska og fjórar tunnur talinn hæfilegur hestburður í langferð, þ.e. tvær tunnur í bagga, en til þess að kolin molnuðu ekki í salla var haft lyng undir böndunum.

Staðarkirkja átti raftviðarítak á Hallsteinsneshlíð og eyjabændur hjuggu meiri skóg til eldiviðar á hlíðinni en annarsstaðar í austursýslunni, einkum á fyrri heimstyrjaldarárunum að því er vitað er. Þá voru fluttir út fleiri skipsfarnar á ári hverju, enda flutningar til sjávar sérlega hagstæðir, meðan stórvaxinn skógur var víða stutt frá flæðarmálinu, en það mun hafa verið nokkurnveginn föst regla að ráðast á skóginn þar sem hann var stærstur, einkum þegar skógur var höggvinn til raftviðar.

Freistandi er að víkja örlítið nánar að sögu og þýðingu skógarins fyrir byggðarlagið. Fullkomlega áreiðanlegar heimildir tel ég mig hafa fyrir því, að á harðindaárunum um 1880 og eflaust oftar, þegar grassprettu var sáralítill og hefyngur bænda beggja vegna Þorskafjarðar eftir því, þá hafi bændur rekið fé sitt á útmánuðum yfir ísinn á firðinum og beitt á skóginn, sem alltaf stóð upp úr snjónum þar sem hann er stórvaxnastur, þrátt fyrir mikið fannfergi, vegna skjóla á hlíðinni.

Þá var limið, sem stóð upp úr snjónum, iðulega höggvið af, flutt heim á bæina og þótti dágóður fódurbætir handa kúm og hélt það lífinu í mörgum gripnum.



*Hrísklyfjar á Hallsteinsnesi.  
Mynd Þ. Ól.*

Þannig hagar til um mestan hluta hlíðarinnar, að snjóla leysir fljótt, þegar kemur fram á útmánuði og sól hækkar á lofti, enda var talið að ám, sem komu illa undan vetri, væri borgið, ef hægt var að koma þeim í skóginn að vori til, enda þótt máttfarnar væru svo að reida varð þær í torfkrókum.

Nú eru aðrir tímar og aðrar kynslóðir koma til með að nýta þetta land. Nú eru sauðahjarðir eyjabænda hætta að hópast á þessa hlíð, því að allflestar eyjajarðir eru nú snauðar af sauðfé, sem þar til fyrir nokkrum árum var þarna í sumarhögum frá vori til hausts, og margar jarðir í sveitinni eru nú í eyði og þar á meðal Hallsteinsnes, sem hefur verið í eyði í rúm 20 ár.

Þetta má glögg sjá á gróðrinum, einkum utantil á nesinu í námunda við túnið, þar sem mestur var ágangur búfjár, skógurinn lágvaxnari og beitt á hann meira og minna allan veturinn.

Sem dæmi um breytinguna má nefna, að neðan við túnið er svo kallað Sauðhúsholt. Nú er það þakið lágvöxnu kjarri og lyngi, nema þar sem klappir standa upp úr. Svo er einnig um lágvaxið kjarr er var við fjölfarna sjávangötu frá bænum, þar sér þess varla merki hvar gatan var og erfitt fyrir gangandi mann að komast þar í gegn nú, fyrir mittis og axlarháu birkikjarri.

Eru það eindregin tilmæli þess, sem þessar línur ritar og gjörkunnugur er þarna öllum staðarháttum, að Skógrækt ríkisins kanni alla möguleika á því, að koma upp nytjaskógi á þessari umræddu hlíð sem hefur svo fljótt að undrun sætir endurnýjað, það sem frá henni hefur verið tekið, og hér hefur að nokkru verið lýst, því að frá sjónarhóli

leikmanna virðast þarna óvenju góðar aðstæður, vegna skjólsældar, því að mishæðir og klettaklif hljóta að veita skjól allt upp í 15-20 metra hæð.

En þrátt fyrir minnkandi ágang búfjár að undanfögnu, er skógrækt þarna hætta búin, einkum ef sauðfjárnargirðing í innanverðum Þorskafirði brestur, en til stendur að leggja hana niður. Virðist hugmynd Hákonar Bjarnasonar fyrir. skógræktarstjóra, þ.e. að setja upp girðingu yfir nesid á milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar (ca. 3 km bein lína) vera markmið, sem ætti að keppa að.

Innan þeirrar girðingar mundi lenda stærra svæði skógi eða kjarri vaxið, en hér hefur verið á minnst, þótt smátt sé víða vegna mikils ágangs búfjár o.fl. í alda raðir. Á Hallsteinsnesi hlíð eru 6 km á milli bæja. Sá hluti skógarins í hlíðinni sem lengst er frá byggð og minnstan ágang hefur hlotið vegna búfjár heitir Teigsskógur. Þarna er skógurinn einna stórvaxnastur og það sem lengi hefur ekki orðið fyrir öxi skógarhöggsmanna hefur náð 4-5 metra hæð.

Nú þegar ríkið er farið að styrkja skógrækt með verulegum fjárframlögum, er fyllsta ástæða til að ætla að tími sé til kominn að kanna alla möguleika á að bæta þessu skjólsæla skógarsvæði eitthvað af því sem frá því hefur verið tekið í aldarraðir, þegar íbúarnir höfðu ekki um annað að velja, en að ofnýta landið eða lúta í lægra haldi í lífsbaráttunni í harðbýlu landi.

## Jarðvegur og garðrækt

Öll ræktun hér á landi, hverju nafni sem nefnist, á og verður að byggjast á því, að jarðvegur sé frjór og í góðri rækt. Þetta gildir trjáræktina eigi síður en aðra ræktun. Hingað til hefur mjög skort á að menn geri sér nægilega grein fyrir þessu, og ekki eru margir áratugir liðnir frá því að margir staðhæfðu að áburður væri trjáam óþarfur og jafnvel óhollur. Bráðlæti og vanþekking við undirbúning trjáræktar hefur orðið mörgum garðeiganda til tjóns og vonbrigða þegar hafist er handa við garðrækt án fyrirhyggju. Úr þessu má þó oft bæta síðar og skal að því vikið í lokin.

Við undirbúning nýrra garða er margt að gæta.

Fyrst skyldi athugað dýpi jarðvegs, undirlag hans, halli lands á móti sól og aðrennsli vatns, bæði ofan og neðan jarðar.

Þar sem jarðvegur er þykkur, eins og oft er í gömlum túnnum eða óblásnu landi, skiptir undirlag hans oftast litlu máli. En ef hann er þynnri en tvær til þrjár skóflustungur gætir áhrifa frá því og þau eru meiri því grynri sem jarðvegurinn er. Þannig er t.d. loku fyrir það skotið að rækta tré á móhelli, ef jarðvegurinn er ekki nema tvær eða þrjár skóflustungur. Sama máli gildir um jarðveg á hrauni, þótt af öðrum orsökum sé. Í fyrra tilvikinu er ýmist vatnsvaðall á móhelli þegar frost leysir, sem veldur rötarslitum og getur velt trjánnum, eða þá að vatn safnast á flatir móhelli, sem veldur rötardaða. Í því síðara er mikil hætta á að jarðvegslagið þorni um of í þurrkum svo að trén deyjja úr vatnsskortri þegar þau stækka og vatnspörfin eykst. Þar sem jarðvegur hvílir á grágrýtisholti má oft búast við því, að smáar vatnslindir komi fram milli grágrýtisлага, en þær geta valdið bleytu á blettum á sumrum og frostlyftingu þegar langvarandi vetrarkuldar ganga.

Í Vestmannaeyjum og Hafnarfirði er t.d. víða svo grunnt á hrauni að trjárækt er útilokuð nema með mikilli aðfærslu af mold. Í Eyjum hafa tré víða komist nokkuð á legg, en þeirra ævi var öll þegar vatnspörfin jókst. Þetta varð til þess, að menn for-

dæmdu alla trjárækt þar án þess að gera sér grein fyrir orsökum trjádaðans. Á nokkrum stöðum í Kópavogi og Reykjavík er svo grunnt á móhelli, að þar er ekki unnt að rækta tré til frambúðar nema með mikilli aðkeyslu moldar. Í mörgum görðum í Skólavörðuholtinu og öðrum holtum í borginni hafa menn orðið varir við vatnsuppgang og jafnvel djújamyndanir eftir að mold hefur verið ekið ofan á holtin.

Þessi dæmi ættu að sýna, að betra er að kanna undirstöðu garðanna áður en hafist er handa um mikinn tilkostnað.

Oftast er því þannig háttáð, að bylta þarf til jarðvegi eða flytja mold að, áður en garðrækt hefst. Þrátt fyrir það, að íslenskur jarðvegur hafi ýmsa kosti til að bera og hafi verið frjór og myldinn fyrir á öldum er nú svo komið, að öll frjósemi er til þurrðar gengin í allri útjörð nema skóglendum landsins. Jafnvel túnmoldin, sem margir nota í garða, er dauð og líflaus að fráskildu grasróturlaginu. Hún er því gagnslaus í garða fyrir en hún hefur verið blönduð húsdýraáburði og látin brjóta sig um skeið. Er það gert með því að bylta henni til með áburði, stinga hana upp, þannig að mold og áburður blandist vel. Sé þetta gert síðsumars eða að hausti er moldin oft orðin sæmileg, á næsta vori.

Mór eða mýrarjörð er miklu auðugri af næringarefnum en þurrarmoldin úr túnnum eða moldarrofum, og þegar að mórmold þornar og veðrast getur hún orðið góð garðmold á tveim eða þrem missirum. Hana má bæta með áburði og sandi eða blanda henni saman við túnmold. Ýmsir mæla með kalkáburði í mórmoldina, en óvíst að hvaða notum það kemur. Kalkið ætti að flýta fyrir rotnun lífrænna efna og að leysa köfnunarefnið úr lífrænum samböndum. Sakir mikils innihalds af lífrænum efnum, hálfrotnuðum plöntuleifum, er mórmoldin svampkennd og sígur mjög saman eftir að úr henni er dreift. Verður að gera ráð fyrir siginu þegar gengið er frá sléttun garða.

Gott og gamalt ráð við ræktun nýrra garða er að

stinga þá upp ofan í tveggja skóflustungna dýpt og rækta svo kartöflur eða aðra rótarávexti í þeim fyrsta árið. Þetta vex mörgum í augum og þykir seinleg og vinnufrek aðferð, en hún margborgar sig því að garðurinn verður allur annar og betri um alla framtíð.

Í gömlum gördum, þar sem undirbúnings hefur ekki verið nógu vel gætt, getur margt farið úrskaiðis eins og bent hefur verið á hér að framan. Ráða má bót á mörgu með því að bæta við gróðurmold, ræsa fram vatnsuppgang og ýmislegt annað. En það, sem er mest um vert, er að halda jarðveginum í góðu ástandi og gæta þess að frjósemin gangi ekki til þurrðar. Það er unnt að gera á marga vegu og verður fæst af því nefnt hér. Þó skal þess getið, að þar sem mikið lauffall er, skyldi því sópað saman og lagt í haug, sem loka má og fergja með grasþökum. Úr þessu verður ágæt gróðurmold eftir rúmt ár. Ánamaðkar sækja mjög í laufið og flýta fyrir moldarmyndun. Þá er og næsta nauðsynlegt að

hygla öllum trjágróðri með áburði ekki sjaldnar en annaðhvert ár. Ef garðmoldin er komin í góða rækt má nota tilbúinn áburð, en góður húsdýraáburður eykur mjög líf allra smádyra í jarðveginum og þau gera hann myldinn og frjóan. Of stórir skammtar af tilbúnum áburði eru smáverunum hinsvegar óhollir, og því er rétt að gefa hann í smáskömmtum.

Þessu kynnast menn öllu betur þegar þeir fara að vinna í gördunum og fylgjast með þroska hinna ýmsu tegunda trjáa. Þá er beinlínis unnt og reyndar auðvelt að marka frjósemi jarðvegs af lengd og gildleika árssprota trjáanna. Til dæmis má hafa það til marks, að þegar sprotar á reyni eða alaskaósp eru grannir og stuttir er áburðar þörf. Þegar þessum trjátegunum líður vel eru árssprotarnir aðeins gildari en blýantur. Sama gildir einnig um aðrar trjátegunir, en það er erfiðara að koma auga á sultarmörkin þar sem sprotar þeirra eru grennri en hinna tveggja.

## Skógareldar

Oft hefur eldur skemmt skóg á Íslandi. Getið er um skógareld á Þingvöllum í Ölkofraþætti og í Árbókum Espólíns er hins sama getið á nokkrum stöðum. Þannig er sagt frá Úlfhildarbrennu á Þingvöllum árið 1578. Úlfhildur, kerling nokkur frá Arnarholti í Tungum, kveikti að ofyrisynju í Þingvallaskógi, og brenndi mikið skógaland. Árið 1778 segir svo: „Skógabrúni varð á þeim bæ á Barðaströnd, er Auðnir heita, var maður nokkurr að gjöra til kola í skóginum, og hljóp eldurinn óvörum í hrísið fyrir honum, brenndi síðan lengra og lengra út, frá því um messudaga og fram í September mánuð, þá regn fengu slökkt hann um síðir, og varð að mikill skaði.“

Sinubrunar hafa oft valdið skaða á skógi á síðari árum, m.a. á Þingvöllum, þar sem um 16 ha stykki eyddist. Slökkvistarfið gekk seint uns Kristinn Skæringsson kom með lið úr Reykjavík með eldvarnartæki, og réðist við brunann á nokkrum mínútum. Þessi tæki eru þýsk, um 30 sm stálfjaðrir á löngu skafti. Fjaðrirnar, sem eru 3-4 sm breiðar, ganga eins og vífta út frá skaftinu, og með því að berja þeim á brunarendurnar er mjög fljótlegt að slökkva magnaðan eld. Skógræktarfélag ættu að eiga slík tæki, jafnframt því að félagar ættu að fylgjast vel með sinubrunum.



# Kynnisferð norrænna skógræktarmanna til Íslands

Í Ársriti 1976 var skýrt frá því að á fundi snemma árs 1976 hefði stjórn Skógræktarfélags Íslands ákveðið að taka því boði að gerast aðili að Norræna skógræktarsambandinu (Nordisk skogunion). Í framhaldi af því þótti félagsstjórninni sjálfsagt að Skógrækt ríkisins stæði einnig að þessari aðild og tók hún þeim tilmælum. Stjórn sambandsdeildarinnar hér er því skipuð 3 fulltrúum frá hverri stofnun.

Eitt af markmiðum sambandsins er að efna til samvinnu um gagnkvæmar fræðsluferðir milli aðildarlandanna. Því varð það fyrsti skerfur okkar til slíkrar samvinnu að Skógræktarfélag Íslands gekkst fyrir fræðsluferð skógræktarfólks frá hinum Norðurlöndunum í lok júlímánaðar 1976.

Hingað kom 43 manna hópur, 10 Danir, 6 Finnar, 9 Svíar og 18 Norðmenn. Dvöldu gestirnir hér frá 25. júlí til 1. ágúst. Í ferð með þeim um landið slógust einnig íslenskir skógræktarmenn, bæði starfsmenn skógræktarinnar og áhugafólk.

Aðalmarkmið þessarar ferðar var að kynna erlendu þátttakendum íslenska skógrækt og þá fyrst og fremst val á trjátegundum og kvæmum við þau veðurskilyrði, sem hér eru, og sem kalla má erfð miðað við þær aðstæður, sem erlendu gestirnir eiga að venjast. Því var lögð á það áhersla að sýna hvernig tekist hefur til með innflutning trjátegunda og þá um leið metið og vegið hvaða möguleika hinar ýmsu tegundir og kvæmi hefðu sem skógartré og nytjaviðir. Þar sem þetta var aðal viðfangsefni kynnisferðarinnar tóku margir erlendir sérfræðingar þátt í henni, sem unnið hafa að skyldum verkefnum í heimalöndum sínum. Auk þessa voru þátttakendum kynnt önnur viðfangsefni í íslenskrri skógrækt og landgræðslu eftir því sem tími vannst til.

Þeir staðir sem heimsóttir voru og helst ber að nefna voru: Hallormsstaður, Ásbyrgi, Vaglaskógur, Akureyri, Hvammur í Skorradal, Þingvellir og Haukadalur í Biskupstungum.



Þátttakendur í ferð Norræna skógræktarsambandsins til Íslands í júlí 1976 skoða alaskaösp í Mörkinni á Hallormsstað. Öspin var gróðursett 1951, hæð 12-14 metrar.

Mynd: Jónas Jónsson.



*Nokkrir þátttakenda hlusta á fræðandi fyrirlestur. Frá v.: Stig Hagner dósent, Svíþjóð, Ole Fog, forstj. Dansk Skovforening, Christian Christensen, skógstj. Dansk heidafélagsins, prófessor Ola Börset, Ási í Noregi.*

*Mynd: Jónas Jónsson.*

Ef draga ætti saman það, sem erlendu þátttakendurnir létu uppi um árangur og möguleika í skógrækt og gróðurvernd hér á landi, þá var það eitthvað á þessa leið:

Árangur af ræktun innfluttra trjátegunda, s. s. stafafuru, lerkis, sitkagrenis, raudgrenis og reyndar fleiri tegunda má teljast framar öllum vonum og væri ástæða til að stórauka ræktun þeirra á vissum svæðum. Eru þá einnig hafðar í huga óbeinu nýttjar af ræktuninni, eins og t. d. verndaráhrif skógar á gróður og jarðveg, útvistargildi hans o. fl. T. d. ætti að gefa því meiri gaum en áður, að svarðgróður íslensku birkiskóglendanna hefur ætíð stórum meira beitargildi en gróðurlendi á bersvæði. Skipuleg beit í velhirtum skóglendum gæti því dregið úr beitarálagi á önnur gróðurlendi.

Hinsvegar er erfitt að meta, eða spá um það hvaða hagrænt gildi ræktun sumra trjátegunda kann að fá er frá líður, til þess er reynsla af ræktun þeirra of skammvinn og skógareiningar of litlar. En eins og nú horfir um vaxandi þörf á hverskonar skógarafurðum á heimsbyggðinni, þá verður í æ ríkari mæli, en nú er gert, að taka norðlæg landsvæði undir til viðarframléiðslu, svæði sem voru áður varla talin koma til greina í því sambandi.

Að lokum skal þess getið, að erlendu gestirnir létu mjög vel af Íslandsferðinni, bæði hvað snertir aðbúnað og annan undirbúning. Þá jók það á ánægju þeirra að veður var hið ákjósanlegasta mestallan dvalartímann.

## H.V:- dr. Bjarni Helgason segir frá:

Eins og mönnum er kunnugt hóf dr. Helgi Tómasson skógrækt af miklum dagnaði, stórhug og framsýni í Hagavík í Grafningi fyrir rúmum 40 árum.

Við skógræktarstarfið í Hagavík hefur fengist dýrmæt reynsla og því ekki úr vegi að miðla öðrum áhugamönnum af henni.

Dr. Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, sonur dr. Helga Tómassonar, tók við skógræktarstarfinu í Hagavík af föður sínum. Hann var beðinn að segja svolítið frá starfinu þar og þá fyrst hvernig faðir hans hefði fengið áhuga á skógrækt.

Bjarna fórust orð á þessa leið:

Faðir minn sagði mér eitt sinn frá því að áhuga sinn mætti rekja til þess, er hann var við framhaldsnám í Kaupmannahöfn. Þar starfaði hann við spítala en yfirlæknirinn hafði látið gróðursetja nokkur tré framan við sjúkrahúsið. Föður mínum þótti lítið til koma og plönturnar bæði ljótar og litlar. En nokkrum árum síðar kom hann þangað í heimsókn og þá notaði yfirlæknirinn tækifærið til að minna hann á gömul ummæli þar sem þeir stóðu í gróskumiklum trjágöngunum. „Hérna sérðu hvað getur gerst ef trúin er fyrir hendi“. Draumsýnin fyllti hann eldmóði sem aldrei dvínaði þrátt fyrir margvíslega erfiðleika, andbyr og skakkaföll. Trú hans á mikilvægi skógræktar til landbóta, mannbóta og allsherjar hagsbóta varð ekki haggð eftir þetta. Því var það að hann keypti jörðina Hagavík við sunnanvert Þingvallavatn árið 1936 og hóf þegar tilraunir til skógræktar og landgræðslu sem ennþá standa.

Fyrsta skógræktargirðingin var sett upp og árið 1938 voru gróðursettar þar 10 þúsund plöntur og árið eftir var bætt við líklega 15 þúsund plöntum. Að mestum hluta var þetta skógarfura og rauðgreni, en einnig töluvert af blágreini og broddgreini og voru þessar plöntur allar fengnar úr gróðrarstöðvum í Noregi.

Um árangur og reynslu af skógræktarstarfinu í Hagavík?

Ýmislegt hefur tekist vel miðað við aðstæður, þótt margt hafi farið öðruvísi en ætlað var. Skógarfuran t. d. sem sett hafði verið niður í tugþúsundavís er senn að deyja út af völdum furulúsarinnar. Okkur varð fljótlega ljóst eftir að lúsarinnar varð fyrst vart, að hér væri ekkert náttúrulegt mótvægi gegn lúsinni og því hættum við fyrr en aðrir að planta skógarfuru eða strax árið 1954. Auk þess var hún svo hægvaxta að hún hefur ef til vill átt lítið erindi til okkar þrátt fyrir allt.

Líklega hafa verið gróðursettar hátt í 70 þúsund skógarfurar í Hagavík á þessum árum.

Það sýndi sig líka um svipað leyti að blágreini og broddgreini átti ekki erindi á okkar slóðir. Framan af uxu þessar tegundir þó báðar mjög vel og framar öllum vonum, en á árunum 1953-54 fer að bera á einhverri óáran í þeim. Þau beinlínis visnuðu upp á fáeinum árum, þannig að um 10 árum seinna höfðu þau öll týnt tölunni sem tré. Í upphafi voru þetta rösklega 5 þúsund plöntur og voru yfirleitt um 1-2 m á hæð þegar þau féllu. Hvort þetta var af völdum veðráttu eða einhvers annars varð aldrei ljóst en líklegt er að veðráttan hafi ráðið þar mestu um.

Mest háði skógræktarstarfinu skortur á leiðbeiningum, t.d. hvar best væri að planta hverri tegund, hvort ætti að nota áburð o. s. frv. Skógræktarviðleitnin byrjar á þeim árum, þegar lítið er enn vitað um möguleika skógræktar hér á landi og reyndar öll þekking varðandi áhrif veðurfars og mikilvægis jarðvegsþátta í sambandi við hvers kyns ræktun er næsta bágborin.

Þegar þetta er haft í huga verður það, sem sæmilega og vel hefur tekist, því athyglisverðara. Þar á ég sérstaklega við sitkagrenið. Hið elsta af því var gróðursett árin 1943 og 1944. Við þá gróðursetningu var ekki verið að elta skjólið frá birkikjarrinu, heldur sett í opið graslandi innan um



*Sitkagreni í Hagavík, tettað frá Cordova, Alaska, gróðursett 1949. Myndin tekin 1959.*

*Mynd B. H.*

broddgrenið. Broddgrenið dó eins og áður er vikið að en sitkagrenið er nú hæst um 12-14 metrar og hefur borið þroskað fræ a. m. k. þrisvar sinnum eftir 1970. Á bestu vaxtarárunum, 1954-1958 náðu árssprotarnir allt að 80 cm lengd.

Vaxtargeta sitkagrenisins er svo mörgum sinnum meiri en annarra tegunda sem við höfum reynt í Hagavík. Það er miklu harðgerara og þrautseigara, ef svo má segja, en aðrar tegundir. Ef nýta á vaxtargetu þess til fulls, þarf það sérstaklega góð jarðvegsskilyrði, en það eru einmitt hin ólíku gæði jarðvegsins, sem skógræktarhugamenn gerðu sér ekki grein fyrir á þeim árum og sumir jafnvel ekki enn. Þess vegna lenti of mikið af plöntum hjá okkur, eins og annars staðar á stöðum, sem reynslan átti svo eftir að leiða í ljós að voru óheppilegir fyrir greniplöntur.

Þetta hefur reynt sérstaklega bagalegt hvað rauðgrenið snertir. Rauðgrenið á ekki undir neinum kringumstæðum heima í lyngmóum eða lyngþúfum. Í kjarlendi vex það sæmilega því aðeins að jarðvegurinn sé vel rakur og kjarrið gróskumikið. En um leið og það kemur upp úr skjólinu má reikna með að dagar þess séu taldir. Rauðgrenið þolir sem sé illa næðing og þarf að velja því vaxtarstað af

mikilli kostgæfni. Að þessu leyti stendur sitkagrenið rauðgreninu langtum framur.

Í sambandi við þennan samanburð á sitkagreni og rauðgreni er athyglisvert að við gróðursetningu virðist vera hægt að komast af með mun lélegri rauðgreniplöntur en sitkagreni. Afföllin við gróðursetningu sitkagrenis virðast mér vera miklu meiri. Sitkagreniplönturnar verða að vera tiltölulega stórar en þó ekki renglulegar, þær verða að hafa gallalaust rötarkerfi og óskemmdan topp ef verulegs árangurs á að vænta.

Gróðrarstöðvarnar verða að taka sig verulega á við framleiðsluna á sitkagreniplöntum til þess að ná þeim plöntugæðum, sem nauðsynleg eru fyrir alvöruskógrækt. Í þessu sambandi er vert að gera sér grein fyrir því, að uppeldi sitkagrenis í gróðrarstöðvum er mun erfiðara viðfangs en þeirra annarra barrtegunda, sem við væntum okkur einhvers af.

Stafafuru hef ég of litla reynslu af til að segja mikið um, en óneitanlega virðist hún efnileg, ef ekki er eytt tíma í að gróðursetja of smáar plöntur. Of mikið af of smáum plöntum er áreiðanlega meðal margra mistaka sem við skógræktarmenn eigum að geta dregið lærdóm af.

Allt rauðgreni í Hagavík er af Ranastofni og



Sama sitkagrenið, myndin tekin í mars 1978.

Mynd B. H.

flutt inn sem fjögurra ára plöntur frá Noregi. Mesta hæð þess er á 6. metra síðan 1948. En sitkagrenið er ýmist upprunnið frá Cordova eða Pigot Bay í Alaska og fengið úr gróðrarstöðvum hér. Eitt árið fengum við nokkur þúsund sitkagreni frá skoskri gróðrarstöð, geysifallegar plöntur, en uppruni þess var of suðlægur (British Columbia) þannig að sú tilraun fór fyrir lítið. Margar aðrar tilraunir voru gerðar, m.a. með sáningu furufræs beint út í náttúruna, strax á árunum 1943-45 en ekkert óx upp af því.

Hagavíkin var gamalt býli og var búið þar allt til ársins 1945. Má segja að það hafi verið á þeim tíma alveg ótrúlega afskekkt fjallabýli, þótt það sé ekki nema um 40 km í beina línu frá Reykjavík. Það féll því úr venjulegri ábúð þegar „þjóðflutningarnir“ á mölina hófust.

Árið 1946 veitti Landgræðslusjóður lán til girðingaf framkvæmda og þá var sett upp sú girðing sem ennþá stendur, með lagfæringum þó. Lengd hennar er um 12 km og flatarmál innan hennar nálægt 450-500 ha. Um þriðjungur svæðisins er gróðursnautt og örfoka land. Fjallendi sem þessu fylgja mikil rofabörð. Tilraunir til uppgræðslu á rofabörðum hafa því verið gerðar margar. Framan

af var fylgt hefðbundinni ríkjandi forskrift „landgræðslumanna“ við að stinga börðin niður jafnframt því sem fræi og áburði var dreift. Margir ímynda sér að bara þurfi að friða landið fyrir sauðfé, svo að það nuddi sér ekki inn undir börðin. Við friðunina fái börðin tækifæri til að síga sjálfkrafa saman og loka sér og þar með sé hættan liðin hjá. Svona er þetta sárasjaldan. Margir vilja trúna því að málið sé svona einfalt, en misskilningurinn stafar af því hve þeir hafa haft fá tækifæri og stuttan tíma til að fylgjast með hvernig þessum breytingum og hreyfingum jarðvegsins er háttað.

Í Hagavík höfum við haft hér um bil 40 ár til þess að sjá árangur mismunandi „læknisaðgerða“ í þessum efnunum. Í ljósi þess fullyrði ég, að sjaldan sé það varanlegt ráð að stinga börðin niður, nema hægt sé að slétta börðin því meira út.

Það sem best hefur gefist er að sá grasfræi í allt moldarflagið, sem myndast við rofið og eins langt inn undir það og hægt er, ef það er ekki fallið niður. Best er að sá, þegar vorsólin er að byrja að bræða klakann, - og þá má heldur ekki spara fræið því að samfelld grasrót þarf að nást fyrir haustið.

Blandaðan áburð hef ég borið á, þegar sæmilega er farið að spíra og tek vallarsveifgras fram yfir



## Rótarkerfi og uppeldi trjáplantna

Mönnum gleymist oft að stór hluti af hverju tré vex og lifir neðanjarðar. Á unga aldri eru ræturnar allt að 45% af viðarmagni hvers trés, en þegar það eldist breytist hlutfallið og minnkar ofan í um 30% af allri stærð þess. Augu manna, skógræktarmanna ekki síður en annarra, hafa löngum beinst að því, sem í sjónmáli er, og þeir eru fremur fáir, sem hafa athugað vöxt og gerð rötanna á ýmsum aldurs skeiðum trjáanna.

Langt fram á átjándu öld byggðist skógrækt að mestu á því, að skógarnir voru látnir endurnýja sig sjálfir. Gróðrarstöðvar urðu ekki til að neinu marki fyrr en farið var að auka skóglendin með gróðursetningu í skóglaus lönd eins og t.d. heidarnar á Jótlandi. Reyndin varð sú, að oft var fljótvirkara að planta til skógar en að bíða eftir sjálfsáningum, og eins vildu menn oft rækta aðrar og nýjar tegundir trjáa, en þær, sem fyrir voru. Fyrir þá sök var óhjákvæmilegt að koma ótal gróðrarstöðum á fót út um allar jarðir. Uppeldi trjáplantna í gróðrarstöðvunum fór fram með mjög svo hefðbundnu sniði og settum reglum, sem menn höfðu tamið sér með langri reynslu. Meðan nóg var af vinnuafli voru plönturnar settar niður á framtíðarlöndin á nostursaman hátt, og þessir starfshættir gáfu góða raun.

Fyrir um hálfri öld komu upp ýmsar nýjar hugmyndir og hagspekingar þrýstu á til að auka afköst og hagnað jafnframt því að vinnuaflið varð dýrara. Þá er farið að hraða gróðursetningum með óvandaðri aðferðum en áður, t.d. með spjóti eða „petti“ og troða plöntunum ofan í holur í órótaðri jörð, og svo var farið að ala upp plöntur í litlum pottum, plashólkum og kramarhúsum, og uppeldinu er hraðað sem mest má verða í stórum gróðurhúsum. Uppeldið verður vélvætt að miklu leyti og á þann hátt lækkar verð plantna til muna.

Á skógarvikunni í Svíþjóð í fyrra, en svo nefnist landsfundur sænskra skógræktarmanna, þar sem

rædd eru vandamál líðandi stundar og nýjum hugmyndum komið á framfæri, var skýrt frá athugunum á árangrinum af gróðursetningu undanfarinna ára. Þær voru gerðar á árunum 1974 til 1976 og bera með sér að hvorki meira né minna en 60% af plöntuninni hefur mistekist að meira eða minna leyti. Ýmsar orsakir liggja til þessa, sem of langt mál er að rekja, en hér er um feikna verðmæti að ræða þar eð Svíar gróðursettu 440 milljónir plantna árið 1975. Af þessu magni voru nærri 40% plöntur úr litlum pottum eða kramarhúsum.

Með því að pottaplönturnar geta lifað ágætu lífi og vaxið í nokkur ár áður en á þeim fer að sjá, er langt frá því að öll kurl séu komin til grafar í sambandi við þessar ískyggilegu athuganir.

Fyrir fimm árum kom út grein í tímariti Sænska skógræktarfélagins eftir Fritz Bergman og Börje Häggström, þar sem þeir lýsa bæði eigin tilraunum og athugunum á rötarmyndun furuplantna eftir gróðursetningu, svo og því, sem aðrir hafa gert í sömu átt. Þeir segja m.a. frá því að árið 1947 var 3/0 skógarfura gróðursett með spjóti í sérstakan reit, og fram til ársins 1953 virtist allt leika í lyndi. Plönturnar voru um mannhæð þegar á því fór að bera að trén vildu velta um koll, og eftir fá ár voru flestar á fallandi fæti eða dauðar. Við athugun kom í ljós, að ræturnar höfðu aldrei náð eðlilegum þroska og uxu í flækjum í stað þess að leita niður og út frá plöntunni.

Síðan skýra þeir frá athugunum margra annarra og benda á, að greni eigi líka í erfiðleikum með eðlilega rötarmyndun, ef plönturnar standi of lengi í pottum.

Í grein eftir Sören Grene frá því í desember 1977, sem birt er í Dansk Skovforenings Tidsskrift, er sagt frá fjölda athugana og tilrauna á undanföllum árum, sem gerðar hafa verið á rötavexti trjáplantna í pottum og gerður samanburður á þessum plöntum og öðrum, sem aldar hafa verið upp á



*Birki við þjóðveginn frá Akureyri og inn í Eyjafjörð. Plöntur teknar úr sáðbeði. Aldur um 18 ár.*

*Mynd: H.B. 1974.*

venjulegan hátt. Af greininni virðist ljóst, að uppeldi í pottum og plasthólkum er miklu meiri vandkvæðum háð en ætlað var í fyrstu. Ef plönturnar eiga að komast óskemmdar úr pottunum verður að taka þær úr þeim áður en rótarendar snerta vegg ílátsins. Ræturnar mega alls ekki fara að vinda upp á sig og vaxa meðfram veggjum, kannske í nokkra hringi innan í pottinum, án þess að bíða tjón af. En sá er hængur á þessu, að plantan er mjög lítil og viðkvæm á þessu skeiði, þannig að hún er helst til lítil til gróðursetningar, þegar rótarendar fara að snerta vegg pottanna. Gildir það ekki hvað minnst, ef gróðursetja skal á norðlægum slóðum að dómi Finna.

Fyrir nokkrum árum var farið að ala plöntur upp í plastrúllum, en nú er því víða hætt aftur, m.a. vegna kostnaðar við flutning ungvíðisins úr gróðrarstöð á plöntunarstað. Þessi uppeldisaðferð var ekki fráleit að því tilskildu að nóg samloðun væri í þeim jarðvegi, sem plönturnar voru aldar upp í. Á þann hátt fylgdi jarðvegur með rótunum og plantan gat komist í jörð án þess að rætur yrðu fyrir hnjaski. Ekki verður annað séð, að þessi aðferð hafi gefist vel hér, þar sem allt var vel undirbúið, og er ekki ólíklegt að henni verði haldið eitthvað áfram þar eð á þennan hátt má geyma plönturnar æði lengi á áfangastað.

Rúlluaðferðin er nú að hverfa og pottaaðferðin tekin upp í staðinn. Hefur þetta gerst með svo skjótum hætti, að tæpast var komin full reynsla á lífsmöguleika pottaplantna þegar ráðist var í að umbylta mörgum stórum gróðrarstöðvum með ærum kostnaði. Ýmsir hafa nú látið í ljósi efasemdir sínar um gæði og lífsmöguleika potta-

plantnanna, en reynslan mun skera úr þessu á næstu árum.

Athugulir skógræktarmenn hafa vítað það í meira en mannsaldur að fururætur þola ekki mikið hnjask og plöntur eiga sér ekki lífs von, þegar rótum þeirra hefur verið kuðlað saman við gróðursetningu. Töluvert hefur á því borið, að stafafura vildi losna og falla um koll í ýmsum gróðursetningum hér. Allar líkur benda í þá átt, að hér sé óvandaðri plöntun um að kenna. Í Skotlandi og Englandi hefur stafafura verið mjög plantað undanfarna tvo og þrjá áratugi, og þar hafa víða orðið miklir skaðar af því, að trén féllu umvörpum um koll áður en þau urðu svo stór að viðurinn væri nýtanlegur að nokkru marki. Ég hef staðið yfir verkamönnum við gróðursetningu stafafuru í ákvæðisvinnu þar í löndum, þar sem allt miðaðist við afköstin, og furðar mig ekki á að árangur varð ekki betri en raun hefur orðið á.

Því miður vita menn enn of lítið um afleiðingar hnjasks og skemmda á rôtarkerfi hinna ýmsu trjategunda. Trjategundirnar þola skemmdir mjög misjafnt. Sumar þola meira en aðrar, t.d. virðast bæði víðitegundir og aspir þola harkalegar rôtarskemmdir án þess að á sjái. Um birki vitum við ekki neitt. En það hefur vakið athygli, að sjálfsáíð birki og birkiplöntur, sem teknar eru beint úr sáðbeðum og plantað til frambúðar, verða yfirleitt beinstofna og jafnvaxnar, en hinsvegar bregður til beggja vona, þegar umplantaðar plöntur eru gróðursettar.

Við Kirkjubæjarklaustur á Síðu voru einvörðungu gróðursettar birkiplöntur beint úr sáðbeði í stóran reit ofan bæjarhúsanna á árunum 1940 til



1942. Fræið hafði verið sótt í Bæjarstað, en hvort sem það kemur af því, eða af uppeldinu, þá eru hér einhverjar hinar beinvöxnustu bjarkir landsins. Ofan þjóðveggarins frá Akureyri og suður í Eyjafjörð, skammt innan við flugvöllinn, plantaði Ármann Dalmannsson birki úr sáðbeði um 1956. Mynd, sem tekin er fyrir 4 árum, sýnir fallett vaxtarlag þessara trjáa betur en langar lýsingar. Í

Haukadal í Biskupstungum var sáð birki frá í plægða og herfaða móa vorið 1942. Upp af því hefur vaxið mjög fallett og beinstofna birki. eru þessir þrír teigar allir svipaðir að því er vaxtarlag snertir, og því hlýtur sú spurning að vakna, hvort vaxtarlag birkis skemmist ekki við umplöntun þess í gróðrarstöð? Og er ekki óþarfi að fást við dreifsetningu á birki yfirleitt?

## Móðuharðindin og eyðing skóga

Móðuharðindin 1783 hafa verið talin einna mest hallæri á Íslandi. Er Skaftáreldum um kennt en annarra orsaka er að litlu getið. Við athugun á árferði fyrir og eftir Skaftárelda virðist þó svo sem það eigi ekki hvað minni sök á skepnufelli og manndauða en sjálfir eldarnir. Eldarnir ollu mjög miklu tjóni í Skaftafellssýslum og ef til vill austast í Rangárvallasýslu, en annarsstaðar er hæpið að telja þá hafa skemmt mjög gróður. Að vísu er svo talið í ýmsum gömlum heimildum, að þeir hafi m.a. skemmt mjög skóga á Héraði eystra, en þær eru miklu yngri en sjálf gosið. Gosi úr Kötlu 1755 hefur verið kennt um það sama, en slíkt fær á engan hátt staðist. Um þessi atriði má lesa í Ársritinu 1955, í grein Skúla Þórðarsonar: Úr sögu skóga á Austurlandi, og í Ársritinu 1972-73, í grein Hákonar Bjarnasonar: Þættir um skóga á Austurlandi, þar sem þessu atriði eru gerð rækilegri skil en fyrr hafði gert verið.

Samkvæmt Árbókum Espólins og Árferði á Íslandi eftir Þorvald Thoroddsen var stöðugur fjár-

og gripafellir allt frá 1777 og fram yfir Skaftárelda. Á stundum svo mikill, að til landauðnar horfði í ýmsum sveitum, t.d. á Langanesi, Snæfellsnessýslu og jafnvel í Ölvesi árið 1781. Næsta ár var grasleysiár fyrir norðan land og síðan tók við vetur með miklum áfreðum frá hausti og fram að einmánuði. En áfreðar voru öllum búpeningi hinn hættulegasti og ollu miklum skepnudauða, sem svo aftur leiddi af sér mannfelli. Svo komu móðuharðindin í júní 1783, en næsti vetur var einnig með blotum og áfreðum á víxl um mestallt landið. Hélt þá fellirinn áfram ásamt manndauða, og var svo skuldinni skellt á eldgosid og móðuna miklu, en hún var fíngerð gjóska, sem lengi hélst í lofti en lítil merki sjást eftir hana í jarðvegi. Gaddur kom upp í búfé nálægt eldstöðvunum, en fjær þeim er hans að engu getið. Er því vafasamt að kenna Skaftáreldum um skepnufelli og manndauða, eins og gert hefur verið fram að þessu, nema í sveitum þeim, sem næstar voru eldstöðvunum. Sama máli gildir um skemmdir á skógum og öðrum gróðri.

# Minningarorð

*Skylt og ljúft er að minnast þeirra manna, sem skógrækt á Íslandi stendur í þakkarskuld við. Hér er minnst fjögurra slíkra, tveggja erlendra og tveggja innlendra.  
Ársritið hefur því miður ekki mikið rúm fyrir minningargreinar.*

Hákon Bjarnason



## Walter Mann Skógstjóri Þýska Sambandslýðveldisins 20. ágúst 1898 - 21. júlí 1976

Árið 1960 kynntist ég Walter Mann á heimsfundi skógræktarmanna í borginni Seattle í Washington og urðum við samferða til Alaska að þeim fundi loknum. Mér varð strax maðurinn mjög hugþekkur fyrir hlýju hans, góðvilja og einlægni. Þessi kunningsskapur leiddi til heimboðs til Þýskalands og þriggja vikna dvalar í boði skógstjórnarinnar í Bonn í september 1961, sem ég skýrði frá í Ársritinu 1962. Walter Mann ferðaðist með mér í eina viku um Norður-Þýskaland og til Berlínar og sendi mig síðan með leiðsögumanni og einkabifreið í hálfmánaðar ferð um Suður-Þýskaland. Var það með lærdómsríkari ferðum, sem ég hef farið. Árið 1963 kom Walter Mann hingað til lands og ferðaðist ég með honum um landið í 10 daga. Síðar gisti ég hjá honum suður í Bæjaralandi eftir að hann lét af störfum.

Walter Mann skrifaði grein um ferð sína til Íslands í Allgemeine Forstzeitschrift, sem birt var í þýðingu í Ársritinu 1964. Ennfremur hélt Mann fyrirlestra um Ísland eftir heimkomuna á nokkrum stöðum í Bæjaralandi, en þá reit hann eftir mjög nákvæmri dagbók, sem hann hélt á ferð sinni um landið og margskonar upplýsingum, sem hann hafði viðað að sér.

Eftir heimkomu sína fékk Walter Mann því til leiðar komið, að Sambandslýðveldið gaf hingað fjölda rannsóknartækja að rannsóknarstöðinni. á Mógilsá, sem að verðmæti voru um eða yfir 2 milljónir króna að þeirra tíma verðgildi.

Walter Mann átti viðburðaríka ævi og hún var síður en svo þægileg. Hann var fæddur í Horhausen 20. ágúst 1898, og hann var tekinn í herinn beint af skólalækk í fyrri heimsstyrjöldinni. Þar var hann tekinn til fanga af Frökkum og kom heim úr fangabúðum árið 1920. Námi lauk hann því ekki fyrr en 1925, en síðan var hann við skógræktarstörf á tveim stöðum, en frá 1936 til 1939 stjórnaði hann Forstamt Kösching, en það er allmikil staða í Suður-Bæjaralandi. En þá hófst stríð að nýju með öllum þeim ósköpunum er því fylgdu. Þá varð hann enn að hlýða kalli hersins, en í þetta sinn þurfti hann ekki að fara í fremstu víglínu, heldur var hann settur yfir skógstjórn í Krakau í Póllandi. Sagði hann mér frá því hvernig margir þýskir foringjar hefðu reynt að milda hernámið og draga úr ofsalegum fyrirskipunum svo sem mest mátti verða. Alls var hann næri fjórða hluta úr ævi sinni í herþjónustu, og var það auðheyrt á tali hans, að hann harmaði að slíkt skyldi geta gerst meðal

þjóða, er teldu sig sæmilega síðaðar. Hafði hann megnustu óbeiti á hverskonar herförum sem von var.

Þegar stríði lauk tók hann við sinni fyrri stöðu um stundarsakir en var brátt kallaður til Stuttgart í hærri stöðu og síðar til Frankfurt til að koma á skipulagi við skógræktina og reisa hana við eftir stríðið.

Árið 1950 var hann kvaddur til Bonn í skógræktarráðuneytið, og árið eftir varð hann yfirmaður þess, en það er æðsta staða skógar mála í

Vestur-Þýskalandi. Gegndi hann þessari stöðu í 13 ár, en seint á árinu 1963 lét hann af starfi og settist að í Trostberg í Bæjaralandi. skammt frá austurrísku landamærunum.

Walter Mann kom mjög við sögu í sambandi við aðstoð Þjóðverja til vanþróaðra þjóða. Af þeim sökum fór hann víða um heim og leit á allt með óþrjótandi góðvilja og bjartsýni. Enda hefði maður ekki lifað hörmungar stríðsáranna af, sagði hann eitt sinn við mig, ef maður hefði ekki ávallt séð einhvern vonarneista þegar öll sund virtust lokuð.

## Ludvig G. Braathen

17. mars 1891-27. desember 1976



Líðnir eru röskir tveir tugir ára frá því að ég kynntist skipaeigandanum Ludvig G. Braathen. Sigurður Magnússon fulltrúi Loftleiða stefndi okkur saman í Hljómskálagarðinum í norðaustanþéppu snemma vors. Braathen hóf strax máls á því, hve Reykjavík væri kaldranalegur bær og umhverfið nakið og bert. Hann sá hvergi annað en berangur þar sem hann hafði farið um. Þessi fyrsti fundur varð til þess, að hann kvaðst vilja leggja fram nokkra gjöf til að ráða bót á gróðurfátækt landsins. En fundur okkar varð líka upphaf vináttu og mikilla kynna.

Ludvig G. Braathen var af bændafólki kominn í ættir fram. Faðir hans var bóndi skammt frá Drammen, og þar ólst hann upp við venjuleg sveitastörf en aflaði sér menntunar á kvöldum og um helgar. Þegar hann hafði aldur og þroska hleypti hann heimdraganum og réðst til útgerðarfélagis í Bristol, þar sem hann lærði undirstöðuatriðin að rekstri skipa. Kom hann heim til Noregs þegar hann hafði numið nóg. Vann hann hjá öðrum um stund en stofnaði brátt sitt eigið út-

gerðarfélag og með hagsýni efnadist hann fljótt. Hann tróð ýmsar nýjar brautir í útgerðarmálum svo skip hans nýttust vel og síðar sneri hann sér að olíuflutningum með stórum skipum. Skip hans sigldu einkum á Kyrrahafi og voru leigð til margra ára. Þegar síðari heimsstyrjöldin braust út varð hann landflótti til Svíþjóðar, og þaðan stýrði hann flota sínum. Hann fylgdist þá með þróun flugvéla og sá strax hvaða framtíð flugi var búin. Árið eftir að styrjöld lauk stofnaði hann eigið flugfélag, sem hlaut nafnið Braathens S.A.F.E, en það var aðeins skammstöfun fyrir South-America-Far-East.

Félagið byrjaði með lengsta áætunarflugi, sem um getur í flugsögunni, og hélt því uppi um nokkur ár. Var flogið einu sinni eða tvisvar í viku frá Suður-Ameríku um Ísland og Noreg og þaðan til Hong Kong. Gekk þetta flug mjög að óskum uns norsk stjórnvöld brugðu fæti fyrir það. Þegar sósíaldemókratar á Norðurlöndum, að Finnum og Íslendingum undanskildum, og með hjálp og stuðningi sænskra auðmanna stofnuðu flugfélagið SAS ætluðu þeir því félagi einkarekstur á öllum

flugleiðum. Þar á meðal var flugið til Hong Kong. Braathen var því sviptur flugleyfinu af norskum stjórnvöldum, en þá komu Bretar til skjalanna og neituðu SAS um flugleyfi. Þessi endemisskyssa Norðmanna varð vatn á myllu Loftleiða því eftir þetta hófst náin samvinna á milli þeirra og Braathens SAFE, sem mjög varð til þess að tryggja rekstur þessa litla félags okkar Íslendinga. Höfðu báðir aðilar hið mesta gagn af samvinnunni meðan hún stóð. Án nokkurs minnsta vafa hefði staða flugfélaga okkar verið mikið betri í dag, ef farið hefði verið að ráðum Braathens um fyrirkomulag flugferða og samvinna upp tekin löngu fyrr. Því miður bárum við ekki gæfu til þess.

Ótaldir eru þeir erfiðleikar, sem Braathen varð að glíma við til að koma flugfélagi sínu á traustan grundvöll, enda reyndi SAS að bregða fæti fyrir hann eins og Loftleiðir æ ofan í æ og naut það að jafnaði stuðning stjórnvalda til þess. Fyrir þrautseigju og hugkvæmni tókst Braathen að efla svo félag sitt, að það hefur nú töluverðan hluta af innanlandsflugi í Noregi, og þar í landi er betri flugþjónusta innanlands en annarsstaðar á Norðurlöndum.

En Ludvig G. Braathen hafði fleiri áhugamál en samgöngur á lofti og legi. Hann hafði næma tilfinningu fyrir lífi og starfi fólks á öllum sviðum og oft heyrði ég hann ræða um uppskeru bænda þegar við vorum á ferð um landið og hann var áhugamaður um skógrækt, enda átti hann víðlenda skóga í Austurdal. Þangað fór hann oft til hvíldar og dvaldi þar á haustin við veiðar. Lét hann sér annt um að stækka skóglendið út yfir feikna stóra mýrafláka, og öllum tekjum, sem af skógunum komu og voru á stundum eigi smáræði, varði hann til endurbóta á landinu og plöntunar.

Frá 1956 og næstu 10 ár lagði Braathen fram fé til þess að planta skógi hér á landi. Alls lét hann af

hendi rakna 110.000 n. kr. á þessum árum, og fyrir þær hefur verið plantað í 27 ha lands á Stálpastöðum og enn stærri reit í Haukadal. Á þessum árum kom hann oft hingað til lands og vitjaði hann í hvert sinn reitsins í Skorradal, sem hann tók ástfóstri við og fylgdist með vexti hans.

Ludvig G. Braathen var einstakur maður, viljafastur, einbeittur og hygginn mjög í öllum athöfnum. Fyrir hans atbeina hefur Norðmönnum m. a. tekist að koma upp stórum loftflota, sem þeir að öðrum kosti hefðu aldrei eignast.

Fyrir tveim tugum ára sátum við þrír, Braathen, Alf Langsæter, þáverandi skógstjóri Noregs, og ég á lækjarbakka langt uppi í Austurdal. Komum við af langri göngu og átum af nesti okkar. Forvitinn, eins og ég alltaf er, spurði ég Braathen að því, hvað hann ætti mörg skip á sjó. Svaraði hann á þessa leið. Ég er nú orðið enginn stórútgerðarmaður. Nú eru ekki nema 165.000 tonn á floti, aðallega á Kyrrahafi, en framtíðin er í loftferðum um allan heim, ekki aðeins með farþega heldur með hverskonar dýra vöru. Norðmenn voru eitt sinn með mestu siglingaþjóðum heims og skip okkar sigldu björg í bú. Ég hef ekki hug á að stækka flota minn umfram það, sem nauðsyn krefur, en hann gefur mér góðar tekjur, sem ég ver til þess að koma upp loftflutningum. Ég stefni að því, að Norðmenn megi í framtíðinni ná svipaðri aðstöðu í lofti eins og þeir eitt sinn höfðu á heimshöfunum. Nú stefnir allt að því, að okkur verði meinad þetta, SAS hefur einkaleyfi til loftferða um nærri öll Norðurlönd og teygir arma sína í allar áttir, og það endar með ósköpum fyrir Noreg, ef enginn reynir að rétta þess hlut. Ég ætla mér að verja öllum mínum fjármunum til að svo megi verða, að Noregur eignist eigin loftflota, sem engum öðrum er háður. Svo talaði þjóðhollur Norðmaður árið 1957.

# Klemenx Kr. Kristjánsson

14. maí 1895 - 9. maí 1977



Fornvinur minn, Klemenx Kr. Kristjánsson, andaðist sl. vor nær 82 ára að aldri. Hann var að mínum dómi fjölhæfasti ræktunarmaður landsins á því skeiði, sem liðið er af þessari öld.

Barnsskóm sínum sleit hann í harðbýlustu sveit landsins, sem nú er að vonum öll í eyði, Sléttuhreppi nyrst á Vestfjörðum. Flytst hann þaðan og suður þegar hann er á 10. ári. Syðra voru kjörin líka kröpp, og fátækir unglingar áttu ekki margra kosta vöð á fyrsta tug aldarinnar. Nokkru eftir fermingu ræðst hann í vinnumennsku að Stórahöfi til Guðmundar Þorbjarnarsonar, en hann hafði mikil umsvif og stórbú og var heimilið mannmargt. Þar var Klemenx í þrjú ár og hefur vistin orðið honum góður skóli. En hugur Klemenzar stefndi herra en að vinnumennsku, og 21 árs að aldri ræðst hann til Danmerkur, þar sem hann vinnur fyrir sér og getur aflað sér skólamenntunar. Er hann síðan í Danmörku að mestu fram til ársins 1923 og tókst að afla sér ágættrar menntunar í korn- og grasrækt. Með aðstoð góðra manna, Sigurðar búnaðarmálastjóra Sigurðssonar og Metúsalems Stefánssonar og fleiri, gat hann hafist handa þá þegar í Aldamóttagörðunum í Reykjavík við að rækta nokkrar korn- og grastegundir. Að vísu voru þetta ekki stórfelldar tilraunir þar efni voru lítil til hvers sem var, en forustumönnum landbúnaðarmálanna á þeim árum var ljóst, að framtíð búskaparins var fyrst og fremst undir góðri ræktun komin.

Enda réðist það svo, að Búnaðarsamband Suðurlands og Búnaðarfélagið komu á fót tilraunastöð á Sámsstöðum í Fljótshlíð árið 1927, og varð sá staður síðan vettvangur hins mikla starfs Klemenzar. Þar ræktaði hann ýmsar tegundir byggs á ökrum, sem aldrei urðu ófrævir, auk annarra korn tegunda, sem hann kom til nokkurs

þroska, og fjölda grastegunda. Á Sámsstöðum ræktaði hann einnig íslenskt grasfræ fyrstur manna, en sakir landþrengsla og annarra skyldustarfa gat hann aldrei ræktað svo mikið fræ sem þurft hefði. Auk þess ræktaði Klemenx skjólbelti og sýndi fram á þýðingu þeirra við hverskonar ræktun. Hann margbenti mönnum á hverja þýðingu góð jarðvegsvinnsla hefði og margt annað, sem komið gæti búendum að nytjum.

Nú hefði mátt ætla, að ýmsir hefðu fetað í fótspor Klemenzar. Þeir urðu færri en vonir stóðu til, ekki minnst sakir þess, að þeir, sem helst hefðu átt að skilja og styðja Klemenx, báru ekki gæfu til þess. Hinsvegar hafa þeir reynst góðir bændur, sem fylgdu leiðsögn hans. Um mörg ár átti Klemenx við vantrú manna að stríða og tregðu, en loks þegar tekið var upp á því að feta í fótspor hans, var ráðist í kornrækt á tveim stöðum án nægilegs undirbúnings og á sumri, sem af hendingu var mjög kalt, þannig að hvortveggja mistókst hrapallega. Svo var þessu kastað fyrir róða því þolinmæði og úthald brast. Hinsvegar hafa sumir lærisveinar Klemenzar ræktað bygg ár eftir ár og oftast með góðum hagnaði.

Þá má geta þess, að Klemenx ræktaði fyrstur manna gras á Rangársöndum, en sú ræktun átti að verða liður í fjölþættri ræktun því hann sá glögggt að grasræktin er of einhæf til að mynda frjóa jörð.

Eins og áður segir fékkst Klemenx við skjólbeltarækt og gerði ýmsar mælingar til að sýna fram á þýðingu þeirra, en það var líka dáfalleg trjárækt á Sámsstöðum og hann sat lengi í stjórn Skógræktarfélags Rangæinga, lengst af sem formaður. Þegar bóndinn í Tungu í Fljótshlíð lagði fram nokkra hektara lands undir skógrækt lét Klemenx girða landið og hóf plöntun í því, og gaf svo Fljótis-

hlíðarhreppi allt sem gert hafði verið. Þar er nú að vaxa upp fallegur barrskógur, sem þegar hefur gefið hreppnum nokkrar tekjur.

Klemenzt Kristjánsson var brautryðjandi á mörgum sviðum ræktunar, en þó virðist langt í land til þess að störf hans verði metin að verðleikum. Hitt er þó verra, að dæmi hans hefur ekki verið fylgt nema á fáum sviðum. Til dæmis hefðu Íslendingar getað hafið grasfrærækt svo að um munaði fyrir mörgum árum í stað þess að þurfa að notast við erlent fræ. Þá hefðu margir haft hag af því að taka upp sáðskipti á ræktuðu landi til að

spara sér áburðarkaup, eða þá að koma upp skjólbeltum. Allt þetta og fleira verður að bíða síns tíma, en þá verða störf Klemenztar meira metin.

Klemenzt bjó góðu búi á Sámsstöðum fram að sjötugu, en þá hvarf hann að búi sínu á Kornvöllum á Hvolsvelli. Hann kvæntist Ragnheiði Nikulásdóttur árið 1929, en hún andaðist fyrir aldur fram árið 1950. Síðar kvæntist hann Þóreyju Jónínu Stefánsdóttur, og áttu þau einn son. Honum var sýndur margskonar sómi af þeim, sem kunnu að meta störf hans, en sómi hans verður meiri og stærri, þegar mönnum skiljast verk hans að fullu.

## Guðmundur Pálsson

15. mars 1924–30. ágúst 1976.



Þegar umsvifin í skógrækt uxu hröðum skrefum í byrjun sjötta tugs aldarinnar og nauðsyn var að stækka gróðrarstöðvarnar varð ekki hjá því komist að fá unga menn til að læra þær greinir skógræktar, sem lutu að uppeldi og gróðursetningu og sitthvað fleira. Þá varð það að ráði, að starfsmenn Skógræktar ríkisins tóku að sér að kenna nokkrum efnilegum piltum auk þess, sem ráðnir voru kennarar á sviði almennra námsgreina til að auka við þekkingu þeirra. Sátu þeir á skólabeck í tvo vetur en voru við verkleg nám í tvö og hálf ár. Þessi litli skóli útskrifaði tvisvar sinnum þrjá nemendur árin 1953 og 1955.

Guðmundur Pálsson frá Hjalmsstöðum í Laugardal var í síðari hópnum. Hann var sonur Páls Guðmundssonar og síðari konu hans Rósu Eyjólfsdóttur, fæddur 1924. Hann ólst upp við almenn sveitastörf og fór í Hvanneyrarskóla tvítugur að aldri og lauk þar prófi 1946. Síðan var hann við ýmiskonar vinnu til sjós og lands uns hann fór að vinna við skógrækt og ákvað þá að leggja stund á hana. Enda var það ætlun hans að prófi loknu. Í Reykjavík kynntist hann konuefni sínu, Ástríði Þorsteinsdóttur frá Húsafelli. Þeim bauðst þriðjungur úr landi Húsafells til eignar og ábúðar, og

varð það til þess að þau reistu þar nýbýli þrátt fyrir að Guðmundi byðist væntanleg skógarvarðarstaða.

Guðmundur Pálsson var vel að manni og sterklega byggður. Hann var víkingur til vinnu og að hverju sem hann gekk og kunni aldrei þá list að hlífa sér. Komu þau hjón sér upp stóru fjárbúi á Húsafelli, og þegar frumbýlingsárin voru að baki virtist svo sem framtíðin væri þeim tryggð. En ekki skal lofa dag fyrir en að kvöldi. Guðmundi reyndist það ofraun að gegna þeim mikla fjárfjölda, sem hann hafði. Það fór fyrir honum eins og mörgum öðrum vinnuglöðum nýbýlingum, að ganga fram af sér við vinnu og missa heilsuna á manndómsárunum. Varð Guðmundur fyrir miklu hjartaáfalli svo að hann beið þess aldrei bætur þótt hann ætti nokkur ár ólifðu. Þau hjón urðu að bregða búi og flytja til Reykjavíkur þar sem Guðmundur gat stundað léttu vinnu um fáein ár. Dvöldu þau að Húsafelli á sumrum og þar hné Guðmundur niður hinn 30. ágúst 1976.

Þeir, sem störfuðu með honum við skógræktina, muna hann sem góðan féлага, lífsglaðan og tryggan vin. Slíkir drengir sem Guðmundur skilja eftir stór opin skörð.



Laufgun og lauffall birkis var á þessa leið:

	Laufgun	Lauffall
Reykjavík .....	23/5	12/10
Stálpastaðir .....	1/6	7/10
Laugabrekka .....	20/6	30/9
Vagllir .....	10/6	10/10
Hallormsstaður .....	28/5	11/10
Tumastaðir .....	6/6	29/9
Selfoss .....	10/6	29/9

Laufgun og lauffall annarra trjategunda hefur ekki verið skráð, en skógarvörðurinn á Hallormsstað getur þess, að sá munur sé á þrem kvæmum af íslenski ösp, að hinn 24/9 var Egilsstaðaöspin enn algræn, Gestsstaðaöspin farin að gulna, en Garðsöspin úr Fnjóskadal var orðin gul. Sýnir þetta að eðlismunur er á blæðspinni á þessum þrem stöðum.

Fræfall var mjög lítið um allt land. Könglar voru færri á broddfuru en vanalega. Bæði var það að nokkurt fræfall var árið áður, svo og að sumarið 1974 var í kaldara lagi. Því mátti ekki búast við fræþroska á þessu ári. Mestur og bestur verður fræþroski árið eftir löng og hlý sumur. Lítilsháttar var safnað af birkifræi á Hallormsstað.

Skaðar á trjám urðu allvíða fyrir norðan og austan sakir snjóbrota eins og áður segir. Auk þess var nokkuð um snjóbrott í Grundarstöðinni í Eyjafirði og eins í Garðsárgili.

Næturfrostr í júníbyrjun olli nokkrum skemmdum á dreifsettum plöntum í gróðrarstöðvunum á Hallormsstað og Vöglum. Sumt af frostskeimmdunum á Vöglum gæti þó hafa verið af völdum septemberfrosta 1974. Þessar frostnætur ollu ekki skemmdum á trjám svo að orð sé á gerandi.

Birkimaðkur var töluverður á ýmsum stöðum um land allt, en hans var allvíða vart árið áður. Eftir líkum að dæma má búast við miklum maðki á ýmsum stöðum sumarið 1976. Birkimaðkur hefur verið viðloðandi á smáblettum um Suðurland og Vesturland allt norður í Vatnsdal í Húnavatnssýslu um 3. ára skeið. Þar hefur birkidaudi gert vart við sig, einkum í minni reitum, án þess að sýnilegar orsakir séu til hans. Þessir dauðablettir eru yfirleitt ekki víðáttumiklir en nógu stórir samt til að valda tjóni innan lítilla girðinga. Hugsanlegt er, að maðurinn ásamt áfæddum að vorlagi geti hafa valdið þessum skemmdum.

Rjúpur gerðu nokkurn usla í ungu birki í gróðrarstöðinni á Hallormsstað eins og ávallt er þegar þeim fugli fjölgar og plöntur eru ekki varðar í tíma. En það er einkennilegt, að rjúpan skuli hópast í

birkibeðin í stöðvunum, þar sem annars er nóg um æti fyrir hana út um allan skógin.

Loks kom að því, að hreindýr gerðu mikil spjöll á ungunum lerkitrjám á Hallormsstað. Hefur þessu verið lýst í Ársritinu í fyrra og skal því sleppt hér. Hér eru engin ráð önnur en að skjóta dýrin um leið og þau smeygja sér inn í girðinguna, en þeim halda engar venjulegar girðingar þar sem þau stökkva mjög léttilega yfir þær. Tjónið af völdum hreindýranna er orðið mjög tilfinnanlegt, og hér duga því engin vettlingatök.

## FRIDUN OG GIRÐINGAR

Í Hólmsheiði ofan Reykjavíkur var reist rösklega 6 km löng girðing til þess að loka borgarlandinu fyrir búfé. Girðingin var reist að ósk landbúnaðarráðuneytisins fyrir fé af landgræðsluáætluninni og samkvæmt óskum borgarstjórans í Reykjavík. Mikil þörf var á slíkri girðingu því að sauðfé og hross borgarbúa hafa tætt gróðurlendi heiðarinnar svo mjög í sundur að til vandræða horfði. Ásóknin var orðin svo mikil, að einhverjir hrossa eigendur hafa síðar klippt girðinguna í sundur til að opna landið á ný.

Ný girðing var sett upp frá Þjórsá að Ósgröf um land Skarfaness í Landsveit. Girðingin er 4.5 km á lengd. Frá Ósgröf að Hvassatanga eru röskir 1.5 km, og þegar sá spölur hefur verið girtur er allt landið girt að nýju. Gamla girðingin var mjög úr sér gengin, enda reist árið 1942 úr miður góðu efni, þar sem ekki var annars kostar völ á stríðsárunum.

Skarfanessland hefur nú notið friðunar um 25 ára skeið. Breytingin á gróðurlendunum innan girðingarinnar er svo stórkostleg að undrum sætir. Landið er alls um 1100 ha í norðvesturhorni Landsveitar í hásuður frá mynni Þjórsárdals. Þjórsárhraunin hafa ekki runnið nema um lítinn hluta austast í landinu og er jarðvegur því mjög þykkur um vestan og sunnanvert landið, allt upp í 6 metra, og hvílir hann á móhelli eða jökulurð. Þar virðist vera óhaggaður jarðvegur allt frá lokum ísaldar, og geymir hann mörg öskulög, sum hver mjög þykk sakir nálægðar við Heklu. Þessi jarðvegur þekur um helming landsins, en suðausturhluti þess er blásinn ofan á móhelli og hraun.

Árið 1926 var gerður samningur við Finnboga Höskuldsson, eiganda og ábúanda Skarfaness um það, að hann færði beitarhús sín úr svonefndum Lambhaga og heim undir bæ. En í Lambhaga voru þá nokkrar skógaleifar með einstöku vænum trjám. Í staðinn var landið girt, sumpart til þess að bægi



aðkomufé frá, sem hrannaðist í landið á hverju sumri og hausti.

Enda þótt þetta væri ekki nema hálf friðun, var strax mikið gagn að þessari girðingu og landbót. Skógurinn í Lambhaganum fór að breiðast út, moldfok minnkaði en Finnbogi hafði meiri nýttar af fé sínu en aðrir bændur í sveitinni upp frá þessu.

Árið 1940 brá Finnbogi búi sakir elli og bauð hann þá Skógrækt ríkisins jörðina til kaups, sem hún þáði. Var hún síðan girt að mestu árið 1941, og frá 1942 má telja að hún hafi notið algerrar friðunar.

Þegar þetta var, var aðeins kjarrskógur umhverfis gömlu beitarrúsin í Lambhaganum en annað gróið land var fallegt vallendi, þar sem enginn trjágróður var sýnilegur nema einstöku loðvíðibuskur og lítið eitt af lágvöxnum gulvíði á stöku stað. Rofin móti uppblásna landinu voru enn mjög opin, og úr þeim rauk ávalt með norðaustanátt.

Nú er þetta land gjörbreytt. Samhangandi melgresisbelti hefur vaxið upp á mótum hins blásna lands og þess gróna, sem tekur við nærri öllu áfoki að austan og norðan. Gömlu rofin hafa sigið saman og eru að gróa upp.

Skógurinn í Lambhaganum, sem var lítill og lágvaxinn, er nú víða 4-6 metrar á hæð og að auki hefur hann færst mjög út og stækkað að ummáli. Vallendið, sem áður náði frá bæ og inn að Lamb-

haga, er nú horfið að mestu. Í staðinn eru miklar loðvíðibreiður og gulvíðikjarr, sem setja svip sinn á landið. En þegar að er gáð eru birkiteinungar hvarvetna að koma upp innan um víðirunnanna, og eru þeir þéttastir næst Lambhaganum en verða strjálí og minni eftir því, sem nær dregur bæjarstaðinu. Ef svo heldur áfram sem nú horfir mun birkiskógur vaxa upp af sjálfsdáðum allar götur frá Lambhaga og heim að bæ á næstu áratugum, en það er allt að 3. km leið.

Ástæðan til þess, að hér er fjölyrt um friðun Skarfaness er sú, að hér er einvörðungu um sjálfgræðslu lands að ræða. Skarfanesið er nú hin ágætasta kennslubók handa þeim, sem leggja vilja stund á gróðursógu landsins. Að líkindum er sjálfgræðslan í Skarfanesi einsdæmi á landi hér.

Á Hörðubóli í Dölum var aukið við þá girðingu, sem þar var fyrir, og er nú lengd hennar orðin 3.5 km. Þetta var að nokkru unnið fyrir dánargjöf Hákonar Helgasonar kennara til að flyta því að vilji hans samkvæmt erfðaskrá kæmist sem fyrst í gagnið.

Á Gilá í Vatnsdal var sett upp girðing um 50 ha land, þar sem gróðursetja á trjáplöntur á næsta von.

Þá var enn unnið að girðingu á Ásunum sunnan Hallormsstaðaskógar, og fer nú að líða að því, að þar komi mikil viðbót við Hallormsstaðaskóg.

Endurbætur og viðhald girðinga var með mesta

Tafla 1

Sáning trjáfræs árið 1975

Tegund	Hallormsst.		Vagfir		Tumastaðir		Laugabrekka		Skógr. ríkisins		Fossvogur		Samtals	
	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>
Birki	0.50	149	0.20	96	0.40	75	1.00	100	2.10	420	0.80	200	2.90	620
Blágreini	0.35	72	0.20	25	0.10	10			0.65	107	0.15	10	0.80	117
Hvítgreini	0.50	25	0.20	10					0.70	35			0.70	35
Rauðgreini	0.25	25			0.50	54			0.75	79	0.20	20	0.95	99
Sitkabast.	0.30	25	0.40	15					0.70	40			0.70	40
Sitkagreini, Al.					1.05	100			1.05	100	0.65	100	1.70	200
Sitkagr., Ísl.	1.00	50	0.30	10	3.81	88			5.11	148			5.11	148
Bergfura			0.35	35	0.33	26			0.68	61	1.03	125	1.71	186
Broddfura	0.15	6	0.15	6	0.05	2			0.35	14	0.15	6	0.50	20
Dvergfura			0.20	8					0.20	8			0.20	8
Stafafura	0.33	30	0.25	48	1.31	206			1.89	284	1.00	180	2.89	464
Evrópulerki	0.12	3							0.12	3			0.12	3
Jap.lerki	0.10	3							0.10	3			0.10	3
Rússalerki	0.48	4							0.48	4			0.48	4
Síbiríulerki	17.50	170	3.00	100	0.80	25			21.30	295	0.80	25	22.10	320
Marþöll	0.04	3							0.04	3			0.04	3
Alls	21.62	565	5.25	353	8.35	586	1.00	100	36.22	1604	4.78	666	41.00	2270

Tafla 2

## Dreifsetning og græðlingar árið 1975.

Tegund	Hallorms- staður	Vaglrir	Tuma- staðir	Lauga- brekka	Skógr. ríkisins alls	Foss- vogur	Akureyri	Samtals
Skógarplöntur	239.690	209.200	493.100	80.000	1.021.990	347.475	37.000	1.406.465
Beðplöntur	239.690	76.000	265.830	80.000	661.520	176.300	37.000	874.820
Birki, ísl.	38.800	11.000		40.000	89.800		24.500	114.300
Birki, Nor. Finn.	2.000	1.000			3.000			3.000
Blágreini	35.230			10.000	45.230			45.230
Hvítgreini	48.600	24.400			73.000			73.000
Rauðgreini						9.450		9.450
Sitkagreini			111.290	8.000	119.290			119.290
Sitkabastarður						3.500		3.500
Bergfura	12.100	22.000	30.770		64.870	61.200		126.070
Broddfura	8.480				8.480			8.480
Hvítfura	760				760			760
Lindifura	470				470			470
Kóreufura	510				510			510
Stafafura	18.200	17.600	123.770	12.000	171.570	102.150	7.200	280.920
Rússalerki	33.290				33.290			33.290
Síbiríulerki	41.250			10.000	51.250		5.000	56.550
Móbands- og pottapl.		133.200	227.270		360.470	171.175		531.645
Birki		7.100	16.770		23.870	54.800		78.670
Blágreini		7.300			7.300	2.100		9.400
Hvítgreini		8.300			8.300			8.300
Sitkagreini			77.610		77.610	72.475		150.085
Svartgreini		7.400			7.400			7.400
Bergfura		19.700	30.000		49.700			49.700
Broddfura						1.000		1.000
Stafafura		39.600	72.880		112.480	40.800		153.280
Rússalerki		24.900			24.900			24.900
Síbiríulerki		17.200			1.700			17.200
Fjallapínur		1.700			1.700			1.700
Ýmsar plöntur (tilr.)			30.010		30.010			30.010
Græðlingar	25.495	21.500	12.000		58.995	129.510		188.505
Ösp	3.705	6.600	2.250		12.555	17.750		30.305
Víðir	12.100	11.100	9.500		32.700	93.200		125.900
Ýmsar legundir	9.690	3.800	250		13.740	18.560		32.300
Samtals	265.185	230.700	505.100	80.000	1.080.986	476.985	37.000	1.594.070

móti á þessu ári. Hafa girðingar aldrei komið jafn illa undan vetri og vori sem nú. Norðanlands og austan voru það snjóþyngsli og snjóflóð, sem eyðilögðu girðingar, en sunnanlands voru það rigningar og vatn í skorum og skorningum, sem spilltu girðingunum og töfðu viðgerðir.

Þrátt fyrir tafir á viðgerðum er það samt ekki einleikið hve margt sauðfé kemst ávallt inn á Þórs-

mörk flest sumur, og leikur sterkur grunur á, að það sé af mannavöldum og að yfirlögðu ráði. Fór eftir naglbíta á girðingavír tala sínu máli.

## SKÓGARHÖGG

Alls voru felld 262 tonn viðar, þar af 186 á Vöglum en 76 á Hallormsstað.

Viðurinn nýttist þannig:

Birki:	Vaglir	Hallormsstaður
Eldiviður .....	167 tonn	21 tonn
Efniviður .....	5 -	8.2 -
Staurar .....	2.300 stk.	105 stk .
Renglur .....		1.300

Lerki:

Efniviður .....		3.3 tonn
Staurar .....		2.696 stk.

Alls voru seld 4141 jólatré af ýmsum stærðum og 1.200 kg af barrlimi til jólaskreytinga. Úr Skorradal komu 2220 jólatré eða rúmur helmingur þess, sem á

markað kom. Töluvert var selt af stafafuru sem jólatré í stað rauðgrenis og má ætla að notkun hennar fari vaxandi á næstu árum. Auk Skógræktar ríkisins seldu skógræktarfélag og einstaklingar um 150 jólatré.

Undirbúin var bygging allstórs báruplasthúss í gróðrarstöðinni á Hallormsstað, sem lengi er búið að bollaleggja, og kemst það í gagnið á næsta vori. Um önnur nývirki er ekki að ræða.

Ýms óhöpp urðu á árinu svo sem gluggabrot

### Tafla 3

### Afhending plantna árið 1975

Tegund	Hallorms- staður	Vaglir	Tuma- staðir	Lauga- brekka	Norð- tungva	Skógr. rík. alls	Foss- vogur	Akureyri	Samtals
Skógarplöntur	145.585	144.580	195.925	33.365	33.900	553.355	184.185	12.500	750.040
Birki ódrs.	7.600	3.150				10.750			10.750
Birki drs.	400	1.155	100	6.260	1.000	8.925	15.875	10.000	34.800
Birki mób. & pt.		16.730				16.730	34.950		51.680
Elri			100			100			100
Blágreni	8.340			600		8.940			8.940
Blágreni mób.		9.995				9.995			9.995
Broddgreni	3.480					3.480			3.480
Broddgr og blágr.		110	500			610			610
Hvítgreni		100				100			100
Rauðgreni	19.675	4.110	5.850	70	11.600	41.305			41.305
Rauðgreni mób.			13.275			13.275			13.275
Sitkabastarður	2.950					2.950			2.950
Sitkagreni	8.300		26.850	3.520	1.000	39.670	48.200		87.870
Sitkagreni mb. og pt.			12.620			12.620	5.050		17.670
Svartgreni		170				170			170
Bergfura	2.120	19.435		30	1.400	23.585	49.020		72.605
Bergfura mób.		1.380	16.600			17.980			17.980
Broddfura mób.		100				100			100
Lindifura	9.175					9.175			9.175
Stafafura	8.790	33.025	49.350	12.140	17.400	120.705	21.810		142.515
Stafafura mób. og pt.		4.300	58.430			62.730	9.280		12.010
Rússalerki. ódr.			3.500			3.500			3.500
Rússalerki. mób.		2.445	2.800			5.245			5.245
Síbiríulerki	74.155	36.830		10.735	1.500	123.220		2.500	125.720
Síbiríulerki. mób.		9.525	5.950			15.475			15.475
Fjallapínur		2.020				2.020			2.020
Garðplöntur	9.393		5.988	2.184	3.000	20.565	90.495	4.300	115.360
Laufré	2.656		1.180	775		4.611	18.920		23.531
Barrtré	671		549	262		1.482	7.555		9.037
Víðir	5.317		2.705	1.147	3.000	12.169	48.831		61.000
Ýmsar teg.	749		1.554			2.303	15.189	4.300	21.792
Samtals	154.978	144.580	201.913	35.549	36.900	573.920	274.680	16.800	865.400

Skýring: ódrs = ódreifsett, drs = dreifsett, mób = móbandsplöntur, pt = pottaplöntur.

Tafla 4

## Gróðursetning 1975

Staður	Aðrar									
	Birki	Sitkagr.	Rauðgr.	Stafaf.	Bergf.	Lerki	Blágr.	Þinur	teg.	Samtals
Hvammur	300	2.800	800	15.400						19.300
Stálpastaðir		825		3.070			6.800	1.500		12.195
Selsskógur		1.425	10.460	120		25	5.200	1.225		18.455
Stóra-Drageyri	2.350	3.550		11.615		3.150				20.665
Bakkakot				2.540		650				3.190
Norðtunga			7.000	20.000	7.500	1.500				36.000
Síðumúli	250			2.500	1.500	150				4.400
Melagirðing				4.500	6.000					10.500
Hörðuból. Geirshl.	250	500	1.000	3.400	1.900					7.050
Staðarfell			3.000		2.000				25	5.025
Minniborg	500	500		500						1.500
Sauðanes	2.000			1.000		1.000				4.000
Laugabrekka									500	500
Vaglaskógur					4.300	1.450			170	5.920
Sigríðarst.sk.		1.200								1.200
Sandhaugar						5.830				5.830
Fellsskógur			2.300							2.300
Ásbyrgi			300							300
Hallormsst.		160	2.645	3.190		6.250	10.830		8.895	31.970
Hafursá			2.500	5.300			840			8.640
Mjóanes		1.800								1.800
Fljótisdalur		1.800				66205				66.205
Tumastaðir		1.000		2.000			400			3.400
Þjórárdalur		8.765	17.425	4.575		2.475	500		2.000	35.740
Skarfanés				6.600						6.600
Reykjahjáleiga		200		600						800
Annað									225	225
Þingvellir		5.000		10.000	10.000					25.000
Straumur	1.000	2.000		2.500	1.000					6.500
Mógilsá	1.500	2.000			5.500					9.000
Neðri Háls	1.000	1.000		1.000						3.000
Vindás		750		750						1.500
Hagavík		1.000	1.000	500		300				2.800
Úlfjótsvatn	500	1.000		2.500						4.000
Vagfir Þelamörk				4.650	350	835				5.835
Öxnafell				3.050		16.950				20.000
Sauðlauksdalur	500	500		500						1.500
Hrafnseyri	1.700									1.700
Samtals	11.850	35.975	48.430	112.360	40.050	106.770	24.570	2.725	11.815	394.545

undan snjóþyngslum á Hallormsstað. Allmikil vanhöld urðu á dreifsettu birki á Vöglum sakir frosta eins og áður er getið, og lítilsháttar skemmdir urðu á Hallormsstað af sömu ástæðu.

Tölur 1-3 sýna sáningar, dreifsetningu og afhendingu úr gróðrarstöðvum landsins að vanda.

## GRÓÐURSETNING

Gróðursetning nam alls 385 þúsund plöntum á vegum Skógræktar ríkisins og er það aðeins um 10% meira en undanfarið ár. En sé Fljótisdalsáætlun tekin með nemur gróðursetningin 451 þúsundir trjáplanta.

Tafla 4 sýnir hvar og hverju var plantað í aðalatriðum.

## HIRÐING

Í Skorradal var grisjað og hreinsað frá ungvíði á 22 hektörum lands. Þar var og borinn áburður að ungvíði á 4 hektörum lands, einkum rauðgreni, sem ætlað er til jólatrjáa.

Í Norðtunguskógi, við Jafnaskarð og á nokkrum öðrum stöðum var hreinsað kringum ungvíði. Í Skagafirði var hlúð að plöntum í Reykjarhóls- og Hólagirðingunum og grisjað í gamla Varmahlíðarreitnum.

Í Vaglaskógi og nálægum skógum var mikil vinna við að hirða snjóbotinn við og koma honum í verð.

Í Ásbýrgi var vinnuflokkur við grísjun birkiskógarinn innst í byrginu í vikutíma. Þar er að vaxa upp mjög þökkalegur birkiskógur, en hann hefur vaxið upp eftir að friðun hófst á nærri skóglausu landi. Gamli raftskógurinn, sem var innanlega í byrginu, er nú að mestu fallinn eða á fallanda fæti sakir elli.

Í Hallormsstaðaskógi var maður allt árið við að ryðja frá ungvíði og bera á plöntur, sem ætlaðar eru til jólatrjáa. Honum vannst vel og þar starf hans mjög góðan árangur.

Í Þjórsárdal var mikil vinna lögð í að saga birkiteinung frá ungum trjám í Skriðufellsskógi. Þar er að vaxa upp mjög fallegur skógur af sitkagreni í rásum þeim, sem mestum „hneykslum“ ollu þegar greninu var plantað. Grenið er komið upp úr rásunum, en birkið þrengdi víða að þeim á tvær hliðar svo að nú þurfti að gefa greninu meira svigrúm til að flýta vexti þess. Á þessum stað er að vaxa upp sitkagreniskógur á 15 ha svæði. Þar er nú stærsti samfelldi reiturinn með sitkagreni á landi hér.

Í Skarfanesi var 14 ára gamall stafafurureitur grisjaður. Vöxtur furunnar hefur verið með afbrigðum góður, meðalhæðin er um 3 metrar. Jafn gamall reitur af rauðgreni frá Rana í Noregi er ekki nema um 1 meter á hæð. Hæstu fururnar eru 5 metrar. Þá var 2 ha reitur grisjaður fyrir gróður-

setningu næsta árs og borði á tvo rauðgrenireiti í Þjórsárdal.

Á Þingvöllum var hreinsað til í Hrafnagjárdalinn og gamli furulundurinn var hreinsaður rækilega eftir alla ániðsluna eftir þjóðhátíðina. Þessi fallegi reitur hefur tvívegis bjargað heiðri þjóðhátíðarnefnda, bæði 1944 og 1974, þegar Þingheimur þurfti að ganga örna sinna en ekki var athvarf annarsstaðar.

Nú er furulundurinn á Þingvöllum, þar sem fyrst var gróðursett til skógar á Íslandi árið 1899, mesti kjörgripur þótt lífll sé ummáls. Verður því að hirða hann vel og varðveita sem hvert annað safn, sem hefur menningarsögulegt gildi.

## ÝMISLEGT

Í júlí komu hingað 5 skógræktarmenn frá Troms- og Nordlandsfylki í Noregi, þeir Nils O. Kaasen fylkisskógstjóri í Troms, Magnus Vikhammer fylkisskógstjóri í Nordlandi, Oluf Aalde áður skógstjóri í Bodø en nú í Halden, og héraðsskógarverðirnir Arne Angell og Reidar Pettersen frá Troms. Konur þeirra Aaldes og Kaasens voru með í ferðinni. Þeir komu hingað í boði þjóðargjafasjóðs Norðmanna. Er mikill fengur að því að treysta böndin milli Norður-Noregs og Íslands á sviði skógræktar, því að margt er sameiginlegt með þessum löndum.

Þá má það teljast til tíðinda, að hingað kom skógarvörðurinn í Færeyjum Leivur Hansen ásamt tveim ungum fylgdarmönnum. Hann kom á eigin vegum, en Skógrækt ríkisins greiddi götu hans svo sem unnt var. Í Færeyjum eru víða mjög góð skilyrði til skógræktar og þar vaxa bæði sitkagreni og stafafura með ágætum, en þar er það eins og hér, að sauðfé rásar óhindrað um allt og torveldar það mjög allar aðgerðir til skógræktar.

Ennfremur kom Ketil Kohmann, ráðunatur norsku ríkisstjórnarinnar í gróðrarstöðvarmálum, til landsins til að gefa góð ráð varðandi uppeldi plantna. Ferðaðist hann um landið ásamt Ísleifi Sumarliðasyni og kom í allar stöðvarnar.

## Störf Skógræktar ríkisins árið 1976

Árið 1976 voru alls veittar kr. 121.386.000 í fjárlögum ríkisins til skógræktar. Þar af voru kr. 50.547.000 samkvæmt landgræðsluáætluninni. Tekjur voru áætlaðar kr. 11.200.000.

Verkefnaskipting var þessi:

	Í þús. kr.
Stjórn .....	8.695
Varsla og viðhald .....	12.416
Skógrækt .....	17.439
Gróðrarstöðvar .....	7.966
Skógrækt einstaklinga .....	1.140
Rannsóknarstöð .....	8.675
Fljótsdalsáætlun .....	1.200
Landgræðsluáætlun .....	50.547
Annað .....	884
Skógræktarfélag Íslands .....	3.800

Alls urðu tekjurnar kr. 32.585.912 þar af kr. 6.978.928 fyrir merktu vindlinga. Til afborgana á lánum fóru að auki kr. 615.000.

Tekjur af vindlingum, sem fóru gegn um reikninga Landgræðslusjóðs, námu alls kr. 11.689.874. Voru það 2/3 af vindlingafénu, en 1/3 rann beint til Landgræðslu ríkisins. Þessu fé var skipt samkvæmt nýju „reglugerðinni“ frá 21. des. 1974 á þennan veg:

Til Skógræktar ríkisins .....	kr. 5.844.937
Til gróðrarstöðva .....	kr. 1.800.000
Til skógræktarféлага .....	kr. 4.044.937

Það, sem ætlað var til skógræktarféлага, var að mestu óráðstafað á árinu þar sem ætlun sjóðsstjórnar var að fá breytt reglugerð þeirri, eða öllu heldur úthlutunarreglum þeim, sem fjárveitinganefnd setti sjóðnum við áramótin 1974-75. Sú reglugerð fékkst þó ekki endanlega samþykkt fyrr en á árinu 1977.

### VEÐURFAR, VÖXTUR, SKAÐAR

Um sunnan- og vestanvert land var kalt og umhleypingasamt frá áramótum og fram í apríl. Allmikill snjór var víða og því lítið frost í jörðu. Í Skorradal ollu snjóflóð nokkrum skemmdum á girðingum. Í apríl brá til betri tíðar og yfirleitt voraði vel en fremur hægt. Maí var ívið kaldari en í meðalári og svo var og um júní, en hægviðri bættu mjög úr. Hlýr kaflí kom um og upp úr mánaðamótum júní og júlí, en þegar leið á júlí brá til úrkomu og var mjög úrkomusamt sumar upp frá því. Hinsvegar haustaði mjög vel þegar kom fram í september, og var góð og mild veðráttu upp frá því og allt til áramóta. Var litill sem enginn klaki í jörðu um áramótin.

Norðanlands og austan var tíðarfar allt árið með því besta sem verður. Vetur var mildur með smávegis umhleypingum þó, en það voraði vel og sumarið var bæði hlýtt og langt.

Um sunnan- og vestanvert landið var vöxtur víðast undir meðallagi. Árssprotar á stafafuru voru með minnsta móti en sitkagrenið var nær meðallagi. Hinsvegar var vöxtur norðanlands með betra móti og í Hallormsstaðaskógi og nágrenni var vöxtur með því mesta, sem mælst hefur um mörg ár. Dæmi eru um allt að 77 sm árssprota á lerki, en meðalvöxtur mun hafa verið nærri 50 sm.

Laufgun birkis og lauffall var talið:

	Laufgun	Lauffall
Reykjavík .....	29/5	14/10
Stálpastaðir .....	31/5	7/10
Norðtunga .....	28/5	
Laugabrekka .....	17/5	10/10
Vaglir .....	6/6	
Hallormsstaður .....	6/6	1/10
Tumastaðir .....	7/6	1/10
Selfoss .....	6/6	25/9

Um lauffall í Reykjavík segir svo: Lauf féll af birki um miðjan október, svo og á gráreyri. Lauffall á álmi um 20. en hlynur var að fella um 1. nóvember.

Frævöxtur var lítill sunnan og vestanlands nema á stafafuru. Töluvert var af könglum í Heiðmörk og Óskjuhlíð. Þar var safnað um 2 kg og spírun var mjög góð, yfir 80%

Í Vaglaskógi var mikið fræfall á birki og þar var safnað 15 kg fræs. Þar var og mikið af könglum á rauðgreni, en þeir voru ekki hirtir þar sem fræið var lítið og létt.

Á Hallormsstað og nágrenni þroskaðist fræ á fjölda tegunda, og hefur fræið reynst mjög gott við spírunarathuganir. Safnað var sitkagrenikönglum á Egilsstöðum, Seyðisfirði, Eskifirði og Norðfirði auk þeirra, sem teknir voru í skóginum. Söfnunin nam alls 37 kg, sem er a. m. k. þriggja ára forði fyrir skógræktina því að spírun var mjög góð. Að auki náðist í 2.6 kg af fræi af blendingnum hvítgreni x sitkagreni, 0.5 kg af fræi af gömlu blágrenitrjúnum frá 1905, 1.1 kg af rauðgrenifræi og 0.3 kg af svartgreni. Ennfremur var safnað 2.1 kg af broddfurufræi og lítilsháttar af þessum tegundum: Lindifuru, sveigfuru og stafafuru, fjallapöllum, gráelri og hengibjörk. Þá var og safnað 21 kg af birki-fræi.

Þetta mikla fræfall og fræsöfnun er merkisviðburður í gróður sögu Íslands, miklu þýðingarmeiri en flesta mun renna grun í að óhugsuðu máli. Með þessu er sýnt að ofantaldar trjátegundir hafa unnið sér þegnrétt í íslensku gróðurriki og verður ekki hjá því komist að telja þær fram næst og Flóra Íslands verður gefin út. Hér við má bæta því, að á undanföllum árum hafa fundist sjálfsáнар plöntur af lerkí, sitkagreni, fjallafuru og stafafuru, og sýnir það enn betur að þessar tegundir eigi hér framtíð fyrir sér.

Skaðar á trjúnum voru hvergi tilfinnanlegir. Birkidaudi sá, sem víða gerði vart við sig árin 1974 og 1975, virðist um garð genginn. Hans varð aðallega vart á ýmsum stöðum á Suðurlandi, en hans gætti einnig allt norður í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Samskonar birkidaudi hefur komið fyrir hér áður og hann þekkist líka í Norður-Noregi, og virðist mega rekja hann til skemmda af birkimaðki í tvö eða fleiri ár samfleytt.

Skemmdir þær, sem urðu á blágreni og stafafuru í Vaglaskógi í maífróstinu 1974, eru að mestu horfnar og flest trén hafa jafnað sig furðu vel. Þá hefur lítið orðið vart við lerkisveppinn (*Potrebniamyces coniferanum*), sem óð uppi í lerkiteigum á Hallormsstað fyrir 3-4 árum, og er



*Könglatínsla af sitkagreni á Hallormsstað haustið 1976.*

*Mynd: S.Bl.*

greinilegt að það er háð veðurfari, hve mjög hann lætur til sín taka.

## FRIDUN OG GIRÐINGAR

Mikil vinna var við girðingar á árinu enda þótt fáar nýjar væru reistar. Við Hrísakot í landi Ingunnarstaða í Kjós var sett upp 3.2 km löng girðing til þess að gróðursetning gæti hafist á árinu. Innan girðingar er snoturt skóglendi og allfrjór jarðvegur. Landgræðslusjóður keypti hálfa þessa jörð árið 1975 og fól Skógrækt ríkisins að setja þar upp girðingu, sem auka mætti við og stækka, ef gróðursetning tækist vel.

Þá var að fullu lokið við girðingu í Hólmslandi og hafinn undirbúningur að friðun lands ofan Hafnarfjarðar, sem er mjög illa leikið af búfjárangangi.

Suðurhluti girðingar um Vaglaskóg var endurgirtur og færður nær landamerkjum en hann var áður, og austurkantur girðingarinnar var einnig endurgirtur og færður ofar í fjallið, þar sem girðingarstæði var talið betra. Alls voru 2.2 km endur-

girtir á þessum stað. Þá var girðingin um Sigríðarstaðaskóg endurgirt á 1.5 km löngum kafla.

Girðingu um suðurhluta Hallormsstaðalands má telja lokið á þessu ári. Hefur hún verið nokkur ár í smíðum, en með tilkomu hennar er friðað feikna stórt land sunnan Hallormsstaðaskógar, 700 hektarar að flatarmáli, en skógur er ekki nema á blettum þar sem mikill hluti landsins er meira og minna upp blásinn eftir sauðabúskapinn á öldinni sem leið. Vottar þó víða fyrir nýgræðingi og mun hann koma betur í ljós eftir fárra ára friðun. Þar eru líka ákjósanlegir blettir fyrir gróðursetningu lerkis. Friðaða landið á Hallormsstað er nú alls 1650 hektarar, en bráðlega mun land Hafursár verða friðað og að því loknu verða 2000 hektarar innan girðingar, og væntanlega verður þetta land mestallt skógi vaxið eftir einn eða tvo tugi ára.

Mikil viðgerð fór fram á girðingunni um Mógilsá og hún flutt til þar sem hún stóð illa í brekkuhalla. Girðingin í Straumshrauni þurfti og töluverðra endurbóta við.

Samningur var gerður um friðun skóglendis á Húsafelli, og er girðingu um það svo til lokið. Landstærð og stærð skóglendis hefur enn ekki verið mælt upp.

Ennfremur voru gerðir samningar um friðun Hrauntúns í Biskupstungum við eigendur þess og einnig við eigendur austurbæjarins í Múlakoti í Fljótshlíð um að friða og gróðursetja skóg í brekkurnar ofan bæjarins.

Þá var einnig gerður samningur við bændur í Gnúpverjahreppi um að leyfa þeim afnot af landi ofarlega í Þjórsárdal, þar sem þeir gætu komið upp beitarrhöfni fyrir haustbeit er féð kæmi af afrétti. Ætla þeir að sá þar grasfræi og bera á gróðurskikana.

## SKÓGARHÖGG

Feld voru alls 183 tonn viðar á Vöglum og Hallormsstað. Á Vöglum féllu 103 tonn en 80 á Hallormsstað, en af því voru 28 tonn lerkiviður.

Viðurinn nýttist þannig:

		Vaglir	Hallormsstaður
Eldiviður		85 tonn	25.5 tonn
Efniviður	birki	7 tonn	5.0 tonn
	lerki		0.5 tonn
Staurar	birki	1956 stk.	765 stk
	lerki		1514 -
Renglur	birki		450 -
	lerki		20 -

Staurar eru að nokkru leyti notaðir af Skógrækt ríkisins til endurnýjunar girðinga og nýrra girðinga.

Þess má geta, að 12 tonn viðar, sem talin eru fram á Vöglum, komu úr Þórðarstaðaskógi, og voru það allt staurar.

Alls voru höggvin 4990 jólatré í girðingum Skógræktar ríkisins og nokkur hundruð stykki munu hafa komið frá skógræktarfélögum og einstaklingum. Af limi til jólaskreytinga komu 1128 kg. Söluverð jólatrjáa og lims nam um 9.500.000 krónum.

Verðmæti viðarins frá Vöglum var um kr. 2.000.000 en á Hallormsstað kr. 1.300.000.

Tafla 1

Sáning trjáfræs 1976

Tegund	Hallormsst.		Vaglir		Tumast.		Laugabr.		Skógr.rík.		Fossvogur		Samtals	
	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>
Birki, ísl.	0.60	85	3.95	218	0.70	72	3.50	120	8.75	495	1.70	360	10.45	855
Hengibjörk	0.12	17	0.01	3					0.13	20	0.02	6	0.15	26
Blágreni					0.07	12			0.07	12	0.04	9	0.11	21
Rauðgreni			0.18	15	0.13	15			0.31	30	0.16	21	0.47	51
Sitkagreni			0.20	24	1.39	201			1.59	225	0.80	108	2.39	333
Bergfura			0.40	24					0.40	24	2.00	100	2.40	124
Broddfura			0.15	6	0.23	6			0.38	12			0.38	12
Stafafura			0.45	72	0.63	156			1.08	228	0.64	150	1.72	378
Síbiríulerki			2.20	90	1.50	72			3.70	162	0.60	24	4.30	186
Marþöll					0.05	6			0.05	6			0.05	6
Alls	0.72	102	7.54	452	4.70	540	3.50	120	16.46	1214	5.96	778	22.42	1992





## GRÓÐRARSTÖÐVAR

Uppeldi trjáplantna var svipað og undanfarið.

Þýðir tæpast að auka það mikið fyrir en vissa er fyrir, að unnt sé að gróðursetja ákveðið magn á ári hverju.

Í gróðrarstöðinni á Vöglum var hreinsað og lagað til umhverfis nýja geymsluhúsið og er frá því gengið að öllu leyti nema að þar vantar enn kæli-

tæki fyrir plöntugeymslu. Stöðin er ekki stór en hefur verið vel hirt og rekin undanfarin ár. Tekjur hennar hafa staðið undir útgjöldum og má það teljast mjög gott þar sem margir annmarkar eru á rekstri gróðrarstöðvar á þessum stað sakir frosthættu á vori og síðla sumars. T. d. skemmdist nokkuð af bergfuru árið 1975 af völdum frosta, og komu því færri plöntur úr stöðinni en ella. Þá var heldur ekki markaður fyrir allt rauðgrenið og illa

Tafla 2

Dreifsetning 1976

Tegund	Hall-ormsst.	Vaglir	Tuma-staðir	Lauga-brekk	Norð-tunga	Skógr.rík.all	Foss-vogur	Akur-eyri	Samtals
Beðplöntur	154.050	90.000	272.710	80.000	35.550	632.310	157.420	9.210	798.940
Birki ísl.	35.540	6.000	18.000	2.500	62.040		4.980	67.020	
Birki, Nor.	400				400			400	
Blágreni	20.330		4.940	10.000	35.270		1.880	37.150	
Hvítgreni	16.640				16.640			16.640	
Rauðgreni	25.680		21.740		17.550	64.970		64.970	
Sitkagreni	48.700		132.880			181.580	35.200	216.780	
Bergfura		25.600	13.450			39.050	45.350	84.400	
Dvergfura		5.120				5.120		5.120	
Stafafura		53.280	98.640	52.000	15.500	219.420	76.870	296.290	
Síberíulerki							2.350	2.350	
Fjallapínur	5.660		1.060			6.720		6.720	
Fjallapöll	1.100					1.100		1.100	
Móband og pottar		81.100	155.560			236.660	142.075		378.735
Birki		14.100	27.530			41.630	75.000		116.630
Gráelri			840			840			840
Blágreni		6.000				6.000	9.000		15.000
Rauðgreni							6.075		6.075
Sitkagreni		16.600	16.740			33.340	35.000		68.340
Bergfura			8.600			8.600	2.900		11.500
Broddfura			4.110			4.110			4.110
Stafafura			78.030			78.030	14.100		92.130
Síberíulerki		44.400	17.330			61.730			61.730
Fjallapínur			2.380			2.380			2.380
Skógarplöntur alls	154.050	171.100	428.270	80.000	35.550	868.970	299.495	9.210	1.177.675
Garðplöntur	57.325	19.800	20.030	900	21.200	119.255	78.420	1.000	197.675
Ösp	2.985	7.900	7.290	100	200	18.475	16.100		34.575
Víðir	19.140	8.100	5.930	800	21.000	54.970	49.320		104.290
Ýmsar teg.	5.955	3.800	1.350			11.105	13.000		24.105
Ýmsar teg. beð	12.510					12.510			12.510
Pottar og rúllur	16.735		5.460			22.195			22.195
Samtals	211.375	190.900	448.300	80.000	56.750	988.225	377.915	10.210	1.375.350

Tafla 3

## Afhending plantna árið 1976

Tegund	Hallorms- staður	Vaglir	Tuma- staðir	Lauga- brekka	Norð- tunga	Skógr. rik. alls	Foss- vogur	Akureyri	Samtals
Skógarplöntur	105.010	142.775	206.935	35.900	23.500	525.120	170.580	14.000	709.700
Birki, ódrs.	4.160	16.215				20.385			20.385
Birki. drs.	29.570		3.600	14.655	300	48.125	8.740	10.000	66.865
Birki , mób. & pt.		4.570	4.800			9.370	36.700		46.070
Elri, mób.			350			350			350
Blágreini	9.545	5.100	530	775		15.950			15.950
Blágreini mób.		5.750				5.750			5.750
Hvítgreini		8.500			1.300	9.800			9.800
Hvítgreini mób.		7.740				7.740			7.740
Rauðgreini		15.160			28.00	43.160			43.160
Rauðgreini mób.			22.625			23.625			23.625
Sítkagreini	3.600		61.875	4.040	1.000	70.515	9.950		80.465
Sítkagreini mób.			23.525			23.525			23.525
Sítkagreini pt.							37.880		37.880
Svartgreini			2.620			2.620			2.620
Bergfura	2.4500	6.400		500	400	9.750	17.650		27.400
Bergfura mób.		3.430	18.360			21.790			21.790
Broddfura	50		4.000			4.050			4.050
Broddfura mób.		410				410			410
Stafafura	3.450	22.850	9.000	12.570	3.500	51.370	6.500		57.870
Stafafura mób.		18.860	50.100			68.960	32.600		101.560
Sveigfura	760					760			760
Rússalerki	13.600					13.600			13.600
Rússalerki mób.		18.460	900			19.360			19.360
Síbiríulerki	21.350			3.360		24.710		4.000	28.710
Síbiríulerki mób.		7.830	3.650			11.480			11.480
Fjallaþinur	16.475					16.475			16.475
Ýmsar teg. mób.		1.490				1.490			1.490
Ýmsar teg.							20.560		20.560
Garðplöntur	14.064	4.247	3.423	2.646	3.800	28.180	65.270	5.000	98.450
Lauftré	2.9541	870	3.423	1.412	300	6.852	14.300	2.500	23.652
Barrtré	957	450	587	424	3.500	5.918	2.020	2.100	10.438
Víðir	8.895	2.190	560	810		12.455	27.900		40.355
Ýmsar tegundir	1.258	737	960			2.955	21.050		25.005
Samtals	119.074	147.022	210.358	38.546	38.300	55:300	235.850	19.000	808.150

Skýring: ódrs = ódreifsett. drs = dreifsett. mób = móbandsplöntur. pt = pottaplöntur.

gekk að fá menn til að planta öllu hvítgreninu, þótt þær plöntur væru af góðum stofni.

Í stöðinni á Hallormsstað var reist vandað gróðurhús klætt báruplast, og er það 200 fermetrar að stærð. Að öðru leyti var stöðin rekin á sama hátt og fyrr.

Í stöðinni á Tumastöðum voru settar hillur í kæligeymsluna svo að plássíð í henni nýtist vel. Vatnslögn var löguð og sithvað fleira. En húsín í stöðinni þurfa allmikla viðgerð og orðið er aðkallandi að byggja íbúðarhús til viðbótar því, sem nú er þar. Stöðin er orðin svo stór að þar verða tveir menn

að vera heimilisfastir. Þótt tekin verði upp ný aðferð við uppeldi plantna með því að sá og ala plöntur upp í hólkum eða smápottum, eins og nú er í undirbúningi á Mógilsá, getur ekki hjá því farið að stækka verði stöðina á Tumastöðum til að hún taki að einhverju eða öllu leyti við framhaldsræktun frá pottastöðinni.

Reiturinn við Laugabrekku í Skagafirði hefur á undanförunum árum afhent 30-40 þúsund plöntur með litlum tilkostnaði. Umhverfi reitsins og skjólbelti eru farin að skýla honum svo að uppeldið er nú auðveldara en það var í fyrstu. Það er mikið

hagræði fyrir þá, sem búa í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu að geta fengið plöntur frá þessum stað.

Sama máli gildir líka um reitinn í Norðtungu. Hann nærir hvergi nærri eftirspurn héraðsins eftir plöntum, en í Norðtunguskógi er miðstöð Skógræktar ríkisins á Vesturlandi þar sem verkafólkið dvelur lengst af. Því er það á ýmsan hátt hagkvæmt að hafa verkefni við bæjardyrnar þegar ekki er unnt að sinna öðru.

Uppeldi plantna gekk allvel þetta sumar, en á Tumastöðum varð vart við lírfur af ranabjöllu á rötum sitkagrenis og reyndar fleiri plantna. Ollu þær nokkrum skemmdum á mjög fallegum sitkagreniplöntum af því að lírfanna varð ekki vart í tæka tíð. Er þetta í fyrsta sinni, sem menn hafa veitt

þessari bjöllu athygli, en efalaust hefur hún lifað bæði þarna og víðar um langan tíma. Lírfan var ekki bundin við greniplönturnar því að hún var líka í grasrötum og meira og minna um alla stöðina.

Sáningar trjáfræs, dreifsetning plantna og afhending eru í töflum 1 til 3, og eru þá gróðrarstöðvar skógræktarféлага teknar með að vanda til að fá yfirlit um allt landið.

## GRÓÐURSETNING

Gróðursetning var með minnsta móti á þessu ári. Fjöldi plantna varð ekki nema um 330.000, og er það 110.000 færri plöntur en árið áður. Í töflu 4 er greint frá því, hvar og hverju hafi verið plantað.

Tafla 4

### Gróðursetning 1976

Staður	Birki	Sitkagr.	Rauðgr.	Hvítgr.	Blágr.	Stafaf.	Bergf.	Broddf.	Lerki	Þinur	Aðrar	
											teg.	Samtals
Hvammur		1.970	4.700									6.670
Stálpast.								2.000		1.000		3.000
Selskógur			2025									2.025
St. Drageyri		11.930	300			11.300						23.530
Vatnaskógur			300			1.700						2.000
Ferstikla		600				600						1.200
Norðtungu			11.000	5.300		2.600	8.500					27.400
Jafnaskarð			10.000	1.000								11.000
Síðumáli	2.500					2.000	1.000					5.500
Arnarholt			1.000									1.000
Melur						5.000						5.000
Staðarfell			4.000									4.000
Hörðuból	1.000		2.000	600		4.500	2.000					10.100
Norðt. gróðrarst.						1.500					500	2.000
Gilá	2.500					2.500						5.000
Saurbær						200						200
Sauðanes	1.000					1.000			1.000			3.000
Annað	80					100						180
Vaglaskógur						4.050	1.515		7.650			13.215
Þórðarst.skógur			1.000		900							1.900
Sigríðarst.skógur			660									660
Sandhaugar				3.000		3.850	1.400		4.000			12.250
Fellsskógur			5.800		1.900							7.700
Ásbyrgi			1.000			250						1.250
Öxnafell. Eyjaf.	1.000								3.800			4.800
Hallormsst.					8.820	1.250	65		475	16.475	760	27.845
Hafursá-Mjóanes	4.900				2.075		2.400		1.450			10.825
Fljótsdalur	9.140					2.200			40.450			51.790
Tumastaðir		2.750			430		250				1.120	4.550
Þjórsárdalur		11.500	3.000			2.000		1.000	300		745	18.545
Haukadalur							1.000	1.000			100	2.100
Laugarvatn		5.000				19.650	3.000					27.650
Þingvellir						1.000						1.000
Hagavík		1.000	1.000			1.000						3.000
Írafoss	1.000					1.500						2.500
Straumur	1500	1.000				2.500	2.000					7.000
Mógilsá	3.000	3.000			2.000	5.000						13.000
Ingunnarstaðir	1.000	1.700				1.500						4.200
Samtals	28.620	40.450	47.785	9.900	14.125	80.750	28.150	4.000	59.125	17.475	3.225	328.585

## FLJÓTSDALSAÆTLUN

Samkvæmt skýrslu voru aðeins gróðursettar 52.000 plöntur í reitina í Fljótsdal en árið áður voru 66.000 plöntur settar niður. Er það miður hve seint miðar með þessa áætlun, en þeir bændur, sem að henni standa, hafa ekki gefið sér nægan tíma til að annast verkin að sögn skógarvarðar. Alls hafa verið gróðursettar um 300.000 plöntur samkvæmt áætluninni og það flatarmál, sem undir skóg hefur farið, er því milli 50 og 60 hektarar. Víðast hvar hafa þessar plantanir tekist með ágætum, svo að unun er að skoða þær. Ef svo fer sem horfir er ekki vafi á, að Fljótsdalur allur fer undir skóg. Landið verður ekki betur nýtt á annan hátt.

## HIRÐING SKÓGLENDA

Með hverju ári sem líður verður hirðing ungvíðis á umfangsmeiri, en það er takmörkunum háð, hve mikla vinnu er unnt að leggja í hana þegar í mörg horn er að líta. Hirðingin er einkum fólgin í að láta ungvíðið fá nóga sólarbirtu og að það verði ekki undir í samkeppninni fyrstu ár ævinnar. Þegar rækta á jólatré skiptir það mestu máli, að neðstu greinar trjáanna nái eðlilegum þroska og skemmist ekki af lamstri birkiteinungs. Því miður hefur víða orðið misbrestur á slíkri hirðingu að undanförunu, og hefur það orðið til þess, að færri tré hafa komið á markað en ella.

Áburðargjöf er ekki mikil í skóglendunum. Aðallega er borið að þeim trjám, sem ætluð eru sem jólatré. En það flýtur fyrir vexti ungvíðis að fá svolítinn skammt af köfnunarefni þegar vaxtartregðu gætir. Áburðarnotkun þessa árs mun hafa verið innan við 40 þokar í öllum skóglendum landsins. Hér er áburðarnotkun í gróðrarstöðvum eðlilega ekki talin með.

Grisjað var víða en hvað mest í Skorradal, Þjórsárdal og Haukadall. Gömlu furulundirnir á Þingvöllum og við Grund í Eyjafirði voru hreinsaðir og grisjaðir og snjóbrott fjarlægð. Þetta eru merkilegir reitir og lifandi safngripir sem ber að fara vel með.

Þessir tveir elstu skógarreitir á Íslandi eru kjörgripir fyrir skógræktina í landinu. Á báðum stöðunum hefur fjallafura sáð sér sjálf, og elstu sjálfsánu runnarnir eru yfir tuttugu ára á barmi Almannagjár. Við Grund er margt sjálfsáinna plantna en færri á Þingvöllum því að þjófar hafa oft verið þar á ferð og hnuplað nýgræðingnum, væntanlega til að planta í garða sína. Því er verr, að

sjálfsánar furur þola illa flutning og deyja flestar í höndum bófanna. Þar eru líka fleiri tegundir frá fyrstu árum skógræktar í landinu, og af þroska þeirra eða vanskapnaði má margt læra. Fyrir því er nauðsyn að hirða reitina vel og hafa á þeim góðar gætur.

## BYGGINGAR

Fyrir 10 árum var byggt hálf íbúðarhús í sambandi við gamla íbúðarhúsið í Hvammi í Skorradal, en það var þá bæði lítið, gamalt og lélegt. Nú var svo komið, að lengur var ekki viðvært í því, og varð ekki hjá því komist að rífa það og byggja nýtt. Viðbótin er nokkru stærri en gamli bærinn var, enda er gert ráð fyrir að hýsa allt að 10 manna starfshóp að sumri til ásamt skógarverði og skylduliði. Húsið var steipt upp fyrir áramót, en þak kemst ekki á fyrr en næsta ár og óvíst að húsið verði fullgert fyrr en 1978. Í sambandi við húsbýgginguna varð að steypa vatnsgeymi við neysluvatnslindina.

Þá varð það að ráði samkvæmt landgræðsluáætluninni frá 1975, að reisa plöntuuppeldisstöð á Mógilsá, þar sem skyldi ala upp trjáplöntur innanhúss við jarðhita. Voru því gerðar ráðstafanir til að reisa þar stórt gróðurhús og íbúðarhús fyrir starfsmann stöðvarinnar. Til þess var kvaddur skógarvörðurinn í Eyjafirði þar sem verkefni hans þar í héraði voru nær engin orðin. Til þess lágu þær ástæður, að Skógræktarfélag Akureyrar klauf sig frá Skógræktarfélagi Eyjafjarðar og réð til sín skógtækni og samtímis því tókst heldur ekki að fá nein lönd undir skógrækt í héraðinu. Var því ástæðulaust að hafa þar skógarvörð lengur. Íbúðarhúsið var reist á árunum 1975 og 1976, og er bæði stórt og vandað, enda óhóflega dýrt. Samtímis var þöntuð grind í gróðurhús frá Danmörku, en þegar til kom er hún of veikbyggð fyrir sviptivindana á Kjalarnesi að dómi verkfræðinga og enn er því ólokið að ganga frá styrkingum á grindinni áður en gler er sett á húsið.

## ÝMS ATRÍÐI

Skógrækt ríkisins fékk aðstoð úr þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna til þess að gera tilraunir með gróðursetningu í plógstrengi á ýmskonar landi. Átti að hefja þessar tilraunir árið 1975, en vegna seinkana gat ekki orðið úr þessu fyrr en sumarið 1976, og skal ekki fjölyrt um þær að svo stöddu, þar sem ekki er lokið við fyrsta áfangann. En fyrir

þennan styrk eignaðist Skógrækt ríkisins stóra og sterka jarðýtu og stóran plóg, sem er mikið verkfæri og getur plægt á ýmsa vegu. En ástæður til þess, að kapp var lagt á að fá slík verkfæri, eru tvennar. Í Skotlandi og á Norðurlöndum hafa ýmsar ræktunaraðferðir verið notaðar til þess að planta skógi í skóglaus lönd, bæði mýrar og heiðar. Með stórvirkum vélum og verkfærum við plægingar hefur reynst hvað auðveldast að nema ný lönd undir skóg. Slík aðferð var fyrst reynd hér árið 1961 í Haukadal í Biskupstungum og þrátt fyrir að plógurinn, sem notast varð við, skerpiplógur, væri ekki ákjósanlegur til þessa verks, þá hefur árangur af plöntun við plógstrengi og í plógstrengi gefið góðar vonir um að takast megi að rækta skóg á ýmskonar landi, sem nú er lítið eða einskis nýtt. Því var þetta starf hafið í stærri stíl en áður sumarið 1976, er um 20 ha mýrlendis voru plægðir í landi Snæfoksstaða í Grímsnesi fyrir Skógræktarfélag Árnesinga og um 40 ha á mýrum og móum í Haukadal. Samtímis var það land fram ræst, sem of blautt var, svo að plöntun gæti hafist vorið 1977.

Sameinuðu þjóðirnar buðu Íslendingum áframhaldandi aðstoð til ýmissa verka á sviði ræktunar, en stjórn landsins afþakkaði af einhverjum ástæðum og var það sannarlega illa af sér vikið þar sem Ísland er ekki síður vanþróað en ýms ríki, sem styrkt eru af þróunarsjóðnum, svo sem Ungverjar, Finnar og fleiri auk Afríkuþjóða, sem fé er ausið í og kemur oft að litlum notum. En Skógrækt ríkisins fékk þó góð verkfæri upp úr krafsinu, sem hún hefði vart fengið að öðrum kosti.

Til annara tíðinda má telja, að eftir að Skógræktarfélag Íslands gerðist meðlimur í norræna skógasambandinu (Nordisk skogunion) kom til tals að skógræktarmenn frá hinum Norðurlandanna kæmu í heimsókn til Íslands, og úr þessu varð í júlí 1976. Hingað komu alls 43 manns og er þeirri komu lýst í stuttri grein í ritinu og því óþarfi að geta þess frekar hér. En heimsókn skógarmanna tókst með ágætum og auk hinna fræðilegu og gagnlegu umræðna, sem fram fór á ýmsum stöðum, kynntust menn innbyrðis og íslenskir skógræktarmenn, sem lengi hafa lifað í og þrúgast af einangrun, fundu nú að hún er að leysast upp.

Þá má enn telja til tíðinda, að farin var 10.

skiptiferð skóglöntunarfólks milli Noregs og Íslands á þessu sumri. Þær hófust vorið 1949 og hafa haldið áfram síðan á þriggja ára fresti. Um 70 manns tóku þátt í ferðinni frá hvoru landi og stóð hún hálfan mánuð að vanda í fyrri hluta ágústmánaðar. Skógrækt ríkisins tók þátt í að sjá gistivinum okkar fyrir verki og hljóp undir bagga með Skógræktarfélagi Íslands að vanda.

Norðmennirnir gróðursettu sumpart á Laugarvatni og sumpart í Skorradal í Stóru-Drageyjarlandi.

Þess ber og að geta með þakklæti að konur úr Rotaryklúbbi kvenna í Reykjavík, einar 30 saman, tóku sér ferð á hendur til að gróðursetja trjáplöntur í Haukadal. Áður hafði þessi félagsskapur tvívegis annast plöntun í Skorradal auk þess, sem félag þeirra gaf kr. 100.000 til skógræktar fyrir 4 árum.

Ennfremur er vert að nefna, að skátamót var haldið í landi Stóru-Drageyjar, þar sem skátar af Akranesi eiga sér athvarf, og tók stór hópur þeirra þátt í gróðursetningu við góðan orðstír. Mætti þetta verða til að þeir héldu þessu starfi áfram þar sem þeir hafa töluvert land til umræða.

## NIÐURLAG

Þessi ársskýrsla verður sú síðasta, sem kemur frá minni hendi um störf Skógræktar ríkisins. Hafa þær birst í Ársritinu allt frá 1936 og eru þar dregin fram helstu atriði hvers árs, en þess ber að geta að þær eru fyrst og fremst útdráttur úr skýrslum skógarvarða landsins, og þar eru miklu ýtarlegri upplýsingar um hina ýmsu þætti starfsins um land allt frá 1935. Skýrslurnar eru geymdar í skrifstofu Skógræktar ríkisins og eru þar miklar heimildir samankomnar. Úr þeim má draga saman sögu íslenskrar skógræktar eða taka saman einstaka þætti hennar. Þegar C. E. Flensborg hóf starf sitt hér á landi árið 1900 lét hann prenta ársskýrslur í danska tímaritið Tidskrift for Skovvæsen, og eru þær merkilegar heimildir. Síðan urðu þessar skýrslur strjálí og komu fáar út á prent, en til eru dagbækur skógarvarða frá ýmsum árum fram að 1935 í skjalasafni Skógræktar ríkisins, en því miður vantar víða inn í þær, annaðhvort af því að þær hafa ekki verið skrifaðar eða þá glataðar.



*Vaxtarmælingar.* Í sambandi við svonefnda Skóg-græðslukönnun var farið um Vestfirði. Farið var í allfesta reiti og víða mældir fletir. Árangur á Vestfjörðum er afar misjafn. Gert er ráð fyrir að þessum mælingum verði að mestu lokið 1975.

*Víðarvaxtarmælingar.* Mældir voru báðir reitirnir í Guttormslundi, grísjunartilraunafletir í Jónsskógi og flötur í stafafuru frá 1940 á Atlavíkurstekki. Niðurstöður birtust í Ársritinu 1975.

*Gróðursetningartilraunir.* Mæld var ein tilraun á Ormsstöðum í Hallormsstaðaskógi. Ekki er enn kominn fram neinn raunhæfur munur á gróðursetningaraðferðum.

#### IV. SKJÓLBELTI

Haustið 1974 var hafinn undirbúningur að skjólbeltum á vegum Landgræðsluáætlunar. Voru tekin fyrir 8 skjólbelti á starfssvæði Búnaðarsambands Suðurlands, 3 í Rangárvallasýslu og 2 í Vestur-Skaftafellssýslu. Verkið var unnið í samvinnu við Búnaðarsambandið. Tókst þetta ágætlega og eru beltin tilbúin til gróðursetningar að vori. Borað var fyrir hverri plöntu með sérstökum traktorsbor og síðan var húsdýráburður settur í hverja holu. Lengd beltanna er samtals 1955 metrar.

#### V. ÝMISLEGT

Tilraunastjóri var óvenju bundinn við stöðina er nýr verkstjóri var að taka við starfi. Í ágúst var farið um Vestfirði og unnið að mælingum vegna svokallaðrar Skógggræðslukönnunar. Um haustið fór mikill tími í vinnu við skjólbelti á Suðurlandi.

Þórarinn Benedíksz sótti í maílok hálfmánaðar fund í Rómaborg vegna væntanlegrar UNDP-áætlunar. Hlaud hann síðan styrk frá sömu stofnun og dvaldist erlendis frá 6. ágúst til 5. október. Sótti hann fundi og ferðaðist um Norðurlönd og Bretlandseyjar til að kynna sér skógrækt á mýrlendi. Um vorið fór mikið af tíma hans til undirbúnings þessara ferða.

Ólafur V. konungur Noregs heimsótti stöðina í júníþyrjun. Að þessu tilefni var gefinn út bæklingur samkvæmt ákvörðun stjórnar stöðvarinnar. Ingvi Þorsteinsson og undirritaður unnu að útgáfunni í samráði við bókahönnuð. Miðað við það hve skammur tími var til stefnu, verður að telja að bæklingurinn hafi heppnast ágætlega.

## Árið 1975

### I. INNGANGUR.

Sú breyting varð á starfslíði stöðvarinnar, að hinn 1. september hóf Guðmundur Örn Árnason skóggfræðingur störf hér sem sérfræðingur.

Lausráðið fólk vann hér samtals í 90 vikur, sem er mun meira en árið 1974.

### II. TILRAUNIR Á MÓGILSÁ

*Veðurathuganir* voru gerðar eins og undanfarin ár.

Hér voraði óvenjulega seint og sumarið var mjög úrkomusamt. Norðanáttir voru mjög fátíðar. Vöxtur var í góðu meðallagi. Fræfall á þessum slóðum var lítið sem ekkert á flestum tegundum.

*Sáningar.* Sáð var í reitinn 23 kvæmum af stafafuru og ennfremur 6 öðrum furutegundum. Fræið spíraði illa, og er líklega um að kenna mistökum í sambandi við vökvun eða opnun.

*Dreifsetning.* Blágreni- og þallarsáning frá 1973 var tekin upp og dreifsett í rúllur á Tumastöðum. Nokkur kvæmi af broddfuru og sveigfuru voru og dreifsett á Mógilsá, afföll urðu talsverð.

*Græðlingaræktun.* Frá Þórnari Benedíksz, sem ferðaðist um Nýja Sjáland í febrúar og mars, barst mikið af græðlingum. Voru þeir mjög misjafnlega á sig komnir, höfðu sumir verið 6 vikur á leiðinni. Settir voru 1700 stiklingar af 58 tegundum og ennfremur 390 rættar plöntur af 17 tegundum. Af þessum sendingum voru um 450 plöntur á lífi í október. Um framhaldið verður reynslan að skera úr, en Þórarinn safnaði einnig fræi af flestum þessum tegundum.

Af sitkagreni og blágreni voru settir 1000 græðlingar í marslok og af þeim rættust 380. Síðsumars voru settir 770 græðlingar af Suðausturlandi af sitkagreni, og gekk ræting þeirra ekki eins vel svo sem við mátti búast.

Af stafafuru úr Skorradal voru settir 20 græðlingar og komu rætur á 13 þeirra. Græðlingarnir voru af ungum trjám.

Gerðar voru tilraunir með græðlinga af lerki, fjallapín og álmi. Voru reyndar 4 tegundir rótarhormóna.

Engir lerkigræðlinganna setti rætur, en kallus kom á nokkra þeirra. Vafasamt er hvort nokkur vinningur sé í því að nota rótarhormóna á lerki, hitt

virðist þýðingarmeira að hitta á réttan tíma. Verða gerðar ýtarlegri tilraunir með það í sumar.

Nokkrir græðlingar rættu sig þegar notaðir voru IBA (indol-smjörsýra) rótarhormónar, og verður þessum tilraunum haldið áfram.

Af 350 grænstiklingum af álmi settu 170 rætur. Bestur árangur náðist þegar þeir voru nokkuð stinnir og notað var Floramon A (alfa-nafthyl-ediksýra).

Settir voru um 500 birkigræðlingar með Floramon A og rættust 300 þeirra.

*Frærannsóknir.* Veturinn 1974-1975 voru alls tekin 73 fræsýni til spírúnarrannsókna. Ekkert fræ barst stöðinni í haust nema birkifræ austan af Héraði. Að vanda sá stöðin um útsendingu alls fræs til gróðrarstöðvanna.

*Vindslitsmætingar.* Í nóvember var byrjað að gera hér vindslitsmælingar að skoskri fyrirmynd. Er það gert á þann hátt; að settar eru upp stengur með flöggu af ákveðinni stærð á mismunandi stöðum. Eftir tvo mánuði er skipt um flögg og slitið mælt. Með þessu móti er unnt að kanna mismunandi vindskilyrði. Þessum tilraunum verður haldið áfram.

### III. TILRAUNIR ÚTI UM LAND

*Kvæmatilraunir.* Ný tilraun var lögð út Bakkakoti í Skorradal með 12 kvæmi af stafafuru. Tvær eldri kvæmatilraunir í Skorradal með sitkagreni voru hreinsaðar og önnur þeirra mæld. Sitkagrenitilraun í Jórvík í Breiðdal var mæld og hreinsað frá plöntum. Hvítgrenitilraun í Partinum á Hallormsstað stórskemmdist af snjóveturinn 1974-1975 og er sennilega ónýt.

*Vaxtarmælingar.* Í sambandi við Skógggræðslukönnun voru mældir fletir um allt Suður- og Suðausturland og Norðurland. Alls urðu fletirnir 437. Hafa þá verið mældir 889 fletir. Nú er verið að vinna úr þessu en gengið seinna en ætlað var. Væntanlega komast allar mælingarnar inn á gataspjöld fyrir vorið og verður unnið úr efninu í tölvu. Niðurstöður geta þá væntanlega legið fyrir með haustinu.

*Græðingartilraunir.* Tvær tilraunir voru lagðar út á Stálpstöðum með rætta sitkagrenistiklinga og sú þriðja austur í Laugardal.

*Áburðar- og gróðursetningartilraunir.* Áburðartilraun frá 1970 í rauðgreni á Hallormsstað var mæld og upp gerð. Eftir 6 ár er ekki marktækur munur milli áburðarliða. Þeir liðirnir, sem fengið hafa köfnunarefni, hafa þó mesta meðalhæð. Önnur

áburðarefni virðast ekki hafa haft áhrif á hæðarvöxtinn. Kemur hér fram sem áður, að áburðaráhrifa gætir í mesta lagi 2-3 ár.

Í Þjórsárdal var gerð samanburðartilraun á húsdýraáburði og tilbúnum áburði. Gróðursetningartilraunir í Geitagerði og Ormsstöðum voru mældar.

Nálarsýni voru tekin á fjórum stöðum og efnagreind hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. Köfnunarefnisinnihald nálanna reyndist fremur lágt.

### IV. SKJÓLBELTI

Á síðastliðnu vori var sett í 8 skjólbelti á Suðurlandi. Staðirnir eru þessir: Spóastaðir í Biskupstungum, Laugardælir, Vorsabær í Gaulverjabæjarhreppi, Skarðshlíð undir Eyjafjöllum, Sólheimahjáleiga í Myrdal og Seglbúðir í Landbroti. Gróðursetning tókst vel, en sýnilegt er að sumstaðar verður grasvöxturinn helst til mikill. Borað var fyrir hverri plöntu og húsdýraáburður settur í holurnar.

Um haustið voru undirbúin 5 skjólbelti í Borgarfirði, samtals um 1 km að lengd. Verða þau tilbúin til gróðursetningar að vori. Áður en borað var fyrir plöntum, var rist ofan af, svo að grasvöxtur ætti ekki að vera til baka næstu árin. Beltin eru á þessum stöðum. Hvanneyri, Varmalæk, Nesi í Reykholtaldal, Brúarreykjum í Stafholtstungum og Lindarhvoli í Þverárhlíð.

### V. FERDALÖG O.FL.

Þórarinn Benedikz fór s.l. vetur (4.2. - 15.4.) til Nýja Sjálands á vegum Nordisk Arboretudvalg. Safnaði hann þar, ásamt tveimur öðrum mönnum, stiklingum og fræi til fjalla eins og áður getur. Þá sat hann fund NAU í Danmörku í september, en hann er fulltrúi Íslands í nefndinni. Auk venjulegra tilrauna vann Þórarinn að undirbúningi tilrauna á vegum UNDP (FAO), sem hefjast á vori komanda. Er þetta tilraunir með framræslu, plægingu og gróðursetningu í votlendi. Ég ferðaðist meira um landið en á undanförunum árum einkum vegna skjólbeltatilauna.

Á árinu voru sett úðunartæki og undirhiti á annað borð í gróðurhúsinu til viðbótar og eykst með því stiklingaplássíð um helming. Á síðastliðnu hausti barst stöðinni fyrir milligöngu Hákonar Bjarnasonar höfðingleg gjöf frá Norsk Institutt for Skogforskning. Er það tæki til áhringamælinga og



er mikill fengur að því til aldursákvörðana og vaxtarmælinga.

Loks er þess að geta, að á árinu var ákveðið að reisa hér á staðnum plöntuuppeldisstöð, þar sem ræktunin fer að mestu fram í gróðurhúsum. Var byrjað á byggingu íbúðarhúss í ár, en á næsta ári verður hafist handa um byggingu gróðurhúsa. Er þess að vænta að þetta verði starfseminni hér til stuðnings og framdráttar.

## Árið 1976

### I. INNGANGUR

Sú breyting varð á starfslíði stöðvarinnar, að Svavar Kjærsted hvarf frá störfum hinn 1. október, er ráðningarsamningur hans rann út. Í stað hans réðst hingað Ólafur Friðriksson frá Lykkju á Kjalarnesi, og hóf hann störf hér hinn 1. desember.

Lausráðið starfsfólk var hér færri en oft áður, eða um 60 vinnuvikur. Stafaði það af fjárskorti.

### II. TILRAUNIR Á MÓGILSÁ

*Vedurathuganir* voru með sama sniði og undanfarið. Meðalhiti árs var 5,0°C og úrkoma 1328 mm. Úrkomudagar urðu 242. Meðalhiti sumarsins var 10,0°. Sumarúrkoman var 476 mm og úrkomudagar 83, eða 7 af hverjum 10. Einkum var ágústmánuður úrkomusamur, en þá sá varla til sólar. Þetta var gott vaxtarsumar hér um slóðir og óvenjumikil hægvíðri.

*Sáningar.* Í gróðurhúsið var sáð 23 kvæmum af sitkagreni auk ýmissa smásýna af öðrum tegundum.

*Ræktun græðlinga.* Settir voru rúmlega 3000 græðlingar af sitkagreni af 52 völdum trjám (sjá síðar). Varð ræting þeirra sáemileg miðað við það, að trén, sem af var tekið, voru yfirleitt nokkuð gömul. Þá var unnið að því að fá lerki til þess að ræta sig. Af rúmlega 2000 græðlingum rættu sig 54, sem getur ekki talist mikill árangur. Stungutíminn virðist hafa mest að segja, en einnig virðast rótarhormónar geta aukið rætingu. Hefur aðeins tekist að ræta sumargræðlinga. Þá var haldið áfram að stinga fjallapín. Virðist það gefa besta raun að nota litla græðlinga og IBA rótarhormóna. Í þetta sinn

rættust um 20%. Nokkuð var sett af birki- og seljugræðlingum og tókst vel að vanda.

*Ágræðsla.* Engar ágræðslur voru gerðar hér á staðnum, en hins vegar var fjöldi ágræðslukvasta sendur til Noregs, en eins og kunnugt er var Skógræktarfélagi Íslands gefinn fræræktargarður í Noregi 1974. Með sérstökum samningi tók svo Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins að sér að sjá um það, sem hér þarf að inna af hendi í því sambandi. Í þessu skyni var safnað kvistum af völdum trjám um sunnan- og austanvert landið. Valin voru sitkagrenitré, sem vaxið hafa vel og áfallalaust og hafa gott vaxtarlag. Leitast var við að velja tré af kvæmum, sem almennt hafa reynst vel. Alls voru teknir kvistir af 52 trjám. Þeir voru sendir flugleiðis og tókst ágræðslan ágætlega.

*Frærannsóknir.* Veturinn 1975-1976 voru alls tekin 253 sýni til spírúnarrannsóknar. Haustið 1976 var safnað miklu magni af könglum á Austurlandi og í nágrenni Reykjavíkur og sent hingað til þreskingar. Fræmagníð varð þetta, vængjað og óhreinsað í kg.

Sitkagreni, ýmsir staðir .....	37.18
Hvítisitkagreni, Hallormsstað .....	2.96
Blágreni, Hallormsstað, gömlu trén .....	0.50
Rauðgreni, Hallormsstað .....	1.08
Svartgreni, Hallormsstað .....	0.34
Broddfura, Hallormsstað .....	2.15
Stafafura, ýmsir staðir .....	2.00
Sveigfura, Hallormsstað .....	0.01
Fjallapöll, Hallormsstað .....	0.01
Hengibjörk, Hallormsstað .....	0.23
Gráelri, Hallormsstað .....	0.41

Fræ alls

Sitkagrenið skiptist þannig eftir uppruna og söfnunarstöðum:

Fish Bay .....	9.96
Copper River Flats .....	14.64
Mac Leod .....	5.67
Pigot Bay .....	1.37
Point Pakenham .....	0.48
Óviss uppruni .....	5.06
Hallormsstaður .....	21.42
Egilsstaðir .....	11.59
Seyðisfjörður .....	2.39
Eskifjörður .....	I. 24
Norðfjörður .....	0.54

Lokið var við að hreinsa sumt af fræinu fyrir

áramót, og urðu niðurstöðurnar þessar af spírunarathugunum :

Hvítsitkagreni safnað á Hallormsstað .....	89%
Sitkagreni safnað á Egilsstöðum .....	53%
Sitkagreni safnað á Hallormsstað .....	84%
Stafafura safnað í Óskjuhlíð .....	84%
Stafafura safnað í Vífilsstaðahlíð .....	82%

Spíruntölur verða að teljast merkilega háar.

Þetta er líka í fyrsta sinn, sem safnað er umtalsverðu magni af stafafuru.

*Vindmælingar.* Haldið var áfram mælingum á vindsliti, sem hófust í fyrra. Var mælingarstöðum fjölgað hér í fjallinu.

### III. TILRAUNIR ÚTI UM LAND

*Græðlingatilraunir.* Tveir tilraunareitir voru gerðir.

Annar austur í Laugardal með sitkagreni, en hinn með íslenskt birki í Vallárlandi á Kjalarnesi.

*Vaxtarmælingar* voru gerðar á nokkrum stöðum á Vesturlandi í sambandi við skóggæðslukönnun. Allar niðurstöður mælinganna eru komnar inn á gataspjöld og tölvuúrvinnsla hafin. Fyrstu niðurstöður munu birtast 1977. Mælingarfletirnir eru rúmlega 900 talsins.

*Plægingar.* Á árinu hófust víðtækar tilraunir með plægingar og gróðursetningar á mýrlendi austur í Árnessýslu. Þórarinn Benedikz hefur séð um þessar tilraunir, og mun hann gera grein fyrir þeim síðar.

### IV. SKJÓLBELTI

Á árinu var gróðursett í 5 ný skjólbelti í Borgarfirði. Er staðanna getið í síðustu ársskýrslu. Sett var í beltin í byrjun júní og tókst gróðursetning ágætlega, og urðu afföll víðast hvar lítil sem engin.

### V. ÝMISLEGT

Dagana 21. - 26. júní tók ég þátt í þingi Alþjóðasamtaka tilraunastöðva í skógrækt, sem haldið var í Osló. Ásamt Þórarni Benedikz sat ég NATO ráðstefnu um umhverfismál, sem haldin var í Reykjavík 5. - 8. júní. Dagana 25. - 31. júlí tókum við Guðmundur Ö. Árnason þátt í ferðalagi norrænna skógræktarmanna um landið, sem samstarfsnefnd Norræna skógræktarsambandsins og stjórn Skógræktarfélags Íslands gengust fyrir. Ennfremur sat ég fund sambandsins, sem haldinn var í Osló 29. og 30. nóvember.

## Stór tré á Akureyri

Akureyri hefur lengst af skarað fram úr öðrum bæjum í ræktun trjáa. Fyrir skömmu voru ýms tré mæld þar í nokkrum görðum. Af þeim má m.a. nefna fáeinar.

Við Aðalstræti 19 stendur síberískt lerki, plantað 1915. Það er 12.1 m á hæð og þvermál þess er 37.5 sm í 1.3 m hæð. Viðurinn í þessu tré er 0.73 teningsmetrar.


Við Gilsbakkaveg 11 og 13 standa nokkrar

alaskaaspir. Þær munu gróðursettar um 1950. Tvær hinar hæstu eru 13.0 m, og er þvermál þeirra 32.0 og 24.1 sm.

Þá er stór ösp við Bjarmastíg 1, að öllum líkindum *Populus suaveolens*, sem er 13.6 m á hæð og 36.3 sm í þvermál. Uppruni trés er óþekktur, svo og hvenær það var gróðursett. Að líkindum er þetta hæsta tré á Akureyri.



## Myndasaga um birki




Í rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá hafa farið fram athyglisverðar athuganir á íslensku birki nokkur undanfarin ár. Íslenska birkið er ærið sundurleitt, allt frá því að vera flatvaxin flækja, kræklóttur runnur eða fallegt skógartré. Til þess að fá úr því skorið, af hvaða ástæðum birkið vex svo misjafnt, þarf margskonar rannsóknir. Hér eru 4 myndir, teknar af Guðjóni Einarssyni, fréttaljósmyndara, sem lýsa einum hluta þessa starfs.

Það, sem hér er lýst, er fólgið í því, að taka greinar af ýmsum trjám, græða þær á rætur ungra birkitrjáa eins og 1. myndin sýnir. Þar næst er ágræddi sprotinn látinn vaxa upp í gróðurhúsi en allt lim af rótinni er burtu numið, og vaxa þá upp langir og mjúkir árssprotar, sbr. 2. mynd. Þegar sprotarnir eru hæfilega viðaðir má skera þá í litla græðlinga og setja í þar til gerð græðlingabeð, eins og 3. mynd sýnir.

„Jarðvegurinn“ í rætingabeðunum er ýmist vikur eða mulinn perlusteinn ásamt mýramosa,

Sphagnum, og er honum haldið 2 stigum hærra en lofthitanum með undirhita á meðan á rætingu stendur. Samtímis á loftrakin að vera eins mikill og nokkur kostur er. Eftir hæfilegan tíma, um 3-4 vikur, hafa flestir græðlinganna skotið rótum eins og sjá má af 4. myndinni, og hún sýnir líka venjulega stærð hvers græðlings.

Á þennan hátt má koma upp fjölda einstaklinga af sama trénu og síðan athuga þá og skoða frá ýmsum sjónarhornum. Svipuðu máli gegnir um margar aðrar trjategundir.



## Störf skógræktarfélaganna 1975 og 1976

Hér á eftir er greint frá því helsta í störfum skógræktarfélaganna á árunum 1975 og 1976, auk þess sem drepit verður á nokkur þau atriði, sem snerta félagsstarfsemina í heild og settu svip sinn á hana þessi tvö ár.

### GIRÐINGAR

Það sem telja má með því markverðasta, er gerðist í friðun lands, var að á sumrinu 1975 var lokið við að friða austurhluta Snæfoksstaðalands í Grímsnesi. Sett var upp 6.6 km löng girðing um 177 ha lands. Með þessu lauk Skógræktarfélag Árnesinga þriðja áfanga í friðun Snæfoksstaða og er nú búið að girða þar alls 613 ha lands. Eftir er að girða mestan hluta landsins norðan Þjóðvegjar, sem er tvö til þrjú hundruð ha að stærð.

Á sama ári mátti heita að lokið væri við friðun Skógarhlíðar við Sauðárkrók, en hún er norðurhluti fyrirhugaðs útivistarsvæðis fyrir Sauðárkróksbúa. Skógarhlíðargirðing er rösklega 7 km löng og land innan hennar um 200 ha. Eftir er að friða þann hluta útivistarsvæðisins, sem er úr Sauðárlandi. Rétt þykir að geta þess að til beggja þessara girðinga fékkst fjárstuðningur frá Landgræðsluáætlun 1974-1978, enda hefði vart verið ráðist í að friða þessi lönd hefði sú aðstoð ekki fengist.

Árið 1974 afhenti Ólafsvíkurhreppur Skógræktarfélagi Ólafsvíkur og nágrennis 20 ha landsspildu til afnota, en land þetta er ætlað til útivistar fyrir Ólafsvíkurbúa. Á árinu 1976 var að mestu lokið við girðingu um landið. Sama ár bætti Skógræktarfélag N.-Þingeyinga 5 ha við land sitt við Akur í Öxarfirði, og Skógræktarfélag Dalasýslu endurnýjaði girðingar í Gröf í Miðdölum og Þverfelli í Saurbæ.

Þá tókust samningar milli Skógræktarfélags Borgfirðinga og Skógræktar ríkisins um að félagið fengi framleigt um 50 ha spildu úr þeim hluta

Húsafellslands, sem Skógrækt ríkisins lét girða. Þessi landsspilda er vestast í Húsafellslandi sunnan Þjóðvegjar. Er landið að nokkru leyti vaxið kjarrskógi. Lítið undanfæri var orðið hjá skógræktarfélaginu um land til að gróðursetja í, en með þessari viðbót má segja að úr hafi ræst nokkur ár fram í tímann.

Á árinu 1975 vörðu skógræktarfélögin alls 1.1 millj. kr. til girðinga, þar af 845 þús. kr. til nýrra girðinga, en 366 þús. til girðingaviðhalds. Þessar tölur sýna, að miðað við raunverulegan girðingakostnað, þá hefur aðeins hluti hans verið greiddur af félögunum. Hér munaði mest um þá aðstoð, sem Landgræðsluáætlun og sveitar- og bæjarfélög létu af hendi rakna til girðingaframkvæmda.

### GRÓÐURSETNING

Á vegum skógræktarfélaganna voru gróðursettar rösklega 330 þús. trjáplöntur árið 1975 og gróðursetningin árið eftir var svipuð að magni, eða tæp 305 þús. plantna (sjá töflur 1 og 2). Á það skal bent, að bæði árin mun gróðursetning félaganna hafa verið nokkru meiri en töflurnar sýna, þar sem starfsskýrslur bárust ekki frá nokkrum félögum. Þá er einnig rétt að benda á, að bæði árin fór megnið af gróðursettum plöntum í tiltölulega fáa staði, en svo hefur raunar verið síðustu tvo áratugi. (sjá töflur 3 og 4). Þótt segja megi að magn gróðursettra plantna sýni að félögin hafi haldið sínum hlut hvað varðar gróðursetningu þessi tvö ár, varð hún nokkru minni en gert var ráð fyrir í upphafi. Orsákir til þessa eru e.t.v. fleiri, en hér hefur mestu um ráðið síhækkandi plöntuverð. Þannig hækkaði meðalverð skógarplantna um rösklega 50% milli árana 1974 og 1975. Nokkru minni varð hækkunin 1976, eða 34%. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að á móti verðhækkunum kemur leyfi stjórnvalda 1975 um að fella niður söluskatt af skógarplöntum til skóg-

Tafla 1

## Gróðursetning skógræktarféлага árið 1975

Skógræktarfélag	Birki	Stafaf.	Bergf.	Sitkagr.	Rauðgr.	Lerki	Aðrar teg.	Alls
Árnesinga	8.200	12.900	4.900	6.145		1.900	2.050	36.365
Austurlands	1.000			1.400	2.000	1.610	100	6.110
A.-Húnavetninga	1.720	1.010				4.030	20	6.780
A.-Skaftfelllinga		1.000						1.000
Bolungarvíkur			2.000	500				2.500
Borgfirðinga	1.700		2.200	3.350	1.500		2.600	20.000
Eyfirðinga	9.980	15.500				17.900		43.380
Hafnarfjarðar	3.600	1.600	2.200	4.200				11.600
Heiðsynninga		3.000						3.000
Kjósarsýslu	125	1.500	2.500	2.250				6.375
Kópavogs		1.500	2.500	2.250				6.250
Mýrdælinga		500		2.000				2.500
N.-Þingeyinga		2.000				900		2.900
Rangæinga	3.900	500		400		650		5.450
Reykjavíkur	33.475	14.280	32.050	26.850				106.665
Síglufjarðar		400		1.500				1.900
Skagfirðinga	2.730	14.632	30	3.012	63	8.725	629	29.887
Stykkishólms				4.000				4.000
Suðurnesja			1.000	1.000				2.000
Strandasýslu				1.000				1.000
Y.-Barðstrendinga		3.500		500				4.000
V.-Ísfirðinga		2.500		500				3.000
Íslands		5.000				5.000		10.000
	66.430	89.972	49.380	60.857	3.563	40.715	5.465	316.382

Gróðursetning á  
einstökum svæðum 1975

Skógræktarfélag Staður	Fjöldi plantna
Árnesinga Ásatún	5.680
Árnesinga Snæfoksstaðir	14.630
Eyfirðinga Hofstreitur	2.000
Eyfirðinga Kjarnaskógur	10.000
Eyfirðinga Miðhálsstaðir	30.000
Borgfirðinga Snagi	6.000
Borgfirðinga Svignaskarð	3.000
Borgfirðinga Urriðaá	4.000
Hafnarfjarðar Hvaleyrarvatn	5.400
Kjós. og Kópav. Fossá	18.400
Rangæinga Krappi	4.200
Reykjavíkur Heiðmörk	83.600
Reykjavíkur Öskjuhlíð	18.805
Skagfirðinga Brekka	6.150
Skagfirðinga Hólar	9.950
Skagfirðinga Hóll	2.900
Skagfirðinga Skógarhlíð	8.000
Stykkishólms Sauraskógur	2.500
Íslands Fjósar	10.000
	<u>244.815</u>

ræktarféлага. Engu að síður hafa undangengnar verðhækkningar á plöntum reynst félögum þungur baggi. T.d. greiddu þau alls kr. 2.5 millj. kr. vegna plöntukaupa 1975, en rösklega 3.7 millj. fyrir nær sama plöntufjöld árið eftir, eða því er næstum svarar til sömu fjárupphæðar og ríkisstyrkur til þeirra var á árinu 1976.

Þá má að nokkru leyti rekja minnkandi gróðursetningu til þess að sjálfbodavinnna við gróðursetningarstörf hefur dregist saman að undanfögnu. Nú orðið greiða stærri félögin svo til alla gróðursetningavinnu. Undantekning frá þessu er sú vinna, sem fengist hefur í framlagi vinnuskóla á vegum bæjar- og sveitarfélaga, en slíkur vinnukraftur fæst eingöngu í þéttbýli. Þau félög, sem mega sín minna og starfa í dreifbýlinu, verða eftir sem áður að byggja störf sín að mestu leyti á vinnu sjálfbodaliða og það er einmitt hjá þessum félögum, sem gróðursetning plantna hefur dregist mest saman.

Skógræktarfélag	Birki	Stafaf.	Berg.	Sitkagreni	Rauðgreni	Lerki	Aðrar teg.	Alls
Árnesinga	5.650	10.944	6.000	4.020		260		26.874
Austurlands	2.550			1.600		1.550	200	5.900
A.-Húnvetninga	3.870	250		100		250		4.470
A.-Skafthellinga				1.000				1.000
Björk				1.000				1.000
Bolungarvíkur	500			500				1.000
Borgfirðinga	4.100	8.200	1.700	300	2.000		1.700	18.000
Eyfirðinga	10.000	8.000				10.000		28.000
Hafnarfjarðar	3.500	1.500	1.500	4.300				10.800
Ísafjarðar		1.132		1.120				2.252
Kjósarsýslu		4.650	3.150	3.200				11.000
Kópavogs				6.470	3.000		2.600	12.070
Mýrdælinga		100		2.000				2.100
Neskaupstaðar	460							460
N.-Þingeyinga						1.000		1.000
Rangæinga	2.800	300	710	1.050				4.860
Reykjavíkur	37.240	38.100	13.650	30.880			5.060	124.930
Siglufjarðar		300		1.500		200		2.000
Skagfirðinga	10.574	11.023	500	4.040		2.110	825	29.072
Stykkishólms	1.000						4.000	5.000
Suðurnesja		1.000	2.000					3.000
Strandasýslu				1.000				1.000
V.-Barðastrandasýslu	500			1.500				2.000
V.-Ísafjarðarsýslu	500			1.500				2.000
Íslands		5.000						5.000
Alls	83.244	90.499	29.210	67.080	5.000	15.370	14.385	304.788

## UMHIRÐA PLANTNA

Á árinu 1975 vörðu félögin aðeins tæpum 300 þús. kr. til umhirðu plantna, en árið 1976 nær þrefalt hærra upphæð, eða um 870 þús. kr.

Hér í ritinu hefur margoft verið bent á nauðsyn þess að veita langtum meira fé til umhirdustarfa en verið hefur. Auka þarf t.d. allverulega áburðargjöf að plöntum. Það er kunnara en frá því þurfi að segja, að víða ráða félögin yfir löndum, þar sem vaxtartregðu gætir fyrstu árin eftir gróðursetningu og trjágróður kemst ekki upp nema með aðhlyningu. Því miður verður það að segjast, að umhirdan er eitt af þeim störfum félaganna, sem dregist hafa úr hömlu. Ef vel á að vera eiga umhirdustörfin að haldast í hendur við árlega gróðursetningu. En sakir þess hve umhirdan er orðin á eftir, þyrfti a.m.k. að veita helmingi meira fjármagni til hennar næsta áratuginn, en verið hefur.

Þá er ekki síður aðkallandi að huga meira að grisjun ungsjógar en verið hefur. Eins og kunnugt

er var gróðursetning trjáplantna mjög lítil allt fram á miðjan sjötta áratuginn, en næstu ár þar á eftir náði hún hámarki. Víða í landinu er nú að finna skógarreiti frá þessum árum, sem orðnir eru svo vaxnir, að ekki má miklu lengur bíða með grisjun þeirra, og ár hvert bætast nýir við. Hér er um verkefni að ræða, sem taka þarf föstum tókum sem allra fyrst, ella verður það því óviðráðanlegra eftir því sem fram í sækir. Til þess að leysa grisjunarvandamálið á viðunandi hátt væri heppilegast að grisjun yrði unnin af starfslíði skógarvarða. eða sérstökum vinnuflokkum, sem færu á milli félaganna, því að varla er hægt að ætlast til að leikmenn ráði við hana svo að vel sé, bæði sakir þess að hér þarf nokkra kunnáttu og góðan verkfærakost.

## VINNUFLOKKUR

Vinnuflokkur undir stjórn Gunnars Finnbogasonar skógarvarðar aðstoðaði skógræktarfélagin á

## Gróðursetning á einstökum svæðum 1976

Skógræktarfélag	Staður	Fjöldi plantna
Árnesinga	Snæfoksstaðir	12.226
A.-Húnavetninga	Gunnfríðarstaðir	4.470
Borgfirðinga	Fannahlíð	5.200
Borgfirðinga	Reykholt	3.000
Borgfirðinga	Svignaskarð	3.500
Eyfirðinga	Kjarnaskógur	14.000
Eyfirðinga	Miðhálsstaðir	1.000
Hafnarfjarðar	Gráhelluhraun	500
Hafnarfjarðar	Undirhlíðar	2.900
Kjósarsýslu	Fossá	8.500
Kópavogs	Fossá	12.070
Reykjavíkur	Heiðmörk	107.080
Reykjavíkur	Öskjuhlíð	12.950
Skagfirðinga	Brekka	4.500
Skagfirðinga	Hólar	5.000
Skagfirðinga	Skógarhlíð	17.000
Íslands	Fjósar	5.000
		234.896

Norðurlandi við ýmis störf. Aðallega vann flokkurinn í Skagafirði og Eyjafirði við lagfæringar á girðingum og gróðursetningu. En þar sem flokkurinn tók jafnframt að sér ýmis verkefni fyrir Skógrækt ríkisins varð ekki unnið eins mikið fyrir félögin og upphaflega hafði verið gert ráð fyrir.

Vinnuflokkurinn var ekki haldið úti á árinu 1976. Þessu olli bæði fjáskortur og vöntun á verkstjórn. En eins og áður er vikið að, biða mörg óleyst verkefni, sem dragast munu á langinn, verði vinnuflokkar ekki teknir upp að nýju.

### UNGLINGAVINNA

Vinna unglunga við skógrækt á árunum 1975 og 1976 var svipuð og næstu ár á undan. Af starfskýrslum félaganna kemur fram að nokkuð á sjötta hundrad unglunga hafi unnið yfir sumartímamann við ýmis störf, aðallega gróðursetningu og umhirðu plantna.

Að mestu leyti fór þessi vinna fram á vegum bæjar- og sveitarfélaga í samvinnu við skógræktarfélögin, auk þess sem nokkur þeirra í samráði við skólayfirvöld notuðu sér heimild í lögum til þess að kveðja unglunga til starfa úr efstu bekkjum grunnskólans. Því miður hefur ekki reynst auðvelt

að nota þessa lagaheimild um landgræðslustörf skólafólks sem skyldi. Þess er þó að vænta að lögin verði endurskoðuð og bætt á þann veg, að skógræktarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem hug hafa á að nota þessa heimild, verði gert auðveldara fyrir með því að sníða annmarkana af lögnum.

### SKIPTIFERÐ OG HEIMSÓKN NORRÆNNA SKÓGRÆKTARMANNA

Skógræktarfélag Íslands efndi, í samvinnu við norska Skógræktarfélagið til skiptiferðar í byrjun ágústmánaðar 1976. Var þetta 10. skiptiferðin í röðinni.

Til Noregs fóru 62 Íslendingar og unnu þeir að skógræktarstörfum í Heiðmerkurfylki í Noregi um hálfsmánaðar tíma. Íslenska hópnur var skipt í þrjá staði þegar til Noregs var komið, Vingelen í Austurdal, Malungen í Romedal og Kilde í Løten. Unnið var aðallega við gróðursetningu og voru gróðursettar um 45.000 trjáplöntur, en auk þess unnið töluvert að grisjun ungskógar.

Fararstjórnar fyrir íslenska hópnur voru þeir Snorri Sigurðsson og Kristinn Skæringsson skógarvörður. Eins og við mátti búast voru móttökur Norðmanna með ágætum og var allt til þess gert að gera íslensku þátttakendum dvölina sem fróðlegasta og eftirminnilegasta.

Hingað til lands kom samtímis jafnstór hópur Norðmanna og dvöldu þeir að þessu sinni á tveim stöðum, á Hvanneyri í Borgarfirði og á Laugarvatni. Norski hópurinn vann að gróðursetningu í landi Laugarvatns og Stóru-Drageyrar í Skorradal. Þrátt fyrir rosatið, nær allan tímann sem Norðmennirnir dvöldu hér, gróðursettu þeir um 60.000 plöntur. Þá var ekki annað að merkja en að þeim hafi líkað vel dvölin hér, þrátt fyrir óbliða veðráttu. Fararstjóri norska skógræktarfélagsins var Nils Olav Kaasen fylkisskógarameistari í Tromsfylki.

Í lok júlímánaðar 1976 kom hingað 43 manna hópur á vegum Norræna Skógræktarsambandsins (Nordisk Skogunion), en í byrjun þess árs ákvað stjórn Skógræktarfélags Íslands að gerast aðili að sambandinu. Sambandið hefur m.a. að markmiði að koma á samvinnu milli Norðurlandanna á sviði skógræktar með því að auka fræðslu og upplýsingaþjónustu um skógræktarmál.

Þar sem heimsókn þessari er lýst á öðrum stað í ritinu, er ekki ástæða til að fjölyrða frekar um hana hér í þessari skýrslu.

## TEKJUR OG GJÖLD 1975 OG 1976

Áður er getið útgjalda skógræktarfélaganna til plöntukaupa, gróðursetningar og umhirðu plantna á árunum 1975 og 1976, en alls vörðu félögin til þessa nærri 6 millj. króna fyrra árið og 8.6 millj. króna seinna árið. Önnur útgjöld voru þessi: Annar skóglendiskostnaður nam kr. 402 þús. króna 1975 og kr. 441 þús. króna 1976. Þá varð ýmislegur félagskostnaður kr. 670 þús. árið 1975, en kr. 485 þús. árið 1976. Afborganir af lánunum o.fl. varð um 1.1 millj. kr. árið 1975, en rösklega 2.1 millj. kr. árið á eftir.

Gjöld urðu því samtals tæpar 7.9 millj. kr. 1975, en röska 10 millj. kr. árið 1976.

Tekjur félaganna voru helstar þessar. Ríkisstyrkur til félaganna var á árinu 1975 2 millj. kr. og hækkaði ekkert frá árinu á undan. Hinsvegar hækkaði ríkisstyrkurinn 1976, úr 2 millj. kr. í 3.8 millj. kr. Sýslustyrkir hækkuðu um kr. 200 þús. á árinu 1975 og aðeins um 50 þús. kr. árið á eftir og voru þá alls kr. 835 þús. Hinsvegar hækkuðu sveitarfélagsstyrkir allverulega milli áruna 1975 og 1976, eða úr rösklega 1.5 millj. kr. í 2.3 millj. kr. Þessar tölur gefa til kynna, hvað reynslan raunar sýnir, að möguleikar féлага í dreifbýlinu til fjáröflunar er miklu minni en þeirra féлага, sem starfa í þéttbýli. Að vísu eru nokkrar undantekningar frá reglunni. Gjafir, beinar og óbeinar s.s. vinnuframlög námu á árinu 1975 tæpum 500 þús. kr., en röska 1.2 millj. kr. 1976. Aðrar tekjur, hlunnindi ýmiskonar, seldar plöntur, vaxtatekjur o.fl. námu á árinu 1975 röskum 2 millj. kr., en seinna árið röskum 3.6 millj. kr. Af framangreindu má ráða að árið 1975 stóðust tekjur og gjöld nokkurn veginn á, en 1976 reyndist vera nokkur tekjuafgangur, eða tæpar 1.7 millj. kr.

Áður var þess getið að ekki hafa borist skýrslur og reikningar frá öllum skógræktarfélagunum. Það yfirlit um störf og fjárhag þeirra, sem hér hefur verið gefið er því ekki tæmandi. Þá eru heldur ekki teknir með í þetta yfirlit reikningar Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Reykjavíkur.

## ÝMISLEGT

Frá leiðbeiningastarfsemi meðal félaganna fyrrgreind ár má segja að hún var með líku sniði og árin á undan. Reynt var að heimsækja eins mörg félög og frekast var unnt, en því miður varð undirbúningur að heimsókn norrænna skógræktar-

manna og skiptiferð skógræktarfólks til þess að lítil tími gafst til að sinna leiðbeiningastörfum á sumrinu 1976.

Á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands og stjórnarfundum aðildarféлага hefur oft verið á það bent, að ein af forsendunum fyrir öflugu félagsstarfi væri öflun nýrra féлага. Nokkur félög hafa ekki látið sitja við orðin tóm heldur unnið markvisst að því að fá fleiri inn í félagsstarfið. Sum þeirra hafa sent út dreifibréf, þar sem fólk er hvatt til að gerast félagar og til aukins starfs í skóg- og trjárækt.

Þá var sú nýbreytni tekin upp hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar á árinu 1975 að efna til sýnikennslu fyrir almenning um ýmsa þætti skóg- og trjáræktar s.s. uppeldi, meðferð og gróðursetningu trjáplantna. Árið eftir fylgdi svo Skógræktarfélag Reykjavíkur fordæmi Hafnfirðinga, og er ætlunin að sýnikennslan verði fastur þáttur í fræðslustarfsemi beggja þessara féлага. Það er skemmst frá því að segja, að sýnikennslunni var afar vel tekið hjá almenningi og sóttu hana fleiri hundruð manns. Væri ástæða til að fleiri skógræktarfélög tækju upp svipaða kynningu, þar sem ástæður leyfðu.

Þessi viðleitni til öflunar nýrra félagsmanna hefur sumstaðar borið allgóðan árangur. Hinsvegar hafa önnur félög dregist afturív hvað þetta varðar og hafa þau því ekki sömu orku og áður. Á hinn bóginn er auðsætt, að öflugt félagsstarf byggist ekki eingöngu á hárrí félagatölu, heldur öllu fremur á félagsforustunni, og samvinnu félagsstjórnarmanna, en í alltof mörgum tilvikum hvíla forustuverkin á sömu mönnum á eftir ár. Á þessu þyrfti að verða breyting, þannig að þungi félagsstarfsins hvíldi ekki að staðaldri á sömu mönnum. Skipting verkefna innan félagsstjórna gæti t.d. hugsanlega orðið á þann hátt að um hana næðist samkomulag innan stjórnar, eða að breytt yrði lögum félaganna í þá átt, að stjórnarmenn skiptust á verkum á eins eða tveggja ára fresti.

Þá væri ástæða til, að þau félög, sem enn búa við deildarskipulagið, taki það til endurskoðunar. Komið hefur í ljós að það fyrirkomulag hefur sumstaðar gengið sér til húðar og hentar ekki lengur. Þar sem félagsdeildir hafa lagst niður væri hinsvegar e.t.v. ástæða til að félagsstjórnirnar skipuðu fulltrúa eða trúnaðarmenn á félagssvæðinu til þess að halda uppi virku sambandi við almenning.

Benda mátti á sitthvað fleira í sambandi við hin félagslegu vandamál, en hér verður látið staðar numið. En þeim, sem draga vilja úr gildi skóg-



ræktarfélagsskaparins fyrir skógræktina í landinu, má benda á, að án áhugamannastarfsins væru skógræktarmálin skemmra á veg komin en raun ber vitni. Því verður að hafa í fyrirrúmi að skógræktarfélagunum verði sköpuð þau skilyrði, bæði félagsleg og fjárhagsleg, að þau geti eflst og starfað á sem eðlilegastan hátt.

## Fjölgið félagsmönnum

Stjórnnum héraðsfélaga er hér með bent á, að Skógræktarfélag Skagfirðinga hefur aukið tölu félagsmanna frá árinu 1974 til 1976 úr 390 í 828. Tala félagsmanna hefur meira en tvöfaldast. Væri ekki ástæða að fylgja góðu fordæmi.

## Þiljur úr íslensku lerkí

Kaupfélag Héraðsbúa á Egilsstöðum lét klæða vegg í fundarsal félagsins með íslenskum lerkiviði úr Hallormsstaðaskógi. Mynd af þessu fylgir auglýsingunni frá Kaupfélaginu aftar í ritinu.

## Ríkisstyrkur til skógræktarféлага 1975 og 1976

Skógr.fél.	Árnesinga	kr.	1975	1976
- Austurlands .....	-	16.000	20.000	
- A.-Húnavetninga .....	-	63.000	130.000	
- A.-Skaftfellinga .....	-	25.000	40.000	
- Bolungarvíkur .....	-	24.000	45.000	
- Borgfirðinga .....	-	115.000	220.000	
- Björk .....	-	10.000	20.000	
- Dalasýslu .....	-	27.000	50.000	
- Eyfirðinga .....	-	115.000	270.000	
- Hafnarfjarðar .....	-	110.000	260.000	
- Heiðsynninga .....	-	20.000	70.000	
- Ísafjarðar .....	-	35.000	30.000	
- Kjósarsýslu .....	-	60.000	135.000	
- Kópavogs .....	-	100.000	300.000	
- Mýrdælinga .....	-	30.000	60.000	
- Neskaupstaðar .....	-	25.000	60.000	
- N.-Þingeyinga .....	-	23.000	70.000	
- Ólafsvíkur .....	-		80.000	
- Rangæinga .....	-	60.000	60.000	
- Reykjavíkur .....	-	125.000	350.000	
- Seyðisfjarðar .....	-	10.000	20.000	
- Siglufjarðar .....	-	20.000	70.000	
- Skagfirðinga .....	-	120.000	250.000	
- Stykkishólms .....	-	44.000	50.000	
- Strandasýslu .....	-	10.000	20.000	
- Suðurnesja .....	-	10.000	20.000	
- Súgfirðinga .....	-		10.000	
- S-Þingeyinga .....	-	115.000	165.000	
- V.-Barðstrendinga .....	-	25.000	40.000	
- V.-Húnavetninga .....	-	10.000	20.000	
- V.-Ísfirðinga .....	-	23.000	25.000	
- Íslands ....		520.000	500.000	
			<hr/>	
			Alls kr. 2.000.000 3.800.000	

# Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1975

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn að Bifröst í Borgarfirði dagana 22.-24. ágúst.

Dagskrá fundar var þessi:

FÖSTUDAGUR 22. ágúst:

- kl. 10.00 Fundur settur. Form. félagsins ávarpar fundarmenn.  
Yfirlit um skógræktarmál. Hákon Bjarnason.  
Skýrsla framkv.stj.: Snorri Sigurðsson.  
Skýrsla gjaldkera: Kristinn Skæringsson.  
Kosið í nefndir og lagðar fram tillögur.
- kl. 12.00 Hádegisverður.
- kl. 13.00 Skýrslur félagsstjórna.  
Erindi: Snorri Sigurðsson.  
Umræður.
- kl. 15.30 Kaffihlé.
- kl. 16.00 Skoðunarferð í jafnaskarðsskóg.

LAUGARDAGUR 23. ágúst:

- kl. 9.00 Framhald fundar. Umræður.
- kl. 12.00 Hádegisverður.
- kl. 14.00 Skoðunarferð í Skorradal og Borgarnes.
- kl. 15.30 Hressing í boði Sýslunefnda Mýra- og Borgarfjarðarsýslna.
- kl. 19.00 Kvöldverður.
- kl. 20.00 Kvöldvaka.

SUNNUDAGUR 24. ágúst:

- kl. 10.00 Framhald fundar. Afgreiðsla tillagna og stjórnarkjör.  
Fundarslit.

FULLTRÚAR Á AÐALFUNDI:

- Skógræktarfélag Árnesinga, Sigurður I. Sigurðsson,  
Arnfríður Jónsdóttir, Ólafur Jónsson, Þormundur  
Guðmundsson og Vilborg Jónsdóttir.
- Austurlands. Sigurður Blöndal.
  - A.-Skaftfellinga: Einar Hálfánarson.

- Borgfirðinga. Þórdís Ásmundsdóttir, Guðleif  
Andrésdóttir, Ragnar Olgeirsson og Þórunn  
Eiríksdóttir.
- Dalasýslu. Gísli Þorsteinsson og Guðmundur  
Kristjánsson.
- Eyfirðinga. Brynjar Skarphéðinsson, Ingibjörg  
Sveinsdóttir, Herdís Pálsdóttir, Gestur Ólafsson og  
Ármann Dalmannsson.
- Hafnarfjarðar. Helgi Jónsson og Ólafur Jónsson.
- Heiðsynninga: Þórður Gíslason.
- Kópavogs. Sigurður Helgason, Andrés Kristjánsson,  
Leó Guðlaugsson, Friðrik Pétursson, Guðm. Örn  
Árnason, Jón Páll Ágústsson, Sólveig Runólfssdóttir  
og Þorgerður Kolbeinsdóttir.
- Kjósarsýslu. Ólafur Á. Ólafsson,
- Ólafsvíkur. Stefán Þorsteinsson.
- Rangæinga: Pálmi Eyjólfsson.
- Reykjavíkur. Guðmundur Marteinson, Kjartan  
Sveinsson, Lárus Blöndal Guðmundsson, Ragnar  
Jónsson, Björn Ófeigsson, Jón Birgir Jónsson,  
Christian Zimsen, Hafliði Jónsson, Vilhjálmur  
Sigtryggsson, Ólafur Sæmundsen, Reynir  
Sveinsson.
- Stykkishólms: Sigurður Ágústsson.
- Suðurnesja: Halldóra Thorlacius.
- S-Þingeyinga: Hjörtur Tryggvason, Tryggvi  
Sigtryggsson, Hólmfríður Pétursdóttir.
- V.-Barðstrendinga: Helga Jónsdóttir.
- V.-Húnavtinga: Gunnþór Guðmundsson.
- Íslands: Jónas Jónsson, Oddur Andrésson, Bjarni  
Helgason, Ólafur Vilhjálmsson, Kristinn  
Skæringsson, Hulda Valtýsdóttir, Þórarinn  
Þórarinnsson og Snorri Sigurðsson.

Gestir fundarins: Hákon Bjarnason, Guðrún Bjarnason,  
Gunnlaugur E. Briem, Þóra Briem, Halldór E. Sigurðsson,  
Margrét Gísladóttir, Sveinbjörn Dagfinnsson, Pálína  
Hermannsdóttir, María

Benedíksz, Kristín Gestsdóttir, Haukur Ragnarsson, Ásdís Alexandersdóttir, Baldur Þorsteinsson, Jóhanna Friðriksdóttir, Sigurlaug Sveinsdóttir, Gunnar Finnbogason, Daníel Kristjánsson.

Fundurinn var settur kl. 10.00 á föstudag af formanni félagsins, Jónasi Jónssyni, ritstjóra, sem jafnframt flutti ávarp og yfirlit yfir störf stjórnar Skógræktarfélags Íslands. Landbúnaðarráðherra, Halldór E. Sigurðsson ávarpaði fundinn og þakkaði áhugafólki um skógrækt fyrir þau mikilvægu störf, sem það vinnur til eflingar skógræktar og landgræðslu í landinu.

Hann minntist sérstaklega starfa Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, sem nú væri búinn að gegna því starfi í 40 ár af mikilli eljusemi og áhuga.

Snorri Sigurðsson flutti skýrslu um störf héraðs-skógræktarfélaganna á liðnu ári. Ræddi hann um lönd þau, er fengist hefðu til skógræktar á árinu, og um friðun þeirra, þ.á.m. þriggja fyrirhugaðra útivistarsvæða, sem skógræktarfélög stæðu að friðun og endurgæðslu á, ásamt bæjarfélögum.

Fram kom, að á vegum félaganna hefðu verið gróðursettar yfir 350 þúsund trjáplöntur á árinu 1974, sem reyndist minna en áætlað var. Í því sambandi drap Snorri á sjálfbóðaliðsvinnuna, sem hefði verið með minnsta móti á árinu. Það væri liðin tíð að ætlast til mikillar vinnu sjálfbóðaliða við skógræktarstörf. Félögin yrðu því að leggja meiri áherslu á öflun starfsfjár en áður. Alls hefðu félögin varið til skógræktarstarfsins um 20 millj. króna á árinu 1974, og væri þá framlag Skógræktarfélags Íslands og unglingavinna meðtalin.

Fjárhagur félaganna er misjafn og tekjuöflun flestra ótrygg, enda væru fastir tekjustofnar fáir. Af þessu leiddi, að erfitt væri fyrir félögin að gera starfsáætlanir fram í tímann. Því væri nauðsynlegt að treysta fjárhag félaganna, ásamt því að efla leiðbeiningaþjónustu.

Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri, flutti yfirlit um skógræktarmál í landinu, og lýsti m. a. framkvæmd á skógræktarþætti Landgræðsluáætlunar, sem samþykkt var á Alþingi 28. júlí 1974. Kom þar fram, að m.a. verður byggð ný gróðrarstöð á Mógilsá á Kjalarnesi, þar sem beitt verður nýjustu aðferðum við plöntuuppeldi. Að öðru leyti verður höfuðáhersla lögð á friðun nýrra landa til skógræktar og útivistar. Þá gat skógræktarstjóri þess, að unnið væri að skýrslugerð um skógræktarmöguleika og árangur skógræktar í landinu. Á þessari skýrslu yrði síðan byggð áætlun um skógrækt í framtíðinni.

Kristinn Skæringsson, gjaldkeri félagsins, gerði grein fyrir reikningum félagsins. Auk þessa gáfu formenn eða fulltrúar aðildarfélaganna skýrslur um störf þeirra.

Síðar á fundinum flutti Snorri Sigurðsson erindi um plöntuframleiðslu og gæðamat skógarplantna. Út frá því spunnust umræður um aðferðir við plöntuuppeldi.

Á föstudag var farin skoðunarferð í Jafnaskarðsskóg undir leiðsögn Daníels Kristjánssonar, skógarvarðar. Á laugardag var skógrækt í Skorradal skoðuð, þar sem Ágúst Árnason, skógarvörður leiðbeindi. Á báðum þessum svæðum hefur náðst mjög góður árangur af plöntun barrtrjáa síðastliðin 20-25 ár. Úr Skorradal var farið til Borgarness og þegið kaffi í boði sýslunefnda Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Skógræktarfélags Borgarfjarðar.

Um kvöldið stóð Skógræktarfélag Borgarfjarðar fyrir kvöldvöku með fjölbreyttri dagskrá.

Fundurinn kaus Daníel Kristjánsson, skógarvörð á Hreðavatni heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands í viðurkenningarskyni fyrir nær 40 ára störf að skógræktarmálum. Þá var Benedikt Guðlaugssyni, garðyrkjubónda í Víðigerði veitt viðurkenning fyrir störf við skógrækt og garðyrkju.

Á sunnudag voru mál afgreidd og samþykkt fundurinn 18 tillögur og ályktanir um skógræktarmál og skyld efni (sjá tillögur).

Að lokum var stjórnarkosning. Úr stjórn áttu að ganga Bjarni Helgason og Jónas Jónsson, og voru þeir báðir endurkjörnir. Í varastjórn voru þau endurkjörin, Andrés Kristjánsson og Hulda Valtýsdóttir.

*Tillögur bornar fram á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands að Bifröst í Borgarfirði dagana 22.-24. ágúst 1975.*

*Fjárhagsnefnd: frams.m. Björn Ófeigsson.*

1. Fundurinn fer þess á leit við stjórnvöld, að felldur verði niður söluskattur á reykingaviði úr skógum landsins, sem notaður er til að framleiða útflutningsvörur. Fundurinn telur óeðlilegt, að innfluttir viðarspænil til sams konar framleiðslu séu lágt tollaðir. Þessir tóku til máls um tillöguna: Baldur Þorsteinsson, Jónas Jónsson, Hákon Bjarnason og Guðmundur Örn Árnason. Tillagan samþykkt samhljóða.
2. Fundurinn beinir því til stjórnarinnar að ávaxta stofnfé sérsjóða, sem hún hefur í vörslu

sinni í verðtryggð ríkisskuldabréf, svo sem kostur er og stofnskrár leyfa, til þess að varðveita verðgildi þeirra. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Fundurinn beinir því til stjórnar félagsins, að hún kanni leiðir til að tryggja héraðsskógræktarfélagunum öruggan tekjustofn, sem renni óskiptur til skógræktar. Benda má á þá leið, að sveitarfélögin veiti vissan hundradshluta af skattskyldum tekjum. Samþykkt samhljóða.

*Félagsmálanefnd: frams.m. Sigurður I. Sigurðsson.*

1. Tillaga frá fundinum: Jafnframt því að meta og þakka skógarvörðum góða aðstoð við hin einstöku skógræktarfélag, allt frá upphafi félagslegs samstarfs um skógrækt, vill aðalfundur Skógræktarfélags Íslands ítreka óskir fyrri aðalfunda um aukid samstarf milli félaganna og Skógræktar ríkisins. Samþykkt samhljóða.
2. Tillaga frá stjórn Skógræktarfélags Íslands til aðalfundar 1975. Vegna endurtekinna umkvartana á afgreiðslu plöntusendinga beinir fundurinn þeim eindregnu óskum til réttara aðila, að betur verði fylgst með sendingum til félaganna með því m.a., að tilkynnt sé strax, hvenær plöntusending hefur verið afgreidd og síðan verði fylgst með, hvað um plönturnar verður. Viðbórtillaga: Enda sendi félögin plöntupantanir í tæka tíð. Samþykkt samhljóða.
3. Fundurinn þakkar Skógræktarfélagi Borgarfjarðar og öðrum félagasamtökum, sem stuðlað hafa að fegrun og trjárækt við heimili manna, og hvetur önnur skógræktarfélag til að taka upp slíka starfsemi. Samþykkt samhljóða.
4. Fundurinn lýsir ánægju sinni með ný lög um landgræðsludaga skólafólks og beinir því til stjórnar félagsins og einstakra félaga víðsvegar um landið, að stuðla af fremsta megni að því, að hlutur skógræktar verði mikill í því starfi. Væri æskilegt, að félögin ættu aðild að framkvæmd málsins, hvert á sínum stað og styddu skólana við hana með leiðbeiningum, verkefnavali, plöntuútvægum og verkstjórn. Jafnframt beinir fundurinn þeim eindregnu óskum til Menntamálaráðuneytisins, sem samkvæmt lögum þessum er falin yfirumsjón með starfinu, að hraða sem frekast er unnt að þessi lög komist í framkvæmd. Samþykkt samhljóða.

5. Fundurinn beinir því til stjórnar félagsins og Skógræktar ríkisins að leita leiða til þess að auka leiðsögn og fræðslu meðal sumarferðafólks um helstu skóga landsins og árangur skógræktarinnar á síðustu áratugum.
6. Fundurinn beinir þeim tilmælum til stjórnar félagsins og Skógræktar ríkisins að kannað verði, hvort ekki væri hægt að gefa út ársfjórðungslega fjölritaðar leiðbeiningar og hvatningabréf til félagsmanna skógræktarfélaga, hliðstætt „Skóginum“, sem Skógræktarfélag Reykjavíkur gefur út. Samþykkt samhljóða.
7. Aðalfundur Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga, haldinn að Húsavík 9. júlí, 1975 beinir þeim tilmælum til Skógræktarfélags Íslands að aðalstöðvar þess verði fluttar frá Reykjavík til staðar, sem er í nánari tengslum við helstu skóglendi landsins. Félagsmálanefnd leggur til, að tillögunni verði vísað til stjórnar félagsins, með þeim tilmælum fundarins, að hún kanni eða láti kanna forsendur þessa máls og leggi greinargerð um það og tengsl Skógræktar ríkisins og áhugamannastarfsins í skógrækt í framtíðinni fyrir næsta aðalfund. Samþykkt.

